



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. september 2006 – 256. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR

### Heimspæki Suzuki

Haukur F. Hannesson var kjörinn formaður Evrópsku Suzuki-samtakanna á dögnum. Hann segir veg Suzuki-tónlistarkennslu fara vaxandi.



TÍMAMÓT 22

### Nýtt tímarit um mat

Fríðrika Geirsdóttir og Nanna Rögnvaldardóttir ætla að leiða lesendur í allan sannleika um hvers kyns góðmeti í tímaritinu Bistró.



FÓLK 38

### NFS (2005–2006)

„Líklega var NFS bara tíu árum of snemma á ferð. Þar til þá verður Nýja fréttastofan Næsta fréttastöðin,“ segir Hallgrímur Helgason.

Í DAG 20


### Sigbór stendur undir nafni

Knattspyrnumaðurinn Sigbór Júlíusson hefur átt ótrúlegri velgengni að fagna í sumar og hefur aðeins tapað einum leik.



ÍPRÓTTIR 32

### VEÐRIÐ Í DAG



**BJART NYRÐRA** Í dag verður hæg austlæg átt en þó strekkingur allra syðst. Yfirleitt léttskýjað norðan til, annars bjart með köflum og yfirleitt þurr. Hiti 5-14 stig að deginum, hlýjast suðvestan til.

VEÐUR 4



## Náttúruvernd og nýting náttúruauðlinda

Opinn morgunfundur Samtaka iðnaðarins fimmtudaginn 5. október á Hótel Nordica.

Sjá nánar dagskrá á [www.si.is](http://www.si.is)



Samtök iðnaðarins

# Sprautufíklar hafa beðið í fjóra mánuði eftir meðferð

Biðtími sprautufíkla eftir meðferð á Vogu hefur lengst jafnt og þétt á þessu ári. Biðtíminn er lífshættulegur, segir Þórarinn Tyrfingsson. Móðir 21 árs gamals sprautufíkils gagnrýnir aðgerðaleyfi stjórnvalda.


**VÍMUEFNI** Sprautufíklar hafa þurft að bíða í allt að fjóra mánuði eftir því að komast í meðferð á Vogu á þessu ári. Þetta staðfestir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogu.

Hann segir starfsmenn á Vogu ekki hafa getað annað eftirspurn það sem af er ári. „Fólk sem er mjög veikt vegna neyslu hefur þurft að bíða eftir innlögnum töluvert lengi á þessu ári. Ég veit um dæmi þess að fíklar hafi beðið í fjóra mánuði eftir því að komast í meðferð. Sú bið er lífshættuleg fyrir langt leidda neytendur. Það gefur auga leið,“ sagði Þórarinn og nefndi jafnframt að stór kjarni sprautufíkla væri á höfuðborgarsvæðinu. „Við teljum

að sprautufíklar á höfuðborgarsvæðinu séu um 500. Kostnaður vegna þessa hóps er gríðarlega hár, þar sem hann tengist lögbrotum, fíkniefnasölu og ýmsum öðrum málum sem koma inn á borð lögreglu. Það á að vera forgangsverkefni að taka á vanda sprautufíkla, því þannig er hægt að lækka samfélagslegan kostnað og minnka álag á heilbrigðisstofnanir.“

Fanney Edda Pétursdóttir, móðir 21 árs gamals sprautufíkils, segir biðina eftir meðferðarplássi erfiða. „Það er fullkomlega óviðunandi staða að fólk sem er við dauðans dyr þurfi að bíða eftir því vikum og mánuðum saman, í stöðugri lífs-

### EINSTAKLINGAR Á VOGI SEM HAFU SPRAUTAÐ SIG



Heimild: SÁÁ

hættu, að fá að finna fyrir vilja hjá heilbrigðisstarfsfólki til þess að

taka á þeim sjúkdómi sem sonur minn er haldinn. Hann er nú á sinni dauðagöngu.“

Fyrstu sprautufíklatilfellin komu upp hér á landi árið 1983 eftir að amfetamín fór að berast til landsins frá Hollandi. Frá því árið 1991 til og með 2005 höfðu 1.520 leitað á Vog vegna sprautufíklar. Samtals innrituðu þeir sig 7.324 sinnum.

Þórarinn segir þessar tölur sýna hversu þrálátur sjúkdómur af þessu tagi getur verið. „Sprautufíklar koma oftast en ekki margsinns í meðferð og eiga í erfiðleikum með að fóta sig eftir því sem á neyslutímum líður.“

- mh



**ÖRUGGUR EVRÓPUSIGUR** Lið Evrópu vann öruggan sigur í Ryder-keppninni í golfi sem lauk á Írlandi í gær. Þetta er í þriðja sinn í röð sem Evrópa ber sigurorð af Bandaríkjunum í baráttunni um Ryder-bikarinn og í fimmta sinn í síðustu sex keppnum. Góður liðsandi einkennði Evrópulíðið og á myndinni má sjá Darren Clarke sprauta kampavíni yfir kylfusvein sinn. Sjá síðu 35

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**EVO MORALES** Forsetinn útlístaði kosti kókalaufa fyrir allsherjarþinginu.

Forseti Bólvívu:

## Smyglaði inn kókalaufum

**SAMEINUBU ÞJÓÐIRNAR** Evo Morales, forseti Bólvívu, ávarpaði allsherjarþingið í síðustu viku og mótmælti harðlega framgangi „stríðsins gegn vímuefnum“ og hélt við það tækifæri á lofti kókalaufi, sem hann hafði komið með frá heimalandi sínu.

Morales segir ótækt að bandarískir hermenn heyri stríð við bændurna sem rækti laufin. Ólöglegt er að flytja kókalauf til Bandaríkjanna en forsetinn var samt ekki kærður.

- kóp

Stúlkurnar í söngsveitinni Nylon hittu Brian May, gítarleikara Queen:

## Nylon í efsta sæti í Bretlandi

**MENNING** „Þetta var algjör draumur. Queen hefur alltaf verið uppáhaldshljómsveitin mín. Ég er ennþá að jafna mig,“ sagði Steinunn Camilla, meðlimur stúlknaahljómsveitarinnar Nylon, um hrós Brian May, sem kunnastur er fyrir gítarleik sinn með hljómsveitinni Queen.

Gítarleikarinn fór fögrum orðum um frammistöðu íslensku stúlknaahljómsveitarinnar og sagði meðal annars að þær hefðu staðið sig eins og sannar drottningar eða „queens“ eins og virðingartilinn útleiggst á ensku. Hann gaf þeim því næst vel valin



**DROTTNINGARNAR** Gítarleikari hljómsveitarinnar Queen sagði stúlkurnar í Nylon standa sig eins og sannar drottningar.

råd um tónlistarbransann áður en hann kvaddi.

Leiðir þessara tónlistarmanna lágu sama á föstudag þegar Brian tók gamla Queen-slagarann Don't Stop Me Now með hljómsveitinni McFly en Nylon er á tónleikaferðalagi með meðlimum hennar. Stúlkurnar eru nú í fyrsta sæti á breskum vinsældalista, fyrir lagið Sweet Dreams sem hljómsveitin Eurythmics sló í gegn með áður. Einar Bárðarson, umboðsmaður sveitarinnar, segir að óhætt sé að segja að breska þjóðin hafi tekið stúlkunum opnum örmum. Allt gangi framar björtustu vonum.

- kdk



## Drögum á morgun

Verður þú einn af 30 nýjum milljónamæringum?

Áttu miða?



HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS  
vænlegast til vinnings



Þórólfur, verðurðu á tveimur eða fjórum hjólum í vikunni?

„Ég verð á tveimur jafnhjólum og á hjólum í kringum konuna.“

Þórólfur Árason, forstjóri Skýrr og fyrverandi borgarstjóri, fer til skiptis á hjóli og bíl til vinnu. Evrópsku samgönguvikunni lauk nú um helgina.

Möguleg samvinna Íslands og Noregs verður að engu vilji Norðmenn herþylur:

## Óvíst hvort af samvinnu verði

**ÞYRLUR** Óvíst er hvort verði af samvinnu Íslands og Noregs í kaupum á björgunarþylrum. Láti Norðmenn hernaðarleg sjónarmið ráða í vali á þylrutegund verður samvinnan að engu. Fyrirhugað er að þjóðirnar ræði saman um sameiginlegt útboð á þylrum til íslensku Landhelgisgæslunnar og norsku strandgæslunnar.

„Enn er ekkert útilokað í þessu máli,“ segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. „Innan norska stjórnkerfisins takast á ólík sjónarmið, það hvort eigi að kaupa hergerð af þylrum eða borgaralega gerð. Ef Norðmenn láta hernaðarleg sjónarmið ráða, skilja leiðir á milli þeirra og okkar við val á þylrum.“

Norska dómsmálaráðuneytið birti skýrslu um þessi mál í júlí seinastliðnum. Björn segir að síðan þá hafi verið skipst á upplýsingum um málið milli Íslendinga og Norðmanna og enn sé ekkert útilokað í þessu máli.



**ÞYRLA LANDEGGIGÆSLUNNAR TF-SIF** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir enn ekkert útilokað í samvinnuárum Íslendinga og Norðmanna. Vilji Norðmenn herþylur verði þó ekkert úr samvinnu milli þjóðanna í þylrukaupum.

„Þetta mál er ekki enn komið inn á okkar borð. Það liggur ekki fyrir um hvernig að þessu verður staðið,“ segir Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa. - sps

Mannekla á leikskólum:

## Þarf að skoða fleira en launin

**LEIKSKÓLAMÁL** Mönnunarvandi á leikskólum í Reykjavík var meðal þess sem rætt var á fundi leikskólaráðs fyrir helgi. Um helgina vantaði enn 38 starfsmenn á leikskóla í Reykjavík, sem var svipaður fjöldi og fyrir viku síðan.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, segir að skoða þurfi fleira en launin til að leysa mönnunarvanda og tekur sem dæmi fjölda barna á hvern starfsmann.

Á fundinum var einnig ákveðið að veita sex leikskólum hvatning-arverðlaun árlaga og er markmiðið með verðlaunum að vekja athygli á því sem vel er gert. - hs



Á LANGJÖKLI Jón Kristleifsson við flugvélinu uppi á Langjökli.

Feðgar á flugi:

## Jeppaflugvél á Langjökli

**FLUGMÁL** Feðgarnir Jón Kristleifsson og Þorsteinn Jónsson eru stoltir eigendur sérútbúinnar „jeppaflugvélar“. Vélin er af gerðinni Super Cub frá um 1940 en á hana hafa verið sett þrjátíu og einnar tommu dekk sem eru sérútbúin fyrir erfiðar aðstæður í Alaska.

Jón segir þetta stærstu dekk sem sett hafa verið undir svo litla flugvél hér á landi. Með þessu móti sé hægt að lenda á grófum flugbrautum og sandfjörum með auðveldu móti eða uppi á jöklum. Myndin að ofan er tekin uppi á Langjökli en daginn áður lentu þeir uppi á Eiríksjökli. - kdk

## Lögrelan í Kaupmannahöfn: Fjöldahandtaka mótmælenda

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Mótmæli í Kaupmannahöfn fóru úr böndunum í gær. Flöskum, grjóti og eggjum var fleygt að lögreglunni, að sögn talsmanns hennar. 220 mótmælendur voru handteknir. Fólk, sem var í yngri kantinum að sögn lögreglu, vildi mótmæla sölu húss, sem hústökufólk hafði fengið leyfi til að búa í frá borgaryfirvöldum árið 1982. Húsið var selt kristilegum samtökum fyrir fimm árum og hafa þau síðan unnið að því að fá hústökufólkið borið út. - kdk

# Hryðjuverkahætta jókst við Íraksstríð

Stríðið hefur kynt undir öfgahyggju múslima og andúð þeirra á Vesturlöndum. Þetta er niðurstaða bandarískra leyniþjónustna og gengur þvert á staðhæfingar George W. Bush, sem hefur kallað Íraksstríðið „stríð gegn hryðjuverkum“.

**WASHINGTON, AP** Innrásin í Írak hefur ekki gert heiminn öruggari og dregið úr hættu af hryðjuverkum. Þvert á móti er beint samhengi milli stríðsins og aukinnar hryðjuverkaágnar í heiminum. Þetta kemur fram í nýrri leyniskýrslu, sem byggir á mati sextán leyniþjónustustofnana bandaríska ríkisins. Niðurstaða skýrslunnar er í hröplegri mót-sögn við staðhæfingar George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem hefur gjarnan líkt Íraksstríðinu við „víglínuna“ í stríðinu gegn hryðjuverkum.

Sagt er í skýrslunni að ný kynslóð hryðjuverkamanna, sem tengist hvorki Osama bin Laden né al-Kaída hryðjuverkaneti hans, hafi sprottið upp vegna stríðsins. Þetta er samhljóða opinberri skýrslu leyniþjónustunefndar Bandaríska þingsins, sem var gefin út á miðvikudaginn. Í henni segir að í stað fámennrar klíku Osama bin Laden séu nú til fjölmargar hreyfingar, sem oft eigi lítt sameiginlegt annað en andúð á Vesturlöndum fyrir að ráðast inn í Írak og vegna stefnu þeirra í mál-efnum Mið-Austurlanda.

New York Times greindi frá leyniskýrslunni í gær og segir að hún styðji við enn aðra skýrslu sama eðlis, en sú var gerð opinber tveimur mánuðum fyrir innrásina í Írak. Í þeirri skýrslu var varað við því að stríðið gæti hlaðið undir „pólítíska íslamstrú“ víðs vegar um heiminn og aukið stuðning við hryðjuverk.

Á fimm ára ártíð ársárinna á Tvíburaturnana, 11. september



**ENDURKOMU SADDAMS KRAFIST** Síðastliðinn föstudag voru mótmæli í Tikrit þar sem 3.000 stuðningsmenn Saddams Hussein komu saman. Írakar hafa ekki reynst jafn hrifnir af hernáminu og lýðræðisumbótum eins og sum vestræn stjórnvöld höfðu gert ráð fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

síðastliðinn, sendi Hvíta húsið frá sér skjöl sem lýstu árangri Bush-stjórnarinnar í baráttu hennar við al-Kaída. Í þeim segir meðal annars: „Eftir árásirnar hinn 11. september eru Bandaríkin og bandamenn þeirra öruggari, en ekki enn örugg með öllu.“ Einnig má skilja á skjölunum að mikið hafi verið

gert til að grafa undan trú manna á lögmæti hryðjuverka.

Blair Jones, talsmaður Hvíta hússins, vildi ekki ræða skýrsluna, en sagði í viðtali við Associated Press að sú mynd sem nú væri dregin upp af henni væri ekki einkennandi fyrir skjalið í heild sinni. klemens@frettabladid.is

Féll af hesti:

## Þyrla sótti slasaða konu

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti laust eftir hádegi í gær konu sem slasast hafði rétt við Hvolsvöll og flutti hana á Landspítala í Fossvogi. Konan hafði fallið af hesti þegar hún var í reiðtúr ásamt fjölskyldu sinni og missti við það meðvitund.

Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli komst hún aftur til meðvitundar áður en þyrlan kom á staðinn. Vakthafandi lækni á gjörgæsludeild í Fossvogi sagði í gær að ekki væri enn vítað hversu alvarlegir áverkar hennar væru. - kdk

Byssumenn í Hafnarfirði:

## Skotið úr riffli nálægt manni

**LÖGREGLUMÁL** Skotið var af riffli nálægt manni við Öbrynnishóla við Hafnarfjörð í fyrirkvöld. Meðferðferð skotvopna þar er með öllu bönnuð en lögreglan í Hafnarfirði segir að nokkuð hafi borið á því að menn séu með byssur þar. Svæðið er gamalt skotsvæði.

Í fréttum NFS í gær var greint frá því að maðurinn hefði furðað sig á litlum viðbrögðum lögreglu við tilkynningunni en lögreglan segir tilkynninguna hafa verið öllu högværari en fréttaflutning af henni. Guðmundur Sophusson, sýslumaður í Hafnarfirði, segir að málið verði kannað gaumgæfilega og gripíð til aðgerða svo stemma megi stigu við meðferð skotvopna á svæðinu. - kdk

## LÖGREGLUFRÉTT

### Svíar í sjálfheldu

Tveir Svíar lentu í sjálfheldu á Ingólfsfjalli í gærkvöldi. Sænskt par sem var með í för náði að kalla á hjálp og var björgunarsveitin í Árborg kölluð til aðstoðar. Svíarnir sluppu ómeiddir.

Upplýsingafulltrúi Umferðarstofu segir átak gegn hraðakstri hafa borið árangur:

## Dregur ályktanir lögreglu í efa

**UMFERÐARMÁL** Hæpið er að tala um að umferðarátakið Nú segjum við Stopp sé ekki að skila sér til öku-manna þótt fleiri séu nú stöðvaðir fyrir hraðakstur en áður. Þetta segir Einar Magnús Magnússon, upplýsinga-fulltrúi



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

Umferðarstofu, um ályktanir lögreglu um að átakið sé ekki að skila sér til ökumanna. Einar Magnús telur að ekki þurfi að þýða að hraðakstur hafi aukist þó fleiri séu teknir. Ekki sé hægt að leggja dóm á alla ökumenn þó að einhverjir einstaklingar hafi ekki

látíð segjast. Verið sé að kanna niðurstöður umferðargreina Vega-gerðarinnar um þessi mál.

„Því miður er fólk úti í umferðinni sem virðist ekki vera viðbjargandi. Við vitum að þær aðgerðir sem nú hefur verið gripíð til ná sjaldnast eyrum þeirra forhertustu í umferðinni,“ segir Einar. Hann telur að aukna löggæslu og hert viðurlög við sendurteknum glæpum í umferðinni þurfi til að ná til þess hóps. Ótal dæmi séu um að réttarkerfið hafi brugðist í þessum málum og úr því þurfi að bæta.

„Með auknu umferðareftirliti kemst upp um fleiri sem aka hratt. Það þarf þó ekki að þýða að hraðakstur hafi aukist frekar en að dregið hafi úr honum með minna eftirliti,“ segir Magnús. - kdk



**UMFERÐ** Upplýsingafulltrúi umferðarstofu segir tómt mál að tala um að hraðakstur hafi aukist þó að fleiri séu gripnir á of miklum hraða en áður.

## BÍLL DAGSINS

### TOYOTA RAV4

Nýskr. 11.01 - Sjálfskiptur - Ekinn 92 þús. - Allt að 100% lán.




Verð  
1.670.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.



Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar komi til launamissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða örorku. Auk þess byggir þú upp viðbótarlífeyrissparnað sem eykur fjárhagslegt sjálfstæði þitt við starfslok. Það eina sem þú þarft að gera er að uppfæra launareikninginn þinn með Launavernd. Komdu við í næsta útibúi, hafðu samband í síma 410 4000 eða farðu á [landsbanki.is](http://landsbanki.is) og fáðu nánari upplýsingar.



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

Launavernd Landsbankans

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	70,76	71,1
Sterlingspund	134,66	135,32
Evra	90,66	91,16
Dönsk króna	12,149	12,221
Norsk króna	10,876	10,94
Sænsk króna	9,779	9,837
Japanskt jen	0,6074	0,611
<hr/>		
SDR	105,19	105,81
<hr/>		
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	124,9934	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Reyndi að smygla amfetamíni og róandi lyfjum inn á Litla-Hraun:

# Kona tekin með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Kona á fertugaldri var handtekin á laugardag eftir að hún reyndi að smygla fíkniefnum til manns síns sem vistaður er á Litla-Hrauni. Lögreglan í Árnes-sýslu segir hana hafa verið með amfetamín og um 130 töflur af róandi lyfjum. Hún er einnig grunuð um að hafa ekið undir áhrifum lyfja.

Lögreglan segir málið hafa komið upp við venjubundið eftirlit. Farið var með konuna í röntgenmyndatöku eftir að grunsemdir vöknudu en við þá athugun fundust efnin. Konunni var sleppt eftir yfirheyrslur.

Lögreglan segir að enn sé of

snemmt að segja til um hvort talið sé að hún hafi áður smyglað inn efnunum en málið sé í rannsókn.

Erlendur Baldursson, deildarstjóri hjá Fangelsismálastofnun, segir að lagt hafi verið hald á óvenjumikið af fíkniefnum á þessu ári. Bæði hafi þau fundist við leit á aðstandendum og meðal fanganna sjálfra. Ekki sé enn hægt að segja til um hvort ástæðan fyrir því magni sem lagt hefur verið hald á í sumar sé aukið eftirlit eða aukin fíkniefnaneysla meðal fanga. Talið sé að efnin komi að mestu frá vandamönnum fanganna. Um mánuður er liðinn frá því að upp komst um ungan



LITLA-HRAUN Óvenjumikið hefur fundist af fíkniefnum á þessu ári innan fangelsisins.

fangavörð sem hafði smyglað umtalsverðu magni af fíkniefnum inn á Litla-Hraun meðan hann starfaði sem sumarafleysingamaður.

# Jarðgöng undir Vaðlaheiði: Jarðgöng óháð umhverfismati

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fornleifanevnd ríkisins segir að rannsóknir á fornleifum á svæðinu séu nauðsynlegar áður en framkvæmdir hefjist. Skipulagsstofnun telur að áhrif á menningarminjar verði ekki veruleg ef farið verði að tillögum Fornleifaverndarinnar. Með göngunum stýttist hringvegurinn um sextán kílómetra. Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra.



ETA-LIÐAR Lásu upp tilkynningu á útifundi í þorpinu Atitxulegi, nálægt San Sebastian í norðvesturhluta Spánar.

Bakslag í friðarviðræður:

# Aðskilnaðar krafist að nýju

**SPÁNN, AP** Þrír grímuklæddir menn sem sögðust vera talsmenn ETA-aðskilnaðarsamtakanna stigu á svið á samkomu um sjálfstæði Baskalands um helgina. Lesin var tilkynning um að ETA legði ekki niður vopn fyrr en Baskaland fengi sjálfstæði frá Spáni. Að loknum lestrinum skutu mennirnir úr vélbyssum í loftið.

Fyrir nákvæmlega sex mánuðum síðan tilkynnti ETA um „varanlegt vopnahlé“ sitt og áhuga á friðarviðræðum. Þá hafði bein krafa um sjálfstæði héraðsins vikið fyrir „lýðræðislegri lausn“. Síðan hafa nokkrir ETA-menn verið handteknir og lítið þokast í samningaviðræðum.

## LÖGREGLUFRÉTT

### Slapp með skrekkin

Sjö voru teknir ólvaðir aðfaranótt sunnudags í Reykjavík. Upp komst um einn þegar hann ók á steypustólpa. Lögreglan segir að þó að ökuumaður hafi verið á smábíl hafi höggjóð verið svo mikið að stólpinn, sem er um 200 kíló, hreyfðist mikið til. Ökumann sakaði ekki en bíllinn er talinn ónýtur.

# Horfir upp á dauðagöngu 21 árs gamals sonar síns

Fanney Edda Pétursdóttir, móðir ungs sprautufíkils, segir stjórnvöld skorta vilja til þess að taka á fíkniefnavandanum. Sérfræðingar í vímuefnamálum hafa kvartað undan skilningsleysi í áratugi.

**VÍMUEFNI** „Ég hef þurft að fylgjast með því úr nálægð hvernig fíkniefnaneysla hefur dregið sjálfsvirðingu og lífsgleði úr syni mínum, sem að öllu jöfnu er hjartahlýr og skarpgreindur,“ segir Fanney Edda Pétursdóttir, móðir 21 árs gamals morfínfíkils sem bíður þess að komast í meðferð vegna veikinda sinna.

Sonur hennar hefur þurft að bíða eftir því vikum saman að komast í meðferð en Fanney vonast til þess að hann komist inn á Landspítalann til afvötnunar í næstu viku og að henni lokinni í meðferð í Krísvík, eftir mánaðartíma. „Sem betur fer losna margar fjölskyldur þessa lands undan því fargi sem það er að horfa upp á fjölskyldumeðlim veslast upp vegna fíkniefnaneyslu. En hinir, sem neyðast til þess að ganga í gegnum neyslulífarnið, finna of sterklega fyrir viljalausum tilraunum

stjórnvalda til þess að bregðast við vandanum.“

„Það er fullkomlega óviðunandi staða að fólk sem er við dauðans dyr þurfi að bíða vikum og mánuðum saman...“

**FANNEY EDDA PÉTURSDÓTTIR**  
MÓÐIR SPRAUTUFÍKILS

Eftir að hafa haldið sér utan við fíkniefnaneyslu í tvö ár hóf hann að nýju að neyta fíkniefna fyrir ári síðan.

Fanney gagnrýnir viljalausar aðgerðir stjórnvalda til þess að taka á vandanum. „Það er fullkomlega óviðunandi staða að fólk sem er við dauðans dyr þurfi að bíða eftir því vikum og mánuðum saman, í stöðugri lífshættu, að fá að finna fyrir vilja hjá heilbrigðisstarfsfólki til þess að taka á sjúkdómi sínum. Kannski hafa þingmenn og opinberir starfsmenn ekki upplifað það að fylgjast með börnum sínum morkna niður vegna fíkniefnaneyslu. Allir starfsmenn meðferðarstofnana, færustu sérfræðingar landsins, hafa um áratuga skeið

**FANNEY EDDA Á HEIMILI SÍNU** Frá þrettán ára aldri hefur sonur Fanneyjar glímt við fíkniefnavanda. Stutt er síðan hann hóf að neyta fíkniefna að nýju eftir að hafa verið vímuefnalaus í tvö ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



haldið því fram að framlag hins opinbera til heilbrigðisstofnana sem taka á vímuefnavanda sé allt of lítið. Á þetta fólk hefur ekki verið hlustað. Meðal annars með þeim afleiðingum, þó að margt annað komi til, að efnilegir þjóðfélagsþegar falla frá vegna úrræðaleysis svo

tugum skiptir árlega. Sonur minn, sem nú er á endastöð í neyslu og bíður þess að reyna að fá bót meina sinna, er einn af þeim sem geta fallið frá. Hann er núna á sinni dauðagöngu.“

Ekki náðist í Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra vegna málsins. [magnush@frettabladid.is](mailto:magnush@frettabladid.is)

**acer**  
Skjá dagar í september!  
Ótrúlegt verð! frá 19.900-  
svar) tækni  
SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

**VEÐURSPÁ**

um hádegis »

» á morgun

» mivikudagur

um hádegis »

Kaupmannahöfn	21°C heiðskirt	London	18°C skýjað	Alicante	28°C léttskýjað
Þórshöfn	13°C skúrur	Paris	21°C skýjað	Mallorca	25°C léttskýjað
Hæg austlæg átt og bjart með köflum. Hiti 8-12 stig.	20°C léttskýjað	Frankfurt	17°C skýjað	Algarve	25°C hálfskýjað
	20°C léttskýjað	Friedrichshafen	17°C skýjað	Krit	24°C léttskýjað
	21°C léttskýjað	Berlín	25°C léttskýjað	Las Palmas	25°C léttskýjað

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# BÍLALEIGUBÍLARNIR ERU LOKSINS KOMNIR!



\* m.v. Bílasamning Glitnis í 84 mánuði með 10% útborgun.

## ÚRVALSBÍLAR MEÐ 12 MÁNAÐA VIÐBÓTARÁBYRGÐ

Bílaleigubílar Yaris og Corolla, ásamt úrvali annarra bíla, eru loksins komnir í sölu hjá Toyota Betri Notuðum Bílum. Þeir hafa allir staðist strangt skoðunarferli okkar með glæsibrag og fara því í flokk Úrvalsbíla, með 12 mánaða viðbótarábyrgð.

Við bjóðum einnig sérkjör á fjármögnun, í samvinnu við Glitni, með lengri lánstíma og hærra lánshlutfalli.

**Hafðu hraðann á því bílaleigubílar staldra jafnan stutt við.**

Opið virka daga frá kl. 9 til 18 og laugardaga frá kl. 12 til 16.

### BNB-sölugreining

Bílar ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTUÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
200 Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
603 Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ  
Njarðarbraut 19  
260 Reykjaneshæ  
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
800 Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
700 Egilsstöðum  
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL



## KJÖRKASSINN

Ert þú með yfirdrátt?

Já	45%
Nei	55%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Átt þú þér uppáhaldslið í íslenski knattspyrnu?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Formaður Læknafélags Íslands hrekur yfirlýsingar:

# Félaginu gerðar upp skoðanir

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknafélagi Íslands hafa verið gerðar upp skoðanir af hálfu Félags svæfingar- og gjörgæslulækna. Gengið sé út frá staðlausum stöfum þegar fullt sé að Læknafélagið vilji hefja framkvæmdir á uppbyggingu nýs sjúkrahúss við Hringbraut. Þær framkvæmdir hafi Læknafélagið stutt opinberlega frá árinu 2000. Þetta segir Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, um yfirlýsingar svæfingar- og gjörgæslulækna.

Í yfirlýsingu frá stjórn svæfingar- og gjörgæslulækna segir að málflutningur Læknafélagsins á síðasta aðalfundi þess



**SIGURBJÖRN SVEINSSON** Formaður Læknafélags Íslands segir svæfingar- og gjörgæslulækna hafa gert Læknafélaginu upp skoðanir.

þyki svo fjarstæðukenndur að ýmsir félagsmenn hafi hvatt stjórnina að leita leiða til að segja skilið við Læknafélag Íslands þar sem ljóst sé að þeir eigi enga samleið með öflum sem þar virðist ráða ríkjum.

Sigurbjörn segir þessar harðorðu yfirlýsingar svæfingar- og gjörgæslulækna um úrsögn einnig staðlaugar þar sem það sé sérgreinafélag lækna sem eigi ekki aðild að Læknafélagi Íslands. Því sé marklaust að tala um úrsögn þess. „Þetta er dæmi um mál þar sem hlutirnir hafa ekki verið skoðaðir nægilega vel áður en farið var af stað með yfirlýsingar,“ segir Sigurbjörn. - kdk

Evangelískur predikari:

## Frekar Satan en Hillary Clinton

**WASHINGTON, AP** Áhrifamikill evangelískur predikari lýsti því yfir í gær að fólk í sínu kjördæmi myndi leggja harðar að sér við að koma í veg fyrir mögulegt forsetakjör demokratans Hillary Clintons en þótt Lúsifer sjálfur færi í framboð.

Séra Jerry Falwell lét þessi ummæli falla á „fundi um gildismat“ með öðrum bandarískum trúarleiðtogum. Á fundinum var rætt um þau gildi og hefðir sem áhersla yrði á í kosningabaráttunni. Aðstoðarmaður Falwells gerði lítið úr ummælunum og sagði prestinn ekki hafa ætlað að líkja frá Clinton við djöfulinn. - kdp

## JARÐHRÆRINGAR

### Jarðskjálfti við Bárðarbungu

Jarðskjálfti upp á 3,8 á Richter-kvarða mældist norðan við Bárðarbungu um klukkan 18:30 í gærkvöldi. Jarðskjálftinn átti upptök sín undir Dýngjujökli og á annan tug eftirskjálfta fylgdu í kjölfarið.

## SLÖKKVILIÐ

### Mikill eldur í vélaskemmu

Eldur kviknaði í vélaskemmu á Þorgautsstöðum í Hvítársíðu síðustu nótt. Þegar slökkvilið kom á staðinn var skemman að mestu brunnin. Nokkrar vélar sem voru þar inni eyðilögðust og tjónið töluvert. Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá rafmagni.

Ekkert lát á hraðakstri:

## Ók of hratt viku eftir bílpróf

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík kærði 24 ökumenn fyrir of hraðan akstur á einni og hálfri klukkustund í fyrrkvöldi, aðallega á Hringbraut og Miklubraut. Það er langt yfir meðallagi. Sá yngsti sem var stöðvaður er 17 ára og var aðeins rúm vika frá því að hann tók bílpróf. Pilturinn hafði því ekki fengið ökuskírteinið í hendur og varð að framvísa bráðabirgðaskírteini. Töluvert hefur verið um hraðakstur í borginni undanfarna daga. Í fyrradag voru þrjár fluttir á sjúkrahús eftir ofsaakstur sportbíls í Ártúnsbrekkunni. - kdk

# Fáir sammála tillögu Samfylkingarinnar

Talsmenn stjórnvaldaflokkanna eru ekki sammála tillögu Samfylkingar um lækkun matvöruverðs. Þeir segja niðurfellingu innflutningstolla geta farið illa með íslenskan landbúnað og efast um að breytingarnar skili sér í vasa neytenda.

**STJÓRNMÁL** Viðbrögð stjórnvaldaflokkanna við tillögu Samfylkingar um lækkun matvöruverðs eru neikvæð. Talsmenn flokkanna segja niðurfellingu innflutningstolla á einu og hálfu ári munu hafa slæm áhrif á íslenskan landbúnað. Einnig sé alls óvíst að breytingarnar skili sér í vasa neytenda.

Tillögur Samfylkingar, sem birtar voru á laugardag, verða lagðar fram á Alþingi í haust. Í þeim felast meðal annars afnám vörugjalds og tolla í áföngum auk lækkunar virðisaukaskatts á mat. „Mér finnst gæta mikillar einföldunar í málflutningi Samfylkingarinnar í þessu máli, staðreyndin er sú að í matarkörfunni eru íslenskar landbúnaðarvörur ekki nema fimm til sjö prósent,“ segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins. „Ég veit ekki hvernig á að lækka verðið um tvö hundruð þúsund ef það á einungis að horfa á landbúnað.“ Hann segir meginatriðið hjá Framsókn vera að lækka matarverð en vera viss um að aðgerðir skili sér í vasa neytenda. Arnbjörg Sveinsdóttir, for-



**MATVÖRUVÆRSLUN** Formaður Vinstri grænna segir óvíst að ávinningur af afnámi innflutningstolla myndi allur skila sér til neytenda. Íslenskum landbúnaði yrði greitt þungt með opnun fyrir óheftan og jafnvel niðurgreiddan innflutning á einu og hálfu ári.

maður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segist ekki sjá að það geti gengið upp að fella niður innflutningstolla á einu og hálfu ári. Það sé of stuttur aðlögunartími fyrir bændur. „Hins vegar er margt annað í matvöruverðinu sem má skoða, landbúnaðarfram-

leiðslan sem slík er það lítil hluti af innkaupakörfu fjölskyldunnar.“ „Eigi að fella innflutningstolla niður á einu og hálfu ári finnst mér það ansi bratt,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins. „Það þarf að ræða þetta við bændur og innan bændasamtakanna hvernig svona breytingar eiga að eiga sér stað. Það er ekki hægt að gera þetta einhliða og taka ekki tillit til bænda.“ Að sögn Steingríms J. Sigfússonar, formanni Vinstri grænna, yrði íslenskum landbúnaði greitt þungt högg með því að opna fyrir óheftan og jafnvel niðurgreiddan innflutning á einu og hálfu ári. „Það er sýnd veiði en ekki gefin að það skili sér allt til neytenda þó að tollinum yrði létt af.“

salvar@frettabladid.is

## Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, um meðferð allra innflutningsskjala og allar helstu reglur er varða innflutning. Á námskeiðinu er notað nýtt og sérútbúið kennsluefni, kennslubók og ítarefni. Einnig er kennt að nota forrit í tollskýrslugerð í Navision frá Maritech.

### Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að geta;

- Þekkt fylgiskjal með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna
- Gert tollskýrslur og reiknað út aðflutningsgjöld
- Notað tollskrána til að tollflokka vörur
- Haft grunnskilning á frávísunarsamningum og gildi þeirra
- Þekkt helstu reglur varðandi innflutning, innflutningstakamarkanir og undanþágur

Lengd: 21 kennslustund. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgunnámskeið kl. 8:30 - 12:00 eða kvöldnámskeið kl. 18:00 - 21:30. Hefst 28. september og lýkur 10. október. Verð: kr. 28.000,- (Allt kennslu- og ítarefni innifalið)



**TÖLVUSKÓLINN ÞEKING**

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

## LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

Stuðst er við námskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

### Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðþjónusta. Mannleg samskipti skyndihjálp.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þálfanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum. Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

### Umsögn:

„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni.“



Martha Jensdóttir kennari.



**FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS,**  
Bíldshöfða 18, sími 567 1466,  
Opíð til kl. 22.00.  
Heimasíða: www.menntun.is

Landssamband framsóknarkvenna ályktar um kynjahlutfall á framboðslistum:

## Jafnt hlutfall í efstu sætunum

**STJÓRNMÁL** Landssamband framsóknarkvenna leggur áherslu á að kynjahlutfall sé jafnt í fjórum efstu sætum framboðslista flokksins fyrir komandi alþingiskosningar. Fjögur efstu sætin hafi mest um það að segja hverjir fái sæti á Alþingi og mikilvægt sé að rétta hlut kvenna á Alþingi. Þannig geti konur haft áhrif á áframbaldandi mótun samfélagsins. Þetta kemur fram í ályktun frá sambandinu.

„Við viljum jafnt kynjahlutfall í fjórum efstu sætunum vegna þess að reynslan sýnir að konur eru oftast neðar á listum og færri í efstu sætunum en karlar,“ segir Bryndís Bjarnarson, formaður sambandsins. „Það mætti túlka síðustu alþingiskosningar þannig að

konur hafi fækkað þar því það voru færri konur í fjórum efstu sætunum heldur en karlar. Við teljum mikilvægt að auka hlut kvenna með þessu.“

Hún segist þó ekki telja konur eiga undir högg að sækja í Framsóknarflokknum. „Það er alls ekki raunin. Samt sem áður þurfum við að vera vakandi yfir hlut kvenna. Við viljum með þessu vekja konur til umhugsunar og hvetja þær til þess að gefa kost á sér.“ - sfs

**BRYNDÍS BJARNARSON** Segir mikilvægt að auka hlut kvenna á Alþingi, reynslan sýni að konur séu oftast neðar á listum en karlar. Því leggi framsóknarkonur áherslu á jafnt kynjahlutfall í fjórum efstu sætunum á framboðslistum flokksins.



# Hollt og gott á mánudegi

## Sjáðu þetta

### 40 spennandi tegundir

#### Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Spelt pasta
- Alabama salat
- Heilhveiti pasta
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólpurkaðir tómatar
- Ætipistill

...og margt fleira

  
Hollt & Gott



Með hverju keyptu salatboxi fylgir  
0.5 ltr. Toppur með í kaupbæti.\*

\*Tilboðið gildir til 30. september.



**Rúnar Gíslason**  
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur  
kokkarnir.is



Kjöt & fisktorgið

### Steinbítsréttur

með hvítlauk og kryddjurtum  
Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.  
10-15 mínútur við um 200°C eða steikt  
á pönnu í um 20 mín.

TILBOÐ

998 kr/kg

Verð áður 1.549,-

Gildir 25.september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



- 1 Hvað heitir föstumánuður múslima sem hófst á dögunum?
- 2 Hver er formaður þingflokks Samfylkingarinnar?
- 3 Hver er kynþokkafyllsti milljarðamæringur í heimi að mati Financial Times?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38


Kostnaður við nýbyggingar hækkar meira en verð á neysluvörum:

## Launahækkanir segja til sín

**EFNAHAGSMÁL** Byggingarvísitalan mælist nú 352,3 stig og hefur hækkað um 0,9 stig, eða 0,26 prósent, frá því í síðasta mánuði. Byggingarvísitalan hefur hækkað meira en vísitala neysluverðs síðustu tólf mánuði. Munurinn nemur 3,8 prósentum.

Byggingarvísitalan hefur rokið upp, sem þýðir að verðbólga hefur verið meiri í byggingarkostnaði en almennt í neysluverðinu. Byggingarvísitalan hefur hækkað um 11,4 prósent síðustu tólf mánuði meðan verðbólgan var aðeins 7,6 prósent við mælingu nú í september.

### BYGGINGARVÍSITALA OG NEYSLUVERÐ Á ÁRINU



Tölurnar miðast við þróun á 12 mánaða tímabili. Heimild: Hagstofa Íslands

Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, sérfræðingur á vísitöludeild Hagstofunnar, segir að kostnaður við að byggja vísitöluhúsið, sem er vel skilgreint fjölbýlishús á höfuðborgarsvæðinu, hafi hækkað mikið síðustu tólf mánuði, ekki síst vegna hárra launasamninga innan byggingariðnaðarinnar. Það sé kannski afleiðing af því þensluástandi sem hafi ríkt.

„Vinnuliðirnir hafa hækkað mjög mikið og þá aðallega vegna launasamninga en efniskostnaðurinn hefur hækkað líka. Þegar gengið féll í vor komu fram tölurverðar hækkanir líka,“ segir hún.

Lögreglan í Hafnarfirði:

## Upplýsir um ástand hverfa

**LÖGREGLAN** Lögreglan í Hafnarfirði ætlar að kynna foreldrum ástand mála í þeirra hverfi í bænum í vetur með því að senda reglulega tölvubréf. Þetta verður gert í gegnum skólana og verður til dæmis farið yfir hópamyndanir unglinga og eignaspjöll í bréfunum ef slíkt er fyrir hendi í viðkomandi hverfi.

Um tilraunaverkefni er að ræða og er markmiðið að koma í veg fyrir að börn og unglingar leiðist af rétttri braut.

Foreldrar eru hvattir til að senda lögreglunni athugasemdir, tillögur eða ábendingar. - ghs



**MEÐ BÆJARSTJÓRANUM** Viðar Mór Aðalsteinsson og Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

Reykjanesbær:

## Rannsaka þarf varnarsvæðið

**UMHVERFISMÁL** Viðar Mór Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri hjá Reykjanesbæ, er sammála því að alls konar mengun og eiturefni geti legið í jörðu á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

„Mönnum var ekkert heilagt hér áður fyrr og sum efni lifa lengi í jarðvegi án þess að fyrnast eða eyðast.“

Viðar Mór er sammála því að það geti kostað hundruð milljóna eða hagsanlega milljarða að hreinsa mengað svæði. „Það þarf að rannsaka allt svæðið og fá óháð mat frá hæfum aðilum því að menn vita ekki lengur hvað þarna er. Vitneskjan er byggð á munnmælum og skýrslum.“ - ghs

### LÖGREGLUFRÉTT

#### Vélarvana bátur

Björgunarskip Landsbjargar var kallað út í gærmorgun vegna vélarvana báts tíu sjómílur vestan við Skagaströnd. Í bátinum voru þrjú menn og sakaði þá ekki. Bilaður gir reyndist orsökinn.

# Segja hæfari umsækjendur hafa verið sniðgengna

Félagsráðgjafar eru ósáttir við ráðningu sviðsstjóra velferðarsviðs. Fimm félagsráðgjafar sóttu um stöðuna, þar af tveir með doktorspróf í faginu. Stella Víðisdóttir viðskiptafræðingur var ráðin í stöðuna.

**BORGARMÁL** Páll Ólafsson, formaður Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, segir synd að gengið hafi verið framhjá hæfari félagsráðgjöfum þegar Stella K. Víðisdóttir var ráðin í starf sviðsstjóra velferðarsviðs. „Ég óttast einnig að með því að ráða viðskiptafræðing í þetta starf eigi að fara að færa áherslu þessa viðkvæma málaflökks yfir á fjármálin.“

Páll segir mikla óánægju meðal félagsráðgjafa, sérstaklega þar sem einstaklingar með doktorspróf í faginu hafi sótt um stöðuna. „Félagsráðgjafar vinna í viðkvæmum málaflökum og það er mikilvægt fyrir okkur að hafa yfirmenn sem sýna hugmyndafræði okkar skilning.“

Þess má geta að um 60 félagsráðgjafar vinna á velferðarsviði Reykjavíkurborgar og forveri Stellu, Lára Björnsdóttir, var félagsráðgjafi að mennt. „Stéttarfélag félagsráðgjafa mun senda borgarstjóra og borgarráði bréf þar sem skorað verður á yfirmann í velferðarmálum að endurskoða ráðninguna. Þá mun stéttarfélagið aðstoða okkar félagsmenn sem ekki fengu ráðningu við að leita réttar sins.“

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir nýráðnum sviðsstjóra



“Stéttarfélag félagsráðgjafa mun senda borgarstjóra og borgarráði bréf þar sem skorað verður á yfirmann í velferðarmálum að endurskoða ráðninguna.“

**PÁLL ÓLAFSSON**  
FORMAÐUR STÉTTARFÉLAGS  
FÉLAGSRÁÐGJAFNA

**VELFERÐARSVIÐ REYKJAVÍKUR-BORGAR** Félagsráðgjafar eru afar ósáttir við ráðningu nýs sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og segja að gengið hafi verið framhjá hæfari umsækjendum.



ekki mikinn greiða gerðan með því að keyra ráðninguna í gegn án samanburðar á hæfni og reynslu. Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna fóru fram á sundurliðaðan samanburð á þeim fimm umsækjendum sem voru metnir hæfastir en meirihlutinn varð ekki við þeirri beiðni.

Dagur segir hið opinbera þurfa að hafa sig allt við í samkeppni um hæft fólk og óttast að þessi málsmeðferð verði til þess að fæla hæft fólk frá því að sækja um stöður hjá borginni í framtíðinni.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður

borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, segir faghóp hafa farið yfir alla umsækjendur og tekið viðtöl. „Það var samdóma álit faghópsins að Stella væri hæfust í starfið og mér finnst að minnihlutinn ætti að fagna því að hæft fólk sé ráðið til starfa í stað þess að slá pólitískar keilur. Það hefði ekki verið faglegt ef borgarráð hefði farið gegn þeirri niðurstöðu sem faghópurinn komst að.“

Gísli Marteinn segir hvorki félagsráðgjafa né aðra þurfa að óttast að faglegt starf velferðarsviðs fari halloka með ráðningu nýs sviðsstjóra.

hugrun@frettabladid.is

Til vonar og vara

Nú líka með ALOE VERA

varasalvi

### ÍTALÍA

#### Ólöglegir innflytjendur

Tveir afrískir innflytjendur létust en 21 var bjargað er bát hvolfdi nálægt Sikiley í gær. Báturinn stefndi að ítölsku eyjunni Lampedusa, en hún er nær Afríku en meginlandi Ítalíu. Nær daglega eru gerðar tilraunir til að smygla fólki frá Afríku til eyjunnar.



**KRISTINN H. GUNNARSSON** Auk Kristins gefur Magnús Stefánsson kost á sér í efsta sæti listans í Norðvesturkjördæmi.

Listi Framsóknar í NV-kjördæmi:

## Valinn með póstkosningu

**STJÓRNMÁL** Framboðslisti Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi verður valinn með póstkosningu. Þetta var samþykkt á fundi kjördæmissambands flokksins á laugardag. Stjórn kjördæmissambandsins lagði til að farin yrði önnur leið en sú tillaga var felld.

Tveir hafa gefið kost á sér í fyrsta sæti listans. Þeir eru Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra. Kristinn hafði mælt með að listinn yrði valinn með póstkosningu, en þar kjósa allir framsóknarmenn í kjördæminu um öll sæti listans í einni kosningu. - sfs

Slökkvum ljósin og horfum á stjörnum

28. september kl. 22:00

Reykjavík International Film Festival

Landsbankinn



# Kynningardagar

vegna 10 ára afmælis  
Lyfju Lág múla

## + BEINPÉTTNIMÆLING

frá kl. 09:00 - 18:00  
MÁNUDAGINN 25. TIL FÖSTUDAGSINS 29. SEPT.

30% afsl.

## + KRISTALL SPORT

Kynning frá kl. 14:00 - 18:00  
LAUGARDAGINN 30. SEPT.

Nýtt í Lyfju




## + LOCABASE

- Hugað að húðinni.

Kynning frá kl. 14:00 - 18:00  
MÁNUDAGINN 25. SEPT.  
OG FÖSTUDAGINN 29. SEPT.



ÍSLENSKA AUGLÍSINGASTOFAN/SKILS LIF 34313 09/2006

## + DECUBAL - Húðvörur fyrir þurra og viðkvæma húð.

Kynning frá kl. 14:00 - 18:00 FIMMTUDAGINN 28. SEPT.



## + AUBREY - Lífræn sjampólína.

Kynning frá kl. 14:00 - 18:00  
ÞRIÐJUDAGINN 26. SEPT.  
OG MIÐVIKUDAGINN 27. SEPT.

Nýtt í Lyfju



## + DR. HAUSCHKA - Náttúrulegar snyrtivörur úr lífrænum jurtum.

Kynning frá kl. 14:00 - 18:00 FIMMTUDAGINN 28. SEPT.



## + VEGA SÓLHATTUR

Vega bætiefni.  
Kynning frá kl. 14:00 - 18:00  
FIMMTUDAGINN 28. SEPT.

Tilboð





**KEISARAYNJA KVÖDD** Áhugasamir Danir fylgjast með þegar líkkista Dagmarar, dóttur Kristjáns níunda, var blessuð af rússneskum presti á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afstaða fólks gagnvart framboði eldri borgara til Alþingis könnuð:

## Fjórðungur styður framboðið

**KÖNNUN** Rúmlega 25 prósent manns á aldrinum 18 til 85 ára segja líklegt að þau myndu kjósa framboð eldri borgara ef það væri í boði við alþingiskosningar í dag. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup gerði dagana 31. ágúst til 13. september.

Tæp 70 prósent svöruðu því til að ólíklegt væri að það myndi kjósa slíkt framboð og tæp fimm prósent tóku ekki afstöðu.

Afstaða fólks var skoðuð út frá nokkrum þáttum. Fleiri konur en karlar sögðu líklegt að þær myndu kjósa framboð eldri borgara; rúm 30 prósent á móti tæpum 20 prósentum karla. Því eldra sem fólk

### MYNDIR ÞÚ KJÓSA FRAMBOÐ ELDRI BORGARA?

	Mjög líklegt	frekar líklegt	hvorki né	frekar ólíklegt	mjög ólíklegt
Karlar	10,8%	9,1%	4,0%	22,7%	53,5%
Konur	17,3%	13,4%	5,7%	25,3%	38,4%

er, því líklegra er að það muni kjósa framboðið. Voru flestir þeirra sem töldu það líklegt í elsta aldurshópnum, 67 til 85 ára; rúm 60 prósent.

Fjöldi þeirra sem sögðust líklega kjósa framboð eldri borgara minnkar með aukinni menntun og hærri fjölskyldutekjum samkvæmt könnuninni. Ekki mældist marktækur munur eftir búsetu.

Þegar afstaða var skoðuð út

frá því hvaða flokk fólk myndi kjósa í dag kemur fram að þeir sem kjósa Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn eru síður líklegir til að kjósa framboðið. Kjósendur Vinstri grænna voru fjölmennastir þeirra sem sögðust líklega kjósa framboð eldri borgara.

Endanlegt úrtak var 1.300 manns og var svarhlutfall 60,9 prósent.

- sdg

Samgönguvika í Reykjavík:

## Litlir bílar menga minna

**UMHVERFISMÁL** Mikill munur er á því hversu mikið bifreiðar menga. Þannig blæs BMW fjórum tonnum af koltvísyringi út í andrúmsloftið á ári en Fiat 1,8 tonnum.

Þetta kom fram í erindi Sigurðar Inga Friðleifssonar, framkvæmdastjóra Orkuseturs, á samgönguviku. Tiltekin gerð af Toyota Cruiser blæs út 6,1 tonni af koltvísyringi árlega miðað við tólf þúsund eigna km en Toyota Prius blæs 1,2 tonnum. Sigurður vildi með þessum samanburði vekja athygli á því að hægt er að minnka útblástur með því að velja ákveðnar bílategundir. - hs

## VINNUR ÞÚ VIÐ STJÓRNUN, FRÆÐSLU, RÁÐGJÖF, ÞJÁLFUN EÐA SÖLU?

Ert þú í leiðtogahlutverki á þínum vinnustað?

Viltu efla þig & þroska í starfi og leik?

### Andy Lothian á Grand Hotel

Insights Norway & Lectura ehf

þjóða þig velkomin/n á morgunverðarfund með

### Andy Lothian



stofnanda Insight Learning and Development

frímtudaginn 28. september 2006 á Grand hotel.

Fundurinn hefst með morgunverði kl. 9:30 og honum lýkur kl. 11:30

Aðgangur er gestum að kostnaðarlausu.

Vinsamlegast staðfestu komu þína með því að senda tölvupóst á

netfangið [lisbet@lectura.is](mailto:lisbet@lectura.is)

Nánari upplýsingar á [www.lectura.is](http://www.lectura.is)



**DANSARAR NYOONGAR-ÆTTBÁLKSINS Á GÓÐRI STUNDU** Frumbyggjar Ástralíu hafa mátt pola ýmsa niðurlægingu um árin. Þeir fagna að vonum nýjum úrskurð alríkisdómstólsins. NORDICPHOTOS/AFP

Óvæntur úrskurður alríkisdómstóls Ástralíu:

## Frumbyggjarnir eiga borgina

**ÁSTRALÍA** Alríkisdómstóll Ástralíu hefur komist að þeirri niðurstöðu að Nyoongar-ættbálkurinn sé eignandi landsvæðis Perth-borgar. Þetta er í fyrsta skipti sem frumbyggjum er tryggður eignarréttur á þéttbýlissvæði, að sögn áströlsku fréttastofunnar ABC. Eignarrétturinn nær þó ekki til lands sem byggt er á.

John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, lýsti yfir „verulegum áhyggjum“ af úrskurðinum, enda gæti hann haft fordæmisgildi um landsvæði borganna Melbourne og Sydney ásamt fleirum. Philip Ruddock, ríkissaksóknari Ástralíu, lýsti

einnig áhyggjum sínum og sagði að úrskurðurinn þýddi að frumbyggjar gætu meinað öðru fólki að sækja almenningsgarða, strandsvæði og önnur óbyggð svæði.

Talsmenn frumbyggja hafa reynt að róa hvíta meirihlutann og segjast engan áhuga hafa á að reka fólk úr görðum sínum eða úr borgunum, ættbálkurinn sækist fyrst og fremst eftir viðurkenningu á réttindum sínum. Ein rök sem dómurinn telur til er að Nyoongar-menn hafi í árunna rás ræktað siði sína og hefðir og tilheyri því sannarlega hinum upphaflega ættbálki sem á svæðinu bjó. - kóp

120 1886 2006

## Slökkvum ljósin og horfum á stjörnur

28. september kl. 22:00

# FORVARNARDAGURINN 2006

## TAKTU ÞÁTT! HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Þrjú heillaráð til að forða börnum og unglingum frá fíkniefnum:



Verjum sem mestum tíma saman. Klukkutíma samvera foreldra og barna á hverjum degi getur ráðið úrslitum.



Hvetjum börn og unglinga til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Okkar stuðningur skiptir sköpum.



Því lengur sem unglingar sniðganga áfengi því ólíklegra er að þeir ánetjist fíkniefnum. Hvert ár skiptir máli.



Fimmtudagurinn 28. september er forvarndagur í öllum grunnskólum landsins

Þessi þrjú einföldu heillaráð eru byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Rannsóknirnar hafa vakið alþjóðlega athygli.

[www.forvarndagur.is](http://www.forvarndagur.is)

Forvarndagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Reykjavíkurborg, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Skátahreyfinguna og Samband íslenskra sveitarfélaga með stuðningi lyfjafyrirtækisins Actavis.



Verkefnið er styrkt af  
**actavis**  
hagur í heilsu



**UPPHAF RAMADAN-MÁNAÐAR** Eldri Palestínamaður krýpur við upphaf föstumánaðar múslima, en í honum er múslimum meinað að borða, drekka, reyka og stunda kynlíf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málþing um samskiptatækni heyrnarlausra:

## Myndsímar fyrir heyrnarlausu prófaðir

**HEILBRIGÐISMÁL** Nú er verið að prófa myndsíma sem gerir heyrnarlausum kleift að tala táknað sín á milli. Félag heyrnarlausra hefur tekið þátt í því að tveir símar þessarar gerðar hafa verið fluttir til landsins. Þetta var meðal þess sem fram kom á málþingi um samskiptatækni heyrnarlausra sem fram fór nú fyrir helgi.

Guðrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, var ein þeirra sem héldu erindi á málþinginu og fjallaði um hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna hjálpar- og samskiptatækja fyrir heyrnarlausu. „Nú hefur heilbrigðisráðherra heimilað að heyrnarlausir fái styrk fyrir samskiptatækjum eins og tölvu, farsíma, faxtæki eða myndsíma að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.“

Þá hafa Síminn og Félag heyrnarlausra skrifað undir samstarfssamning um heildar-fjarSKIPTAÞJÓNUSTU. Síminn mun setja upp myndsíma hjá Félagi heyrnarlausra og er kennsla og aðstoð við búnaðinn innifalinn í samningunum.

Jón Kristinn Bjarnason, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra, segir mun fljótlegra og þægilegra fyrir heyrnarlausu að nota myndsíma en skrifuð skilaboð, sem taki umtalvert lengri tíma. - hs



**SAMNINGUR UM FJARSKIPTAÞJÓNUSTU** Kristján Hafsteinsson, viðskiptastjóri Símans, Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, og Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra.

## Ákvörðun heilbrigðisráðherra: Sjúkraflugvél á Ísafirði í vetur

**SJÚKRAFLUG** Bæjarstjórn Ísafjarðar fagnar þeirri ákvörðun Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra að sjúkraflugvél verði á Ísafirði í vetur.

Að undanfögnu hefur verið í umræðunni að færa heimahöfn sjúkraflugs fyrir Vestfirði til Akureyrar, en flutningum hefur verið frestað vegna erfiðra aðstæðna í aðflugi til Ísafjarðar á veturna. Heilbrigðisráðherra hefur nú ákveðið að flugvélin verði á Ísafirði. - hs

### KJARAMÁL

#### Vísitala launa hækkar

Launavísitala hefur hækkað um 10,6 prósent á tólf mánaða tímabili, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Vísitalan var 268,9 stig í ágúst mánuði 2005, en mældist í síðasta mánuði 297,4 stig.

Ómar Ragnarsson sjónvarpsfréttamaður:

## Stundaði svakalega sjálfsritskoðun

**UMHVERFISMÁL** Ómar Ragnarsson sjónvarpsfréttamaður segist hafa þurft að stunda „svakalega sjálfsritskoðun“ og leggja sig svo mikið fram við það upp á síðkastið vegna þrýstings utan frá að hann geti ekki staðið í því lengur. Þess vegna hafi hann hætt að fjalla um umhverfismál í sjónvarpsfréttum.

„Ég hef fengið það alveg skýrt að ég hef staðið fullkomlega að verki fyrir Fréttastofuna og Sjónvarpið,“ segir Ómar. „Ég er bara undir svo mikilli smásjá almennings og þeirra sem hafa áhrif að það er miklu hreinnna að gera þetta svona.“



ÓMAR RAGNARSSON

Ómar segir að það sé að sjálfsögðu alltaf hættu á því að fréttamenn myndi sér skoðun á grundvelli þess að þeir þekki málin vel eftir að hafa sökk sé ofan í þau. Þeir verði því að gæta þess eins og sjáaldurs auga síns að það komi hvergi fram. „Ég treysti mér ekki til þess lengur.“

Ómar kveðst hafa fengið gríðarleg viðbrögð við frumkvæði sínu, margir hafi talað við sig og sumir stjórnmálamenn. „Ég set þetta fram, nú vil ég leggja baráttunni lið með því að ræða við þá sem eru í stjórnmálum um það hvernig þessum sjónarmiðum er best komið í kosningabaráttu. Ég er bara að byrja.“ - ghs



**VEGAVINNA VIÐ SUBURLANDSVEG** Samkvæmt nýjum lögum um atvinnuleysisstryggingar eiga þeir sem sinna atvinnuleysisráðningum að aðstoða atvinnulausa við að finna nýtt starf.

## Atvinnulausir verði virkir

Ný lög um atvinnuleysisstryggingar gera ráð fyrir tekjutengdum atvinnuleysisbótum fyrstu þrjú mánuði atvinnuleysis. Þeir sem skrá atvinnulausa skulu einnig aðstoða atvinnulausa við atvinnuleit.

**ATVINNULEYSI** Í sumar tóku gildi ný lög um atvinnuleysisstryggingar. Breytingarnar eru byggðar á grunni laga frá 1997 um aukio þjónustuhlutverk vinnumiðlunar.

Nú er í fyrsta skipti verið að kynna til sögunnar tekjutengdar atvinnuleysisbætur en fram til þessa hafa allir fengið sömu upphæð. Þá er gert ráð fyrir að hámarkstími á atvinnuleysisbótum styttest úr fimm árum í þrjú.

Ingvar Sverrisson, lögfræðingur hjá ASÍ, segir að með nýju lögnum verði atvinnuleysisbætur tekjutengdar fyrstu þrjú mánuði atvinnuleysis. „Bæturnar geta þó aldrei orðið hærri en 185.400 krónur á mánuði og eftir þrjú mánuða atvinnuleysi fá allir sömu upphæð, 111.015 krónur.“

Ingvar segir þær breytingar einnig verða að þegar einstaklingur skrái sig atvinnulausan óski hann í leiðinni eftir aðstoð við að finna annað starf. „Sá sem skráður er atvinnulaus þarf að vera virkur í atvinnuleit og gera starfsleitaraætlun. Þá er ekki lengur gerð krafa um vikulegar skráningar en viðkomandi verður að vera í sambandi við vinnumiðlun og gera grein fyrir stöðu sinni.“

Ingvar segir að með þessum breytingunum sé ætlast til þess að þeir sem sinni hlutverki atvinnuleysisráðninga skuli einnig styðja atvinnulaust fólk í atvinnuleit.

Sigrún Jóhannsdóttir, formaður verkaldýsfélagsins Vöku á Siglufirði, segir margar ákvarðanir enn á reiki í kringum nýju lögina. „Sem dæmi má nefna að enn er ekki búið að skipa úthlutarnefnd í Reykjavík sem mun þjónusta allt



INGVAR SVERRISSON

SIGRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Skjólstaðingar okkar hafa verið ánægðir með að hafa skráningarnar vikulegar því þær séu fastur punktur í tilverunni.

**SIGRÚN JÓHANNSDÓTTIR** FORMAÐUR VERKALDÝSFÉLAGSINS VÖKU

landið en það er ein af þeim hugmyndum sem upp hafa komið.“

Sigrún segir mánaðarlegar skráningar í stað vikulegra valda aukinni fjarlægð við þann atvinnulausa. „Ég hef gert athugasemdir við þessar breytingar því skjólstaðingar okkar hafa verið ánægðir með að hafa skráningarnar vikulegar því þær séu fastur punktur í tilverunni.“

Sigrún segir lögina um vinnu- markaðsaðgerðir til bóta, svo fremi sem nægjanlegir fjármunir komi til að veita atvinnulausum atvinnuráðgjöf.

„Í tengslum við nýju lögina hefur komið fram sú hugmynd að fólk skrái sig atvinnulaust á netinu en ég held að það geti orðið erfitt fyrir eldri fólk og þá sem ekki hafa nægjanlega tölvukunnáttu.“ hugrun@frettabladid.is

FORESTER
SUBARU

# 2.590.000,-

Subaru Forester er ódýrari en Toyota RAV4, Honda CR-V og allir hinir jepplingarnir. Samt stendur hann sig betur.\*

Fyrir þennan pening færðu sjálfskiptan jeppling sem stendur sig betur en aðrir þegar kemur að aksturseiginleikum, afli, öryggi og endingu. Hann er hvorki of stór né of lítill, situr vel á vegi en hefur samt meiri veghæð en aðrir jepplingar. Hann er á svipuðu verði og venjulegir fólksbílar en þrátt fyrir það er vélin í Forester 158 hestöfl sem er meiri kraftur en í flestum dýrari jepplingum.

**\* CAR AND DRIVER**

Subaru Forester hefur verið valinn besti jepplingurinn 3 ár í röð af tímaritinu Car and Driver.

**STADALBÚNAÐUR:** 2.0 lítra - 158 hestöfl, fjórhjóladrif, hiti í speglum, hradastillir (PLUS), hiti í sætum (PLUS), hiti í framrúðu (PLUS), sjálfvirk loftkæling (PLUS), kastarar í stúðara (PLUS), sóllúga (LUX), aðgerðastýri (LUX) og ledurinnrétting (LUX).

Forester 2.590.000,- Forester PLUS 2.790.000,- Forester LUX 3.090.000,- SYMMETRICAL AWD

<b>Ingvar Helgason</b>	Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Ópíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Njaróvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990
			Reykjavík 474-1453



# Sterk liðsheild

Titan ehf. er nýtt fyrirtæki á upplýsingatæknimarkaði sem hefur sett sér það höfuðmarkmið að bjóða upp á bestu fánlega þjónustu fyrir viðskiptavinina.

Í ljósi þessa leitum við eftir hæfu starfsfólki sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, sýnir frumkvæði, vinnur vel í hópstafi, er jákvætt, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu og hagkvæmstu lausna fyrir viðskiptavinina. Titan mun leggja áherslu á að skapa sterkan liðsanda og tryggja starfsfólki góða umgjörð svo það geti nýtt hæfileika sína til hins ýtrasta.

Við leitum að hæfu fólki í eftirfarandi störf:

## Viðskiptastjórar

Viðskiptastjórar hjá Titan verða í stöðugum samskiptum við viðskiptavinina félagsins. Þeir þurfa að skilja og skynja þarfir viðskiptavinnanna og sýna ríkt frumkvæði í starfi. Viðskiptastjóri er í þéttru samstarfi við aðra sérfræðinga Titan með það að leiðarljósi að finna hagkvæmstu lausnirnar.

## UNIX sérfræðingar

Við leitum að aðilum með afburðabekkingu á Linux og HP-UX stýrikerfunum. Viðkomandi starfsmenn þurfa að hafa reynslu af því að þjóna kröfuhörðum viðskiptavinum.

## Microsoft sérfræðingar

Við leitum að aðilum með afburðabekkingu á Microsoft kerfislausnum. Viðkomandi starfsmenn þurfa að hafa reynslu af því að þjóna kröfuhörðum viðskiptavinum.

## Netsérfræðingar

Við leitum að aðilum með afburðabekkingu á almennri nethögun, æskilegt að þeirri hafi gráður frá Cisco. Viðkomandi starfsmenn þurfa að hafa reynslu af því að þjóna kröfuhörðum viðskiptavinum.

## Fjármálastjóri

Í hverju fyrirtæki skipta þrjú lykilatriði meginmáli: Skýr markmið, hæft starfsfólk og öguð fjármálastefna. Við leitum að fjármálastjóra sem hefur metnað til að þróast í starfi með Titan upplýsingatækni.

## Innkaup og dreifing

Við leitum að aðilum með afburðabekkingu á innkaupum, birgðastjórnun og erlendum samskiptum á upplýsingartæknisviði. Viðkomandi aðilar þurfa einnig að hafa mjög góða tungumálakunnáttu og reynslu af heildsöluþreifingu.

## Móttökuritari

Við leitum að starfsmanni sem tryggir okkar viðskiptavinum fyrsta flokks afgreiðslu. Starfið felst í almennri símsvörun, skjölun og yfirferð á útsendu efni.

Nánari upplýsingar veitir Hans Pétur Jónsson í síma 896 8076 eða hjá [hans@titan.is](mailto:hans@titan.is).

Einnig er hægt að sækja um ofangreindar stöður á [www.titan.is](http://www.titan.is)

*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*



Nýtt þjónustufyrirtæki á upplýsingatæknimarkaði, Titan ehf., mun hefja rekstur á næstunni og stefnir að því að vera með um 50 sérfræðinga á sínum snærum innan tveggja ára. Til að byrja með mun fyrirtækið einkum einbeita sér að söluráðgjöf á miðlægum lausnum fyrir stærri fyrirtæki en bjóða íslenska markaðnum fljótlega upp á alhliða upplýsingatækniþjónustu.

Eigendur Titan ehf. eru F. Bergsson ehf., Síminn hf. og nokkrir lykilstarfsmenn félagsins.



**RAFAEL NADAL EINBEITUR Á SVIP**  
Spænski tennisleikarinn atti kappi við hinn ítalska Filippo Volandri í Santander á Norður-Spáni í gær og f fór með sigur af hólmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frítímaritið H kemur út í fyrsta sinn í nóvember:

## Lífsstíll fyrir karla og konur

**FJÖLMIDLUN** Nýtt tímarit, Tímaritið H, er að hefja göngu sína og kemur fyrsta tölublaðið út í nóvember. Ritstjóri er Steingerður Steinarsdóttir, fyrrverandi blaðamaður hjá Fróða, og hefur hún þegar tekið til starfa.

Tímaritið H verður ókeypis lífsstílsblað fyrir karla og konur. Steingerður segir að fjallað verði um lífsstíl frá öllum hliðum og allt sem þyki áhugavert. Í blaðinu verði viðtöl, greinar og umfjöllun um allt milli himins og jarðar, líka vöru og þjónustu. Á blaðinu verði tvær forsíður og engin baksíða.

„Við erum tilbúin að fjalla um nánast allt sem gerir lífið skemmtilegt,“ segir hún. Boðið verður upp á svokallaða frískrift. „Við stefnum að því að þetta blað verði frítt og ætlum að láta auglýsingakostnað borga útgáfuna en gefum jafnframt fólki kost á að skrá sig og fá það sent og borga þá eingöngu pósthúðargjald,“ segir Steingerður.



**STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR** Fyrrverandi blaðamaður hjá Fróða verður ritstjóri tímaritsins H.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fyrsta tölublaðið verður 100 síður að stærð og verður upplagið 25 þúsund eintök til að byrja með. Útgáfufélagið Ásberg stendur að blaðinu en það eiga þau Stefán Þórisson, fyrrverandi hóteleigandi, og kona hans, Eva Auðunsdóttir snyrtifræðingur. Auður Auðunsdóttir er framkvæmdastjóri.

- ghs

Pyntingar í Írak:

## Verri eftir brott-hvarf Saddams

**GENE** Manfred Novak, sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna á sviði ómannúðlegrar meðferðar fanga, segir að pyntingar á fongum hafi versnað til muna í Írak, eftir að Saddam Hussein var komið frá völdum. Áður hafi ákveðin regla verið á hlutunum en nú vaði uppi öryggissveitir, herskár einkahersveitir og ýmsir hatursmenn hernámsins. Novak segir ástandið í Írak „farið gjörsamlega úr böndunum“.

Mannréttindanefnd SP í Írak skýrði nýlega frá því í skýrslu að ekki væri óalgennt að finna merki ógeðfella misþyrminga á líkum í líkhúsinu í Bagdad. - kóp

Ung vinstri græn:

## Auður Lilja kjörin formaður

**STJÓRN MÁL** Auður Lilja Erlingsdóttir var kjörin formaður Ungra vinstri grænna á landsfundi samtakanna fyrr í mánuðinum.



**AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR**

Auður Lilja er 27 ára stjórnmálafræðingur og er að ljúka meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Meðal þess sem landsfundur ályktaði um var launaleynd sem ung vinstri græn vilja afnema, þau fagna lögum um reykingabann, vilja að skólabörnum verði heldur kynnt trúarbrögð án hlutdrægni og ítreka kröfu sína um aðskilnað ríkis og kirkju. - bps

Árþing Loftslagsstofnunarinnar í Washington í Bandaríkjunum:

## Forseta Íslands veitt verðlaun

**BESSASTADIR** Loftslagsstofnunin í Washington, Climate Institute, veitti Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, verðlaunin Global Environmental Leadership Award á árþingi stofnunarinnar.

Verðlaunin hlaut Ólafur fyrir að sýna forystu á alþjóðavettvangi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og fyrir framlag íslensku þjóðarinnar við þróun og nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

Ólafur flutti erindi á árþinginu þar sem hann fjallaði meðal annars um árangur Íslands í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og vilja íslenskra stjórnvalda, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til að miðla þeirri þekkingu til annarra þjóða.


Í umfjöllun bandaríska dagblaðsins Herald Tribune um árs-

þingið segir að íslenski forstinn bjóði fram hið agnarsmáa land sitt sem rannsóknarlíkan fyrir heiminn meðan hann vinnur sig gegnum þær hættur sem fylgi hitnun jarðar. Haft er eftir Ólafi að hvergi í heiminum sé hægt að sjá merki loftslagsbreytinga jafn skýrt og í norðrinu. Ísland sé nú þegar að sjá skýr merki loftslagsbreytinga en búi jafnframt yfir góðum ónýttum orkuaudlindum.

- sdg

**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Segir vísindamönnum bera skylda til að koma sinni vitneskju um þessi málefni á framfæri við almenning og stjórnvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




## Alltaf betra verð!



Maarud paprika  
**179**  
kr/pk

Maarud salt & pipar  
**179**  
kr/pk

Maarud salt  
**179**  
kr/pk



Maarud salt  
~~239~~  
kr/pk

Maarud salt & pipar  
~~239~~  
kr/pk

Maarud paprika  
~~239~~  
kr/pk

**KRONAN**  
VIRK SAMKEPPNI

Íbúafjölgun á Fljótsdalshéraði:

## Fólk að flytja heim aftur

**BYGGÐAMÁL** Þeir sem fluttu frá öðrum landshlutum til Fljótsdalshéraðs á fyrri helmingi þessa árs voru 25 fleiri en þeir sem fluttu í burtu. Þann 1. ágúst voru íbúar á Fljótsdalshéraði 4.764.

Eiríkur Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, segir að í þeim hópi fólks sem sé að flytja heim aftur og útlendingar sem ætli að setjast að. Þá er nokkur hreyfing á fólki á milli byggðarlaga á Austurlandi. Þannig fluttu 24 til Fljótsdalshéraðs frá öðrum sveitarfélögum á Austurlandi á fyrri helmingi ársins og nú fluttu frá Fljótsdalshéraði í önnur sveitarfélög í fjórðungnum. -hs

Lögmaður afsláttarfyrirtækisins Aquanetworld segir sig frá meintu fjárvikamáli:

## Nýr lögmaður ver Aquanetworld

**HÉRAÐSDÓMUR** Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., lögmaður Aquanetworld og Mark Ashley Wells, hefur sagt sig frá skuldamáli sem Lesley Ágústsson hefur höfðað vegna fjárvika sem hún telur sig hafa orðið fyrir.

Pormóður Skorri Steingrímsson hdl. hefur tekið við málinu og fer aðalmeðferð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Erfitt reyndist að fá samband við Mark Wells, stofnanda fyrirtækisins, þegar Fréttablaðið heimstótti skrifstofu Aquanetworld við Suðurlandsbraut 4 nýlega og varð að bóka viðtalstíma í næstu viku.

Stefanía Arna Marinósdóttir,

einn af eigendum Aquanetworld, sagði þó að fyrirtækið væri að markaðssetja nýtt afsláttarkort hér á landi. Þegar viðskiptavinir framvísuðu kortinu væri því rennt gegnum posa og punktum safnað.

„Fyrirtækið hefur verið í undirbúningi í þrjú ár en nú er markaðssetning hafin, kortin komin í gang og posar komnir inn í fyrirtæki. Við erum með næstum áttatíu fyrirtæki,“ segir Stefanía Arna.

Lesley Ágústsson fékk gjafsókn til að reka málið fyrir Héraðsdómi. Hún segist hafa tapað stórum fjárhæðum á Aquanetworld. -ghs



**SKRIFSTOFUR AQUANETWORLD** Aquanetworld er með skrifstofur við Suðurlandsbraut 4. Hér má sjá Krystyna Peratikos, tengdamóður Lesley, sem starfar í móttöku fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÁSTA MÖLLER** Segir þörf fyrir samtök á borð við landsambandið og sambærileg samtök séu að myndast í ýmsum stéttum.

Konur í Sjálfstæðisflokknum:

## Gefa út ritið Níutíu raddir

**ÚTGÁFA** Landssamband sjálfstæðiskvenna hefur gefið út ritið Níutíu raddir sem geymir greinar eftir jafn margar konur. Landssambandið fagnar nú 50 ára afmæli og kemur greinasafnið út í tengslum við þau tímamót.

Hugmyndin að ritinu kviknaði út frá því að í fyrra voru 90 ár liðin frá því að íslenskar konur hlutu kosningarétt að sögn Ástu Möller, formanns landssambandsins. „Þetta er innlegg 90 kvenna til þjóðfélagsmálanna, útfært til framtíðar.“

Ásta segir greinilegt að konur finni styrk í að mynda vettvang meðal kynsystra sinna. „Svona hagsmunasamtök skila verulegum árangri við að koma fram með ákveðið sjónarmið um mikilvægi kvenna í stjórnmálum.“ -sdg



**GUÐLAUGUR ÞÓR OG HERDÍS** Stjórnarformaður Orkuveitunnar, Guðlaugur Þór Þórðarson, og Herdís Storgaard, forstöðumaður Sjóvá Forvarnahúss, undirrita hér samninginn.

Samstarf Orkuveitu og Sjóvá:

## Forvarnir gegn brunaslysum

**FORVARNIR** Samningur um forvarnarsamstarf gegn brunaslysum af völdum heits vatns var undirritaður á milli Orkuveitu Reykjavíkur og Sjóvá Forvarnahúss á fimmtudaginn. Sjóvá Forvarnahús mun leiða verkefnið með stuðningi og fulltingi Orkuveitu Reykjavíkur.

Verkefnið beinist að því að þróa og kynna lausnir til að koma í veg fyrir brunaslys af völdum heits vatns. Áætlað er að verkefnið muni kosta fjórar milljónir króna og standa í eitt ár. Orkuveita Reykjavíkur mun fjármagna verkefnið. -sdg

# VERKLEGIR VINNUPALLAR

Í Múrbúðinni er glæsilegt úrval af vinnupöllum og -tröppum á sérlega hagstæðu verði

**CORDA MOBILE** kr.18,900 m/vsk

**KRAUSE PROTEC 6,3m**  
kr. 188.556,- m/vsk

**Stigi/trappa** kr. 8.655,-  
(margar stærðir og gerðir)

**MACC vinnupallur**  
á hjólum kr.118.569,-

Tröppur fyrir fagmenn

**KRAUSE STABILO 3,7m**  
kr. 94.500,- m/vsk

**KRAUSE STABILO 4,7m**  
kr. 139.800,- m/vsk

**KRAUSE STABILO 82m²**  
kr. 479.325,- m/vsk  
(aðeins hluti sýndur hér)

LÆKKUM VERÐIÐ A-BYGGINGA-VÖRUM

**MÚRBÚÐIN**  
Byggingavöruverslunin í Árbænum  
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

## „ORÐRÉTT“

## Lagt í rúst

„Svona aðgerðir á svona stuttum tíma munu leggja stóran hluta landbúnaðarins, og úrvinnslugreina hans, í rúst.“

Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, fer öfögrum orðum um tillögur Samfylkingar til lækunar á matvöruverði. Fréttablaðið, 24. september.

## Enn sami sonurinn

„Hann hefur ekkert breyst heldur er bara ennþá sami sonurinn og hann hefur alltaf verið.“

Þóra Hallgrímsdóttir, móðir Björgólfs Thors Björgólfs-sonar, segist afar stolt af syni sínum. Hann var nýlega valinn kynþokkafyllsti auðjófurinn af viðskiptablaðinu Financial Times. Fréttablaðið, 24. september.

nær og fjær  
tilveranSJÓNARHÓLL  
DÓMSDAGURGuð er á  
móti græn-  
metisætum

Samkvæmt mörgum bókstafs-trúarhreyfingum, bæði í Biblíubelti Bandaríkjanna og meðal múslima, eru mörg teikn á lofti um að dómisdagur sé í nánd. Pétur Þorsteinsson, prestur Óháða safnaðarins, trúir þessu líka og vitnar í Biblíuna: „Í annarri grein Trúarjátningarinnar segir að Kristur komi aftur til að dæma lifendur og dauða. Sem kristinn maður trúir ég þessu auðvitað og að þarna verði efsti dagur,“ segir hann og bætir við í léttum dúr: „Eftir efsta dag verður samband okkar og Guðs það sama og áður en Adam og Eva fóru á kalkúrinn. Mér sýnist að Guð sé á móti grænmetisætum og eftir dómisdag hljóttum við að éta eingöngu rollukjöt og rjóma.“

Samkvæmt Pétri þarf fólk ekki að óttast dómisdag því Guð er réttlátur dómari. En hvenær kemur svo að stóra deginum? „Ætli það verði ekki bara þegar við höfum étit sunnudagssteikina og erum búin í hádegis-hölluninni. Þá verður dómisdagur.“



PÉTUR ÞORSTEINSSON  
PRESTUR ÓHÁÐA  
SAFNAÐARINS

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ODDNÝ EIR ÆVARSDÓTTIR RITHÖFUNDUR OG FRÆÐAKONA

## Úr apaflösu í fræðaklaustur

„Af mér er það helst að fréttu að ég bý á bak við mikkrofón þessi misserin, er að gera viðtalsrannsókn á íslenskum skjalasöfnunum og svo tók ég líka viðtöl við fullt af listamönnum og listasafnsfólki í sumar, en þau birtust í Póstpostillu sem kom út í tengslum við sýninguna Pakkhús postulanna í Listasafni Reykjavíkur.“

Oddný segist að auki vera í teymi með bróðir sínum Ugga og pabba, Ævari Kjartanssyni, við að taka upp viðtöl við fólk í Stykkishólmi um veðrið.



„Það er verkefni fyrir Roni Horn en núna þegar nunnurnar fara bráðum úr Hólminum koma listamennirnir siglandi,“ segir Oddný og bætir við að myndlistin sé eins og veðrið í lífi sínu og allt um kring.

„Við Uggi erum líka að vinna með öðru góðu myndlistarfólki, meðal annars með mömmu okkar, að útgáfu á listverkaöskju Apaflösu í kjölfarið á röð sýninga sem við skipulögðum í New York. En svo ætla ég að fara til Parísar í vetur í eitthvert fræða- og nunnuklaustur, enda er kærasti minn við störf í Kongó í Afríku.“

TILVILJUN:  
SKINKA HANDA MÖMMU

■ Hjartaknúsarinn með barns-andlitinu, Cliff Richard, spilar í Höllinni í mars á næsta ári. Samkynhneigð hefur löngum verið borin upp á Cliff en hann neitar öllu slíku. Hann hefur þó aldrei verið við kvenmann kenndur og virðist fá sína útrás með að spila tennis.



Ónefndur Íslendingur hitti Cliff í flughafnarverslun nýlega. Þeir tóku tal saman og Íslendingurinn sagðist vera að kaupa skinku handa mömmu sinni. „Ég líka,“ sagði þá Cliff. Ötrúleg tilviljun!



BIRGIR, JÓN KR. OG STEINN Láta fara vel um sig í tónlistarsafninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/TRAUSTIÚL

## Aldrei dauður punktur með Jóni Kr.

„Þetta er búið að standa til í mörg ár, enda tónlistarsafnið, Bildudalur og Jón Kr. allt saman mjög heillandi fyrirbæri,“ segir Steinn Skaptason, trommuleikari og tónlistaráhugamaður. „Þetta stóð allt hundrað prósent og vel það undir

væntingum. Safnið er mjög persónulegt og endurspeglar bæði Jón sjálfan og íslenska tónlistarsögu vel. Þarna er mjög góður andi.“

Jón Kr. tók ferðalöngunum með opnum örmum. „Við færðum safninu nokkrar gull- og platinu-plötur með Sálinni sem Jón var mjög ánægður með. Ég held að við höfum fengið sérmeðferð þeirra vegna. Jón sveif með okkur aftur í tímann, sýndi okkur safnið hátt og lágt og jós úr sagnabrunni sínum. Hann er stórkostleg persóna og það var aldrei dauður punktur,“ segir Steinn.

Daginn eftir fór Jón Kr. með pílagrímunum í bíltúr. „Við fórum að fossinum Dynjanda í Arnarfirði. Þar sýndi meistarin okkur einn af mörgum minnisvörðum sem hann hefur reist víða um land á eigin kostnað af miklum dugnaði og hugsjón. Þennan minnisvörð reisti hann í tilefni af

Ferðafélagarnir Steinn Skaptason, Birgir Baldurs-son og Trausti Júlíusson fóru í pílagrímsferð vestur á Bildudal í sumar. Þeir færðu Jóni Kr. Ólafssyni í tónlistarsafninu Melódiúr minninganna nokkrar gullplötur með Sálinni hans Jóns míns, sem Birgir spilaði með á árum áður. Þeim var tekið með kostum og kynjum.

Því að atriði í kvikmyndinni Börn náttúrunnar var tekið þarna við fossinn. Jón var einmitt með einsöng í þeirri mynd.“

Steinn segist dást að því mikla starfi sem Jón hefur áorkað. „Þetta var alveg stórkostleg upplifun, safnið alveg æðislegt og



FÉLAGARNIR KOMNIR AÐ DYNJANDA Þar hefur Jón Kr. komið fyrir minnisvarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/TRAUSTIÚL

Jón sömuleiðis. Það er minn draumur að fara þarna aftur sem allra fyrst.“ gunnarh@frettabladid.is

Heildarlausn fyrir snyrtinguna  
Lotus Professional

## Á tilboði í september



3.982 kr.

Hvítur enMotion snertifrjár skammtari



1.865 kr.

Hvítur sápuskammtari Foam



1.865 kr.

Hvítt WC Compact statif fyrir tvær rúllur

## Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhúsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



## FREYR EYJÓLFSSON LOKSINS KOMINN MEÐ BÍLPRÓF:

## Breytist ekki í bílahlusu

„Það stóð nú alltaf til að taka bílprófið en það tafðist í 15 ár vegna annarra verkefna. Svo sá ég smugu í stundaskránni og dreif í þessu,“ segir Freyr Eyjólfsson, dagskrárgerðarmaður á Rás 2, sem fékk loksins öskuskírteinið í síðasta mánuði. Hann bættist þar með í hóp með mönnum eins og Bubba Morthens og Merði Árnasyni, sem tóku bílprófið seint og um síðir. Freyr segist ekkert hafa fundið fyrir bílprófsleysinu. „Mér finnst nú bara gaman að hjóla og labba og svo kann ég á stræti. Ef mikið lá við átti maður kærustu og vini sem höfðu bílpróf.“

Freyr hafði keyrt traktor í sveit sem unglingur en fannst samt dálítið erfitt að læra á bíl. „Það var meira mál en ég hélt. Ég mætti auðmjúkur í bók-

legu tímana og var þar með eintómum krökkum í bekk. Ég hefði getað verið pabbi þeirra allra svo þetta var dálítið skritin upplifun. Eftir prófið hef ég samt haldið áfram að labba og hjóla og ætla ekki að breytist í jeppakarl eða bílahlusu.“



FREYR OG COROLLA Freyr fer aldrei yfir hámarkshraða.

Freyr keyrir nú fjölskyldubílinn, Toyota Corolla, og segist vera mjög góður bílstjóri. „Ég fer aldrei yfir hámarkshraða og gef alltaf stefnuljós. Svo hlusta ég auðvitað alltaf á Umferðarútvarpið kl. 17. En það læðist engu að síður að manni ótti við allar þessar hörmungarfréttir úr umferðinni. Ég er ekkert óöruggur í umferðinni, þannig séð, en maður er hræddur við fávita sem keyra allt of hratt. Það virðist nóg vera til af þeim.“ - gth





# góð tilboð í augastað!

## tilboð 2

Ef þú kaupir gleraugu með einum styrk (nær/fjær) færðu önnur gleraugu með sama styrkleika með 50% afsl.

## tilboð 1

Frí leskleraugu fylgja öllum margskiptum gleraugum (umgjörð og gler)

## tilboð 3

Ef þú kaupir gleraugu þá færðu frí sólgleraugu í sama styrkleika.

Sjónfræðingur á staðnum




**augastaður**  
færir þér nýja sýn!

 **Lyf & heilsa** Hamraborg og JL-húsinu

 **Apótekarinn** Augastaður Apótekanum Hafnarstræti 95 Sími 460 3460

**Svona erum við**

> Launavísitala landsmanna



Heimild: Hagstofa Íslands

**FBL GREINING: BARÁTTA ÓMARS RAGNARSSONAR Í UMhverfismálum**

**Gangsett með rafmagni frá háhitasvæðum**

Ómar Ragnarsson sjónvarpsfréttamaður er hættur að fjalla um umhverfismál í fréttum og ætlar að beita sér fyrir því að Kárahnjúkavirkjun verði ekki sett í gang fyrr en eftir sex ár þegar tekst að útvega rafmagn til þess frá háhitasvæðum á Norðausturlandi. Ómar telur að aldrei muni nást þjóðarsátt um eyðileggingu náttúruverðmæta. Fylgjendur álvers sætti sig ekki við að missa það og erfitt sé að sjá möguleika á annarri þjóðarsátt en hvorutvegja, álveri og Hjalladal.

**Hvað telur Ómar að þurfi til? Hugrekki og vilja, það segir hann að sé allt sem þarf. Kostnaðurinn við frestun myndi nema um**



fimmtán til tuttugu milljörðum króna á ári og væri hlutfallslega minna átak fyrir þjóðina en vegna Eyjagossins á sínum tíma. Þessi kostnaður væri álíka og þjóðin greiðir beint til landbúnaðar.

**Hvernig skiptist þessi kostnaður?** Ómar telur að fimm til sex milljarðar á ári færu í skaðabætur til Alcoa og þrír

milljarðar í kaup til 450 starfsmanna Alcoa.

**Hvernig er þetta hugsað?** Starfsmennirnir myndu stimpla sig inn og út á vinnuskyldum dögum en þyrftu ekki að vinna í álverinu fyrr en það tæki til starfa. Í frítíma sínum gætu þeir fengið sér aukavinnu við uppbyggingu á þjóðgarði norðan Vatnajökuls, svæði heimsminjaskrár UNESCO á virkjunarsvæðinu og tengda ferðaþjónustu á Austurlandi.

**Myndu íbúarnir skaðast fjárhagslega?** Nei. Vegna mætingarskyldu myndi þjónusta ekki skerðast og íbúarnir ekki skaðast fjárhagslega, þvert á móti myndu þeir hagnast með nýjum möguleikum til uppbyggingar í tengslum við þjóðgarð og heimsminjasvæði sem sköpuðust. Líklega yrði að reikna með sjö til átta milljarða aukalegum fjármagnskostnaði.

**baksvið**

fréttir og fróðleikur

**Aðskilnaðarhreyfing vaknar úr löngum dvala**

Fyrir rúmri viku voru haldnar kosningar í Transnistríu, litlu héraði í Moldóvu. Koskið var um sjálfstæði héraðsins, sem í reynd hefur verið sjálfstætt frá árinu 1990 þótt formleg viðurkenning á þeirri stöðu hafi aldrei fengist.

Í kosningunum voru íbúum héraðsins gefnir tveir möguleikar: Annað hvort yrði héraðið verði áfram sjálfstætt, algerlega í óþökk við stjórnvöld Moldóvu, en í framhaldinu yrði þá stefnt að sameiningu við Rússland, eða skrefið yrði tekið í hina áttina og ákveðið að sameinast Moldóvu.

Kosningabátttakan var góð, nærri 79 prósent allra íbúa í Transnistríu mættu á kjörstað, og af þeim samþykktu 97 prósent áframhaldandi sjálfstæði og þar með sameiningu við Rússland þegar fram líða stundir.

**Fleiri deilur blunda**

Í tengslum við þessar kosningar heyrðust oft varnaðarorð um að þær gætu hvatt aðskilnaðarhreyfingar víðar í fyrirverandi Sovéttlýð-



**FAGNAR SJÁLFSTÆÐISKOSNINGU** Íbúar í Transnistríu vilja ólmir segja skilið við Moldóvu og helst sameinast Rússlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

veldum til dáða, og má þar nefna íbúa í Abkasíu og Suður-Ossetíu, sem bæði eru héröð í Georgíu, og einnig íbúana í Nagorno-Karabakh í Armeníu. Hörð atök hafa sett svip sinn á sögu þessara héraða eftir að Sovétríkin liðuðust í sundur fyrir hálfum öðrum áratug.

Sömuleiðis þótti hætta á því að kosningarnar í Transnistríu gerðu rússneskum stjórnvöldum erfitt fyrir, því þau hafastutt aðskilnaðarhreyfingar Rússa í öðrum ríkjum en barið hart niður allar aðskilnaðarhreyfingar innan eigin landamæra, eins og til að mynda í Tsjetsjeníu.

Transnistría er eitt einangraða svæði Evrópu. Til þess að

komast frá Tiraspol, sem er höfuðborg Transnistríu, til Chisinau, höfuðborgar Moldóvu, þarf að fara í gegnum fimm eftirlitsstöðvar, en stór hluti íbúa héraðsins eiga ekkert vegabréf og komast því alls ekki þessa leið.

Héraðið Transnistría er löng og mjó landræma meðfram austurlandamærum Moldóvu, austan við ána Dniestr. Transnistría tilheyrði áður Sovétríkjunum og hafði stöðu sjálfstæðs héraðs þar áður en Stalín hirti vænan part af hinum moldóvska hluta Rúmeníu og sameinaði hann héraðinu í nýtt Sovéttlýðveldi sem fékk nafnið Moldova.

**Kostaði 1.500 manns lífið**

Eftir fall Sovétríkjanna féllu braust fljótlega út stríð milli Moldóvu og Transnistríu sem kostaði 1500 manns lífið en lauk árið 1992, án þess þó að endanleg niðurstaða fengist í sjálfstæðismálinu.

Íbúar í Transnistríu eru um það bil 550 þúsund, flestir af rússneskum eða úkraínskum uppruna, en þriðjungur íbúanna er moldóvskur. Íbúarnir minnst margir hverjir Sovétríkjanna með hlýhug og tákni Sovétríkjanna er enn víða að finna í höfuðborginni Tiraspol.

Opinbert tungumál Moldóvu er hins vegar rúmenska, og Transnistríubúar hafa enn horn í síðu Rúmena frá því stjórn hliðholl nasistum var þar við völd í heimsstyrjöldinni síðari.

**„Pólítískur farsí“**

Utanríkisráðherra Moldóvu kallaði sjálfstæðiskosningarnar í Transnistría „pólítískan farsa“ sem ekki myndi breyta nokkrum sköpuðum hlut, enda hefur héraðið í reynd verið sjálfstætt í hálfan annan áratug. Einnig þykir afar ólíklegt að af sameiningu við Rússland verði nokkurn tímann, í það minnsta ekki í fyrirsjáanlegri framtíð. Auk þess á héraðið ekki landamæri að Rússlandi, því Úkraína er á milli Rússlands og Moldóvu.

Íbúar héraðsins virðast hins vegar upp til hópa ánægðir með að loksins hafi verið efnt til þjóðar- atkvæðagreiðslu um sjálfstæðismálið.

„Við hefðum átt að gera þetta fyrir löngu,“ hafði blaðakona AP-fréttastofunnar eftir konu á sextugsaldri, sem var á göngu við risastóra stytta af Lenín sem prýðir miðbæinn í Tiraspol, höfuðborg héraðsins. „Við eigum heima í Rússlandi.“

**Aðskilnaðardeilur í fyrrum Sovétríkjunum**

Íbúar í Transnistríu völdu í kosningum sjálfstæði frá Moldóvu og vilja sameinast Rússlandi. Sextán ára löng deila héraðsins við Moldóvu er aðeins ein af mörgum aðskilnaðardeilum sem liggja í dvala á þeim svæðum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum.

**TÉTÉNÍA:** Tilheyrir Rússlandi en hefur barist fyrir aðskilnaði síðan 1994. Atökín hafa stundum breiðst út til nærliggjandi lýðveldi

**SUDUR-OSSETÍA:** Hundrað þúsund manns hróktust á flotta í átökum fyrir rúmum áratug. Vaxandi þjóðernishyggja gæti leitt af sér nýja ofbeldisöldu. Sjálfstæðiskosningar verða haldnar 12. nóvember

**TRANSNISTRÍA:** Sagði skilið við Moldóvu 1990, en stríði við Moldóvu lauk 1992. Tveir af hverjum þremur íbúum eru rússneskir eða úkraínskir. Mikilið hérað

**ABKASÍA:** Hlaut sjálfstæði í reynd að loknu stríði við Georgíu 1992-93. Náin tengsl við Rússland.

**NAGORNO-KARABAKH** Stjórnad af her Armeníu síðan þriggja ára stríði lauk árið 1994.

© GRAPHIC NEWS

**Kvenréttindafélag Íslands**

**150 ára afmælishátíð Bríetar Bjarnhéðinsdóttur**

**í Tjarnarsal Ráðhússins 27. september 2006**  
kl. 14:00-16:00 Móttaka frá 16:00 til 17:00

**Dagskrá:**

1. „Íslands konur hefjist handa“ – Ávarp formanns KRFÍ, Þorbjörg Inga Jónsdóttir.
2. „Bríet - ævi og áhrif“ – Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur.
3. „Nokkur orð um menntun og réttindi kvenna“ – Ræða Bríetar Bjarnhéðinsdóttur sem birtist í Fjallkonunni, 22. júní 1885, Esther Talía Casey, afkomandi Bríetar.
4. Ávarp frá Bríetunum – Hópur ungra feminista.
5. **Kvennasöngvar** – Sigrún Hjámtyrdóttir, **Diddú** undirleikari er **Anna Guðný Guðmundsdóttir**.
6. **Móttaka** veitingar í boði Reykjavíkurborgar.

**Fundarstjóri er Margrét Sverrisdóttir**

**FRÉTTASKÝRING**  
**GUÐSTEINN BJARNASON**  
gudsteinn@frettabladid.is

Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.  
Engir ábyrgðarmenn. Lægri verð - lægri afborgun.\*  
Aðeins í 5 daga. Komdu strax.

# Fislétt kaup

Pig vantar bíl. Núna  
Aðeins 51 bíll í 5 daga  
Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Tökum notaðan  
uppi notaðan

Fislétt bílakaup - afborgun  
undir 15.000 kr. á mánuði



Peugeot 306 Break 1,6 beinsk. skrd. 02/2000 ek: 90.000 km.  
Verð 550.000 kr. Tilboðsverð 420.000 kr. Útborgun 42.000 kr.  
10.082 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. RU-846.



Daihatsu Gran Move 1,6 sjálfsk. skrd. 09/1999 ek: 132.000 km.  
Verð 530.000 kr. Tilboðsverð 399.000 kr. Útborgun 39.900 kr.  
12.136 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. PA-736.



Renault Megane Scenic 1,6 beinsk. skrd. 02/2000 ek: 136.000 km.  
Verð 790.000 kr. Tilboðsverð 590.000 kr. Útborgun 59.000 kr.  
14.163 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. PB-189.



Ford Focus Ambiente 1,4 beinsk. skrd. 05/2000 ek: 95.000 km.  
Verð 720.000 kr. Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.  
14.372 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. RF-987.

Fislétt bílakaup - afborgun  
15.000 - 20.000 kr. á mánuði



MMC Lancer GLX 1,6 beinsk. skrd. 11/2000 ek: 91.000 km.  
Verð 750.000 kr. Tilboðsverð 630.000 kr. Útborgun 63.000 kr.  
15.123 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. MZ-468.



Nissan Micra 1,3 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 49.000 km.  
Verð 1.320.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.  
15.654 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. ZT-978.



V Passat Comfort 1,8 beinsk. skrd. 11/1997 ek: 142.000 km.  
Verð 790.000 kr. Tilboðsverð 399.000 kr. Útborgun 39.900 kr.  
17.200 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. SP-699.



Hyundai Elantra 1,6 beinsk. skrd. 03/2001 ek: 78.000 km.  
Verð 750.000 kr. Tilboðsverð 650.000 kr. Útborgun 65.000 kr.  
17.574 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. JE-230.

Fislétt bílakaup - afborgun  
20.000 - 25.000 kr. á mánuði



Citroën Picasso 1,8 beinsk. skrd. 11/2004 ek: 21.000 km.  
Verð 1.590.000 kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Útborgun 129.000 kr.  
20.398 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. PJ-490.



Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 04/2003 ek: 79.000 km.  
Verð 1.220.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.  
21.877 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. UI-904.



Chevrolet Lacetti 1,8 sjálfsk. skrd. 04/2005 ek: 17.000 km.  
Verð 1.720.000 kr. Tilboðsverð 1.590.000 kr. Útborgun 159.000 kr.  
22.287 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TI-723.



Citroën C4 1,6 sjálfsk. skrd. 05/2005 ek: 14.000 km.  
Verð 1.740.000 kr. Tilboðsverð 1.570.000 kr. Útborgun 157.000 kr.  
24.825 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. KX-113.

Fislétt bílakaup - afborgun  
yfir 25.000 kr. á mánuði



Hyundai Tucson 2,6 sjálfsk. skrd. 04/2005 ek: 37.000 km.  
Verð 2.790.000 kr. Tilboðsverð 2.290.000 kr. Útborgun 229.000 kr.  
32.092 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BI-351.



Ford Escape XLS 2,3 sjálfsk. skrd. 04/2005 ek: 21.000 km.  
Verð 2.590.000 kr. Tilboðsverð 2.290.000 kr. Útborgun 229.000 kr.  
36.209 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. BB-955.



Volvo S40 T5 2,5 sjálfsk. skrd. 12/2005 ek: 16.000 km.  
Verð 3.590.000 kr. Tilboðsverð 3.090.000 kr. Útborgun 309.000 kr.  
43.311 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RE-888.



Ford Expedition Eddie Bauer 5,4 sjálfsk. skrd. 08/2000 ek: 104.000 km.  
Verð 2.490.000 kr. Tilboðsverð 2.190.000 kr. Útborgun 219.000 kr.  
52.572 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. DR-747.

Pig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.  
Fislétt kaup. Aðeins í 5 daga.



Taktubí

brimborg  
Öruggur staður til að vera á

\*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is



## STEINTEPPI FYRIR HEIMILIÐ

Elly Ármannsdóttir segir steinteppi ekki síðri í heima-húsum en í fyrirtækjum.

HÚS 2



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

### FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	
Ás	20 - 22
Árborgir	27
Atlas International	32
Draumahús	24 - 25
Eignamiðlun Suðurn.	19
Eignastýring	14
Eignaval	23
Fast.félag Austurl.	30
Fast.miðlun Grafarv.	30
Fast.miðlun Kópav.	33
Fast.miðlunin Mjódd	17,19
Fast.miðlun Reykjav.	31
Fyrirtækjasala Suðurl.	12
Ísl. aðalverktakar	9, 29
Kjarni Byggingafélag	17
Lundur	6 - 7
Lyngvík	27
Lögmenn Suðurlandi	15
Neteign	11
Remax	
Skípa og húsanaustr	10
Valhöll	8
Viðskiptahúsið	13



Vatnsendablettur 710 í Vatnsendahverfi er glæsileg eign með frábært útsýni yfir Elliðavatn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn  
25. september, 268. dagur  
ársins 2006.



	Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	7.18	13.19	19.19
Akureyri	7.03	13.04	19.03

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

## Glæsileg nýbygging á góðum útsýnisstað

Fasteignasalan Ás er með til sölu 345 fermetra einbýlishús á glæsilegum stað við Vatnsenda.

Um er að ræða glæsilegt einbýli á frábærum útsýnisstað. Húsið stendur á 1.300 fermetra lóð, ekki langt frá Elliðavatni í átt að Krísnesi. Útsýni er yfir Elliðavatn, Bláfjöllin og Heiðmörkina. Húsið hentar einstaklega vel þeim sem vilja vera í tengslum við náttúruna en göngu- og reiðstígar liggja alls staðar í kringum vatnið og upp í Heiðmörk.

Húsið er 345 fermetrar að stærð, þar af

er bílskúr sem er 54 fermetrar. Bílskúrin er tvöfaldur og inni af honum er stórt fjölskylduberbergi með stiga upp á aðalhæðina. Húsið skiptist í tvær stofur með svölum og fallegu útsýni. Eldhúsið er opið og rúmgott og þvottahús er innan íbúðar. Tvö baðherbergi eru í húsinu, fjögur svefnherbergi og stórt sjónvarpsherbergi. Úr öllum herbergjum er útgengt á lóðina.

Lóðin er ófrágengin en gert er ráð fyrir suðurverönd í skjóli við húsið. Húsið skilast fohkelt að innan og fullbúið að utan.

Söluverð eignarinnar er 69 milljónir og er húsið tilbúið til afhendingar.

## Endurbætur á Valhúsa- og Mýrarhúsaskóla

MIKLAR ENDURBÆTUR HAFA STAÐIÐ YFIR Á BÁÐUM GRUNNSKÓLABYGGINGUM SELTJARNARNESBÆJAR UNÐANFARIN ÁR EN NÚ FER ÞEIM FRAMKVÆMDUM AÐ LJÚKA.

Vel miðar með þær framkvæmdir sem staðið hafa yfir á Valhúsa- og Mýrarhúsaskóla undanfarin ár. Endurbótum á Valhúsaskóla er lokið og stefnt að því að ljúka Mýrarhúsaskóla á næsta ári. Þar með lýkur um 400 milljón króna endurbótaátaki á grunnskólum bæjarins.

Meðal þess sem unnið hefur verið að er að endurnýja bókasafn Valhúsaskóla frá grunni. Endurbætur hafa bætt mjög aðstöðu nemenda og starfsfólks. Allar einingar eru hreyfanlegar, sem býður upp á mikla möguleika. Bókasafnið er í miðjum skólanum og því er safnið þungamiðja í starfsemi skólans.



Nemendur og kennarar eru ánægðir með nýja bókasafnið í Valhúsaskóla.



# RE/MAX®

## www.remax.is

enginn í heimi selur fleiri fasteignir...



**Vantar stiga eða handrið ?  
Við höfum lausn fyrir þig  
Mælum, teiknum, smíðum  
og setjum upp**

Mex - byggingavörur  
Sími 567 1300 og 848 3215  
[www.byggingavorur.com](http://www.byggingavorur.com)

**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Hjá PGV eru ekki eingöngu smíðaðir gluggar og hurðir úr PVC, heldur einnig garðskálar og svalagluggar.

MYND/PGV

**Gluggar & hurðir**

Gluggar, hurðir, og svalhurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

**Ekkert viðhald**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: [gluggar@vortex.is](mailto:gluggar@vortex.is)

**Kjarnagluggar**  
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi • sími 564 4714 • Fax 564 4713  
[www.kjarnagluggar.is](http://www.kjarnagluggar.is)

## Viðhald heyrir sögunni til

Með tilkomu PVC-glugga sem eru fánlegir hjá PGV í Bæjarhraumi 6 í Hafnarfirði þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af viðhaldi, viðgerðum og endurnýjun glugga.

„Þetta eru viðhaldsfríir gluggar úr álagsþolnum harðplastprófilum, með miðjukjarna úr „galvaníseruðu“ stáli,“ segir Þorsteinn Jóhannesson, einn eigenda PGV, um PVC-gluggana. „Við fáum efni, það er gluggaprófilana, frá hinu velþekktu og virta byggingavörufyrirtæki Thyssen í Þýskalandi, en smíðum þá hér.“

Að sögn Þorsteins er áratuga reynsla af PVC-gluggunum erlendis, þar sem þeir hafa gefið góða raun. „Mest er framleitt af PVC-gluggum í löndum eins og Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi,“ segir hann. „Í Bretlandi eru PVC-gluggaverksmiðjur að verða uppiskroppa með verkefni að nýbyggingum undanskildum, þar sem slíkir gluggar eru komnir nánast í hvert einasta hús og því engin þörf á endurnýjun. Með tilkomu PVC heyrir viðhald glugga sögunni til.“

Þorsteinn segir glugga af þessu tagi henta best þar sem veðurskilyrði eru erfið og umhleyppingasöm. „PVC þolir hitabreytingar og seltu, sem vinnur frekar á timbri og áli,“ segir hann. „Í Kanada verður engin breyting á gluggunum hvort sem það er 40 stiga hiti á



PVC-gluggar eru einangrandi bæði hvað hljóð og hitabreytingar snertir.

MYND/PGV

allt matur

Alla föstudaga



PVC-gluggar hjá PGV eru á sambærilegu verði og timburgluggar.

MYND/PGV

**MEINDÝRAVARNIR  
SUÐURLANDS EHF**

Eina sérverslunin á landinu neð vörur fyrir meindýravarnir.  
Sími 482-3337 Fax 588-9229

[www.meindyravarnir.is](http://www.meindyravarnir.is)

Fjölbreytt úrval. Músagildrur  
Músafellur – Músabeitustöðvar  
Músastoppkitti – Músahótel.

Meindýraforvarnir.  
Hafðu samband við fagmenn...  
það er lausnin.

sumrin eða 40 stiga frost á vetur, sem sparar kyndingar-kostnað. Eins er orðin gríðarleg eftirsókn í Færeyjum og á Nýfundnalandi þar sem timburgluggar í byggingum við sjávarsíðuna hafa orðið ónýtir á aðeins nokkrum árum.

Þorsteinn bendir á að PVC-gluggarnir séu seldir á sambærilegu verði og timburgluggar auk þess sem tíu ára ábyrgð fylgi þeim. „Þeir eru fljótir í uppsetningu, það er auðvelt að glerja þá og skipta um gler brotni það,“ segir hann. „Valið stendur því á milli tveggja gluggategunda, annars vegar glugga sem þarfnast reglulegs viðhalds eða viðhaldsfrírra glugga með tíu ára ábyrgð. Svo eru þeir mjög hljóðeinangrandi.“ Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu fyrirtækisins [www.pgv.is](http://www.pgv.is)

roald@frettabladid.is



Þorsteinn segir PVC-glugga hafa gefið góða raun erlendis þar sem þeir hafa verið notaðir um áratuga skeið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



## Guðmundur Óli Scheving

SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

## Húsamús

(*M.m.musculus* og *M.m.domesticus*) House Mouse

Upphaflega er talið að húsamúsinn hafi komið frá Norður-Indlandi og hafi í tímans rás borist um allan heim með mannum. Talið er að undirtegundir húsamúsar í Evrópu séu tvær, annars vegar *M.m.musculus* sem lifir í Skandinavíu, nyrst á Jótlandsskaga og um alla austanverða Evrópu og hins vegar *M.m.domesticus* sem lifir á Bretlandseyjum og víðar um Vestur- og Suður-Evrópu. Nýlega var uppgötvað að hún væri líka á Íslandi. Líturinn á henni minnir fremur á *M.m.musculus*.

Talið er að húsamúsinn hafi borist til landsins með landnámsmönnum.

Á stríðsárunum barst hingað með hernum dökkt litarafrígið, oft nefnd „Bretamús“ eða svartamús vegna þess hve dökk hún er.

Húsamúsinn lifir í 6-8 mánuði. Dýrin eru 6-12 cm að lengd án hala, halinn er styttri en á hagamúsinni eða um 5-10 cm langur Fullvaxin dýr eru 10-25 g að þyngd. Meðganga fyrir got er 25 dagar og geta 4-13 ungar komið í einu goti. Þyngd unga er 1-2 g.

Á varahluti í 2ja dyra Sunny árg. '93, Legacy '93, Toyota Coster 28" sjónv. á 10 þ. s. 896 8568.

### Bílaaleiga



### Bílaaleiga

Bílaaleiga, hjólhýsaleiga, bátaleiga, bílaþrif, skemmtisiglingar o.fl. Aftann ehf. Steinhella 5 221 Hafnarfirði www.aftann.org - s.864 4589/554 4589

## KEYPT & SELT

### Til sölu



Besta lausn fyrir þröng rými. Adcco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

### Veidinet fyrir veidiréttihafa



HEIMAVÍK  
SÍMI 892 8655

### Ódyrt

Birkirkrossviður, 12mm 122\*244cm. Ofnþurkuð fura: 63\*125 og 75\*125 Íslensk-Rússneska ehf. S.8956594

Til sölu vinnuskúr, doki og m.fl. til bygginga. Uppl. í síma 6970905. Björn

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Frystiskápur á 10 þ., frystikista á 10 þ. Aircondition á 10 þ. Þvottavél á 12 þ. Eldavél á 5 þ. Leðurstóll á 5 þ. 28 sjónvarp á 10 þ. Uppl. í s. 896 8568

### Hljómtæki



### Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/örorkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

### Tölvur



Nýjar tölvur og fl. www.vefkaup.is

Notaðar tölvur og fl. http://tolvur.vortex.is

Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringiðunni. Sími 525 2400.

### Tölvuviðgerðir.

Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

### Til bygginga



Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

### Verslun

Vörur til skartgripagerðar. Ótrúlegt úrval. - Perlukafarinn Holtasmára 1. www.perlukafarinn.is

Einstök gjafavara fást í Perlukafaranum Holtasmára 1. www.perlukafarinn.is

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar



### Er allt í drasli?

Þrifum fyrir heimil, húsfélag stofnanir og skóla. Tökum að okkur íðnaðarþrif, flutningsþrif, reppahreinsun og bómfræu.

Láttu mig um þúlið! Nýbyggingar, flutningsþrif og fyrirtæki. Föst verðtilboð. Ásta s. 848 7367.


### Ræstingar



Tökum að okkur flutnings þrif + heimilisþrif, jóla hreingerningar ofl. Vönduð og góð þjónusta. Uppl. í s. 845 2353 & 868 3985.

Við erum tvær Íslenskar konur sem óskum eftir vinnu við daglegar skrifstofuræstingar og stíganga, eftir kl. 17 á daginn. Erum vanar. Uppl. í s. 867 8045 & 865 0680.


### Garðyrkja



### Bókhald

Bókhald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

### Ráðgjöf



### Málarar



Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málameistarafélagið. S. 568 1165.

Parftu að láta mála? Alhiða málingarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

### Meindýraeyðing



Alhiða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

### Meindýravarnir



### - Guðmundur Óli Scheving -

### - Tek að mér meindýravarnir -

Gegn nagdýrum - skordýrum - áttfættlum og fuglum. Útvega allan búnað - geri verðtilboð fyrir heimili og fyrirtæki. Hef sérhæft mig í meindýravörnum HACCP umhverfi. Upplýsingar og pantanir í síma 892 9121 Geymdu auglýsinguna

### Búslóðaflutningar


Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560.

Búslóðafl. og allar almennar flutn. 2 menn ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

### Húsaviðhald



Steypusögungun og Kjarnaborun JIS ehf. Steypusögungun, kjarnaborun fljót og góð þjónusta. Gerum föst verðtilboð! Upplýsingar í síma 659 6343.



Húsaviðhald! Pak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.


Smiðir. Getum bætt við okkur verkefnum. Parketlagir, milliveggr ofl. S. 856 4835.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípuögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Múrbrot Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlægja efni, frágangur og pípuögnir Uppl. í s. 892 8720.

Pípuögnir Pípuögnarmeistarar getur bætt við sig verkefnum, uppl. í síma 892 8720.

### Stíflupjónusta



Parket- og flísalagnir, vanir menn, vönduð vinna. S. 892 9804.

### Tölvur

Parftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkennur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkháður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

### Spádómar



### ÞJÓNUSTA



### TIL SÖLU







**Kaffihús Laugavegi 24**  
Óskar eftir að ráða þjóna í sal í fullt starf og hlutastarf. Krafist er stundvísir og dugnaðar. Góð laun fyrir réttan aðila.  
**Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 10 & 18.**

**Oddur Bakari**  
Oddur bakari óskar eftir starfsfólki. Reykjavíkurvegi fyrir hádegi vinnutími 7-13 virka daga. Grensásvegi eftir hádegi vinnutími 13 -19 virka daga. Starfsfólk óskast einnig í þríf. Góð laun fyrir gott fólk.  
**Upplýsingar gefur Oddur í síma 699 3677 eða á staðnum.**

**Starf í tiskuvöruslun**  
Starfskraftur óskast í fullt starf í tiskuvöruslun. Fjölbreytt og spennandi starf.  
**Uppl í s. 820 1299.**



Starfsfólk óskast á fristundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á [www.itris.is](http://www.itris.is) og í síma 411-5000.

## PÍTAN

**Pítan Skippholti**  
Pítan Skippholti óskar eftir starfsfólki í dagvinnu í sal. Einnig eru laus störf kvöld og helgarvinnu. Góður starfsandi og góð laun í boði.  
**Umsóknareyðublað á Pítunni og á [www.pitan.is](http://www.pitan.is)**

**American Style á Bildshöfða og Hafnarfirði**  
Afgreiðsla og grill. Vilt þú vera hluti af vinningsliðinu og vinna á finum vinnustað? Vaktavinna J. Mjög samkeppnishæf laun American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri. og góð islenskukunnátta nauðsynleg.  
**Umsóknir á [www.american-style.is](http://www.american-style.is)**

**KVÖLD OG HELGAR:**  
Ertu dugleg/ur í vinnu? Ef svo er þá áttu möguleika á að verða AKTARI.  
**Sæktu um núna, [www.aktu-taktu.is](http://www.aktu-taktu.is)**



Reynir Bakari Kópavogi. Vantar hörkuduglegt afgreiðslufólk í Hamraborg og á Dalveg. Tvískiptar vaktir, helgarvinnu samkomulag. Uppl. á Dalvegi 4 eða í s. 564 4700 Jenný.



**Afgreiðslustarf**  
Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir.  
**Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í emali [stodin@hn.is](mailto:stodin@hn.is) Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði**

**Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin**  
Röska menn vantar. Uppl. í s. 553 1055 eða á staðnum, Gúmmivinnustofan SP Dekk, Skippholti 35.

**Hjólbarðaverkstæðið Barðinn**  
Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Góður og duglegur starfskraftur óskast í skólalæmuneiti að afgreiða nemendur. Vinnutími 8-16, góð laun í boði. Uppl. í s. 691 5976 e. kl. 13.

### Pizza bakari - Pizza bakari

Kaffi Hafnarborg auglýsir eftir vönum pizzabakara í kvöld og helgarvinnu. Áhugasamir hafið samb. við Guðfinnu í s. 534 2100 eða á netfangið [guffagrinn@hotmail.com](mailto:guffagrinn@hotmail.com)

### Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?

Timaritaútgáfan Birtingur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldstölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti [ingahuld@birtingur.is](mailto:ingahuld@birtingur.is)

Rauða Torgið óskar eftir samstarfi við laglega, lífsglaða fyrirsætu. Nánari upplýsingar á [www.raudatorgid.is](http://www.raudatorgid.is).

Lítið hótél í Reykjavík leitar eftir fólki í þríf á morgnana frá 01. sept. Hentar vel með skóla. Vinsamlegast sendið umsókn ásamt feriskrá til [alfa@hotelvik.is](mailto:alfa@hotelvik.is).

Aðstoðarmaður óskast á tannlæknastofu miðsvæðis. Um er að ræða fullt starf. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Uppl í síma 588 1920 milli kl 8 og 17 virka daga.

Leikskólinn Hof óskar eftir starfsfólki á skemmtilegan og lífandi vinnustað. Heilsdags- og eftir hádegisstörf í boði. Upplýsingar gefa Særún og Kristín í síma 553 9995

Óskum eftir að ráða starfskraft í sölu- og aðra hverja helgi. Aðeins 18 ára og reyklausir koma til greina. Uppl. í s. 821 8980.

### Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, ennbá í Póllandi, býður pólska starfsmenn. Uppl. s. 0048 669587238 og [ispolska@simnet.is](mailto:ispolska@simnet.is). Ingibjörg Þorvaldsd.

### TILKYNNINGAR

#### Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærrí tekjur**  
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

NÝTT Á GRAS.IS

**GRAS**

**ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!**

**NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANN!**

Vodafone live!

Heimilis Fréttir og bréttir Leikir Skemmtun

## Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000.

## FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

**Hringdu í 550 5600 ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Þetta gæti tekið tíma



### Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup\* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25-49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

\*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið

## LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR

Listasafn Einarssonar rís upp af háum, þungum stalli á Skólavörðuhæð líkt og ein höggmynda listamannsins sjálfs, enda var það reist eftir teikningu hans þótt Einar Erlendsson húsameistari hafi áritað teikninguna að safninu. Sagan um aðdraganda byggingar þess er merkileg, en Einar bauð íslensku þjóðinni verk sín að gjöf fengi hann safn reist undir þau. Með fjárstyrk frá ríkinu og landssöfnun tókst að verða við því. Hornsteinn var lagður að safninu árið 1916 og það vígt á Jónsmessunótt 1923. Bygging hússins markaði tímamót í íslenskrumyndlist því með því eignuðust Íslendingar sitt fyrsta listasafn, en það hefur að geyma vel á þriðja hundrað verk eftir Einar frá sextíu ára starfsferli, allt frá málverkum upp í höggmyndir. Afsteypur af verkum Einarssonar einnig garðinn svo engu líkara er en að haldið sé í ævintýraveröld þegar gengið er inn um garðhliðið. (heimild www.skulptur.is)



## DRAUMAHÚSIÐ MITT RAGNAR AXELSSON LJÓSMYNDARI

### Fallegt bjálkahús


Ragnar Axelsson er einn af okkar fremstu ljósmyndurum. Þegar hann er spurður hvernig draumahúsið hans líti út er hann fljótur að svara í gríni að það væri snjóhús. En fyrir utan það væri hann líka til í bjálkahús á tveimur hæðum. „Ég væri til í að komast aðeins út úr bænum með það en ekki of langt, kannski upp í Mosfellsdal,“ segir Ragnar. „En ég er ekki viss um að konan mín myndi samþykkja það,“ bætir hann við og hlær.

Ragnar vill helst sjá í sjóinn og hafa svoltið vitt í kringum sig. Garðurinn þyrfti ekki að vera stór og hann myndi vilja hafa hann náttúrulegan. „Ég væri líka til í vinnustofu í kofa úti í garði,“ segir Ragnar.

Hann hefur engan sérstaka áhuga á bílnum í innkeyrslunni en hann vill ekki sportbíl. „Mér finnst gaman að horfa á fallega bíla og skiptir þá engu hvort ég á þá eða einhverjir aðrir. Ég átti einu sinni Land Cruiser 70 á stórum dekkjum og það er besti bíll sem ég hef átt svo ég væri til í að fá góðan jeppa í innkeyrsluna.“



## SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU\*



\*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Framkvæmdir eru nú hafnar að nýju húsnæði fyrir Flugsafn Íslands á Akureyri.

## Flugsafn Íslands fær nýtt hús

FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN AÐ NÝJU HÚSI FLUGSAFNS ÍSLANDS Á AKUREYRI VAR TEKIN FYRR Í MÁNUÐINUM.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, tók fyrstu skóflustunguna fyrir í mánuðinum að nýju húsi Flugsafns Íslands. Flugsafn Íslands er minjasafn um íslenska flugsögu. Safnið hefur að geyma sögufrægar minjar, flugvélar, flugvélahluti og aðra muni, jafnframt því sem saga íslenskrar flugsögu er rakin í máli og myndum. Safnið var stofnað í maí árið 1999 og hefur starfsemi þess vaxið hratt og vinsældirnar aukist á undanförunum árum. Unnið hefur verið að fjármögnun fyrir nýrra og stærra húsi safnsins og nú eru framkvæmdir við byggingu þess loks hafnar. Húsið verður 2.100 fermetrar að stærð, næstum fimmfalt stærra en núverandi hús safnsins.

- jóa



Heimilisíðnaðarsafnið á Blönduósi

## Leiðrétting

Rangt var farið með vísulár Heimilisíðnaðarsafnsins á Blönduósi í myndatexta með grein um arkitektinn Guðrúnu Jónsdóttur í fasteignablaði Fréttablaðsins 18. september. Það var vígt 2003 en ekki 1993. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

PARKET & GÓLF • ÁRMÚLA 23

# ÚTSALA!

## 20-60% AFSLÁTTUR



PARKET OG HURÐIR Í MIKLU ÚRVALI

## PARKET FRÁ KR. 999.- fm.

HÁGÆÐA FRAMLEIÐENDUR FRÁ ÞÝSKALANDI, FINNLANDI, HOLLANDI, DANMÖRKU OG BANDARÍKJUNUM



PARKET & GÓLF

PARKET & GÓLF

ÁRMÚLI 23

108 REYKJAVÍK

SÍMI: 568 1888

FAX: 568 1866

WWW.PARKETGOLF.IS

PARKET@PARKETGOLF.IS

ÁRATUGA ÞEKKING, ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

# Að þiggja hjálp og veita – við hjálpumst að

## Umræðan

Innflytjendur og samhjálp

Um daginn horfði ég á kvikmynd frá árinu 1994: „When a Man Loves a Woman“ með Andy Garcia og Meg Ryan í aðalhlutverkum. Hún fjallar um hjón sem á yfirborðinu líta út fyrir að vera hamingjusöm en síðar kemur í ljós að konan er virkur alkóhólisti. Í ástar- og hjónaböndum deilir fólk ekki einungis hamingju heldur líka erfiðleikum.

Meginþema sögunnar er samband hjónanna en á bak við söguna er ekki síður mikilvægt mál, en það eru AA samtökin, (Alcoholics Anonymous), sem eru frjáls félagasamtök fólks með áfengissýki. Þau eru mjög virk um allan heim og ekki síst á Íslandi. Flest okkar hljóta að kannast við samtökin. Samkvæmt mínum skilningi einkennigst starfsemi AA af því að fólk hjálpist að á jafnræðisgrundvelli. Kannski er það vegna séreinkennis áfengissýkinnar, að manni batni aldrei algjörlega, að það gefst svo vel í AA samtökunum að þeir sem eru í góðu lagi og þeir sem eiga í erfiðleikum haldi sig saman á samkomum.

Kvikmyndin vakti mig til umhugsunar um nokkur atriði sem við getum lært af AA og hugsanlega notað í málefnum innflytjenda hérlendis. Að sjálfsögðu eru áfengismál og innflytjendamál ólíkir málaflokkar. En það sem ég legg áherslu á hér eru ekki málaflokkarnir sjálfir, heldur viðhorf manna gagnvart erfiðleikum sínum og fólkinu í kringum sig. Eftirfarandi er hugleiðing mín um innflytjendamál.

### Að þiggja hjálp er hugrekki

Það er alls ekki auðveld ákvörðun að tala um vandamál sín við annað fólk og að biðja um aðstoð. Jafnvel þótt fagfólk veiti aðstoðina getur það verið erfitt fyrir viðkomandi

## AF NETINU

### Beint lýðræði

Viðbrögð við leiðara Þorsteins Pálssonar.

Kosninga kerfi það sem notað er á Íslandi er handónýtt og hefur alltaf verið. Þetta kerfi er hannað fyrir flokkana en ekki fyrir fólkið!

Má vera að ég sé bara svona einfaldur í hugsun, en mér finnst að það eigi að kjósa menn en ekki flokka. Það er að í kosningum komi listar með nöfnum þeirra sem vilja vinna verkið (þ.e. sjá um stjórn málin). Kerfið mundi virka þannig að sá sem fengi flest atkvæðin yrði verkstjórninn (forsetisráðherra) og svo koll af kolli. Allir sem vildu bjóða sig fram hefðu sín stefnumál og markmið. Við kjósendurnir myndum þá getað kosið um málefni og mennina líka og ef þeir mundu svo ekki standa við það sem þeir sögðu fyrir kosningarnar til að ná kjöri væri ekki mikið mál að refsa þeim fyrir svikin... það er ekki kjósa þá aftur...

Kerfið í dag er hinnsvegar þannig að það skiptir engu hvað menn segja eða svikja, þeir koma bara aftur með ný loforð sem er að sjálfsögðu engin ætlun að standa við frekar en fyrri daginn og heimta að vera endur kjörnir!

Allavega þá er ég ekkert á leiðinni að fara að kjósa á meðan ekki er hægt að kjósa neitt annað en eitt-hverjar klíkur sem gefa ekkert fyrir hvað kjósendum finnst nema rétt á meðan verið er að narra af þeim atkvæðin! Og hana nú!!!

Becum59 skrifar á Skoðanir á Vísir.is.

### Fulltrúalýðræði

Kerfið gengið sér til húðar?

Að undanfögnu hef ég verið að velja því fyrir mér hvort ekki væri rétt að fara að taka upp beint lýðræði hér á Íslandi. Tæknin er fyrir hendi og þekkingin hjá almenningi líka, það eina sem vantar er að stjórnmála mennirnir séu tilbúin til að sleppa völdunum

Hrellir skrifar á Skoðanir á vísir.is

að tjá sig við ókunnuga. Utan Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku er mun sjaldgæfara að fólk leiti til sérfræðinga eftir aðstoð. Í sumum menningarheimum er skömm að tala um vandamál fyrir utan fjölskylduna og jafnvel vanvirðing að fá aðstoð.

Þetta er vissulega skiljanlegt. En ég vil leggja áherslu á nokkur atriði hér á eftir, lesi einhver sem á erfiðleikum þessa grein.

Enginn kemur til þín ef þú bara biður. Margir aðilar, eins og starfsfólk Alþjóðahúss eða þjónustufulltrúar í ýmsum stofnunum, eru reiðubúin til að hlusta á þig. En við getum ekki fundið þig nema þú komir til okkar.

Enginn okkar hlær að þér né lítur niður á þig. Mörg þekkjum við af eigin reynslu hvernig það er að vera innflytjandi, og við erum fólk eins og þú. Við erum eins, en ekki öðruvísi. Við erum á sama báti.

„Aldrei of seint“ segir fólk stundum, en því er ég ekki sammála. Betra er að leita aðstoðar áður en málið verður óleysanlegt. Þú tapar engu á því að fá hjálp núna, frekar en síðar.



TOSHIKAI TOMA

**Að meta sjálfan sig rétt**  
Mér skilst að fólk í AA öðlist (eða uppskeri) sjálfstraust í gegnum það að þiggja aðstoð og veita öðrum aðstoð. Mér finnst það sama vera mikilvægt í málefnum innflytjenda.

Það er mjög eðlilegt að upp komi erfiðleikar við búsetu í nýju landi, sérstaklega fyrstu árin. En þetta er

ekki innflytjendum að kenna, og ekki heldur Íslendingum. Að sjálfsögðu berum við öll sem hér búum ábyrgð á því að bæta móttökukerfi og losa fólk að mestu við óþarfa erfiðleika. En erfiðleikar sem felast í búferlaflutningum á milli landa munu ávallt vera til staðar í einhverjum mæli, burtséð frá samfélagslegum endurbótum. Ég tel það óhjákvæmilegt að maður upplifi erfið tímabil í flutnings- og aðlögunarferli því sem búseta í nýju landi hefur í för með sér. Tímabil þar sem maður jafnvel missir traust á sjálfum sér.

Það sem er mikilvægt (sérstaklega ef viðkomandi er maður sjálfur) er að við mistúlkum ekki þetta ástand sem heimsku eða leti. Í flestum tilfellum höfum við búið í heimalöndum okkar sem sjálfstæðir einstaklingar og við höld-

um því áfram hérlendis að loknu vissu skeiði. „Aðlögunarferli“ innflytjenda helst einmitt nákvæmlega í hendur við ferli aukins sjálfstrausts þeirra.

Það er mjög eðlilegt að upp komi erfiðleikar við búsetu í nýju landi, sérstaklega fyrstu árin. En þetta er ekki innflytjendum að kenna, og ekki heldur Íslendingum.

### Ennþá innflytjandi?

Síðasti punkturinn sem mig langar til að fjalla um er dálítið viðkvæmur. Ég tel það óþarfa að við (innflytjendur) höldum fast í þá ímynd að við séum „innflytjendur“ eftir að við komumst yfir mestu byrjunar-erfiðleikana. Hins vegar þykir mér leitt ef við, sem búin erum að samstillta líf okkar íslensku þjóðlífi, gleymum eigin erfiðleikum eins og þeir hafi aldrei verið til. Reynsla og þekking okkar sem höfum verið búsett hér lengi hlýtur að geta nýst vel til að auðvelda líf þeirra innflytjenda sem eru nýkomnir.

Ég er búinn að vera búsettur hér í fjórtán og hálf ár. Í samanburði við þá sem hafa búið hér í þrjátíu ár skortir mig enn ýmsa þekkingu um landið, og íslenska mín er síðri.

Samt get ég líka gert ýmislegt jákvætt fyrir „nýkomið“ fólk og það gleður mig mjög.

En þar sem ég beinlínis vinn við að aðstoða innflytjendur væri ósanngjarnt að bera mig saman við aðra innflytjendur í þessu samhengi. Reyndar þekki ég marga sem sífellt veita fólk frá heimalandi sínu aðstoð. Engu að síður get ég ekki neitað því að mig dreymir um að aðeins fleiri leggi sitt af mörkum við að hjálpa öðrum innflytjendum, eða a.m.k. sýna málaflokknum áhuga. Manni getur tekist að aðlagast íslensku samfélagi gjörsamlega en maður getur ekki þurrkað út hluta lífs síns.

Ef aðstoð innflytjenda til annarra innflytjenda er ekki fullnægjandi er það kannski vegna þess að skipulaging slíks aðstoðarkerfis hefur ekki verið nægilega raunsæ eða áhugaverð. En á sama tíma verðum við að viðurkenna þá staðreynd að fáir innflytjendur hafa svarað kalli til aðstoðar þrátt fyrir mörg tækifæri, t.d. frá Alþjóðahúsinu og Rauða krossinum undanfarið ár. Því er það einnig mikilvægt og eftirsóknarvert að við innflytjendur veljum þessum málum fyrir okkur. Vegna þeirrar sýnar: að allir eigi að standa saman og hjálpast að, dáið ég að fólk í AA samtökunum.

Höfundur er prestur innflytjenda.

**TUCSON**

2.7L ssk. 175 hö.  
Kr 2.990.000

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- Skriðstillir
- Sjálfvirk 4x4 aldrif
- Driflæsing
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftenging fyrir barnabílstól
- Gullverðlaun fyrir gæði

## Vertu í góðum málum



TUCSON 1830 mm  
RAV4 1815 mm

TUCSON 4325 mm  
RAV4 4315 mm

TUCSON 1730 mm  
RAV4 1685 mm



Toyota RAV4 GX, 150 hö ssk. kr. 3.380.000  
TUCSON, 175 hö ssk. kr. 2.990.000

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

**DIMITRI SHOSTAKOVICH  
FÆDDIST FYRIR RÉTTRI ÖLD**

„Skapandi listamaður vinnur að næsta verki sínu vegna þess að hann var ekki fyllilega sáttur við það síðasta.“

Shostakovich er eitt merkasta tónskáld Rússa fyrr og síðar.


**PETTA GERÐIST: 25. SEPTEMBER 1897**

## William Faulkner kemur í heiminn

Bandaríski rithöfundurinn William Faulkner fæddist á þessum degi árið 1897 í Mississippiríki í Bandaríkjunum. Móðir hans var afar bókhneigð og hélt bókum að William og bræðrum hans þremur, en faðir hans var fjármálastjóri við Mississippi-háskóla.

Faulkner þótti góður nemandi en missti áhugann á námi og hætti í menntaskóla. Hann sýslaði við hin og þessi störf og orti ljóð.

Árið 1918 yfirgaf Faulkner Mississippi og skráði hann sig í herinn en fyrri heimsstyrjöld lauk áður en þjálfun hans var lokið og hann sneri aftur á heimaslóðirnar.

Nágranni hans stóð straum af útgáfu-kostnaði fyrstu ljóðabókar Faulkners, sem kom út árið 1924. Fyrsta skáldsaga hans leit dagsins ljós tveimur árum síðar. Árið 1929 kvæntist hann kærustu sinni úr menntaskóla, en hún hafði gifst og skilið - við annan mann í millitíðinni og átt með

honum tvö börn. Næstu ár gaf hann út nokkrar skáldsögur, þar á meðal Ljós í ágúst og Absolom Absolom, þar sem hann fetaði ótroðnar slóðir á sviði ekki til að framfleyta fjölskyldunni, svo hann seldi smásögur til dagblaða og tímarita og kvikmyndahandrit til Hollywood, þar á meðal handritið að myndinni Svefninn langi með Humphrey Bogart í aðalhlutverki.



WILLIAM FAULKNER

Árið 1946 fór vegur hans vaxandi þegar hann gaf út smásagnasafnið Portable Faulkner og þremur árum síðar hlaut hann bókmenntaverðlaun Nóbels. Sagan segir að John Steinbeck hafi leitað ráða hjá Faulkner þegar hann hlaut sjálfur Nóbels-verðlaunin árið 1962. Faulkner sagðist engin ráð geta gefið, hann hefði verið of drukkinn við verðlaunaafhendinguna til að muna nokkuð eftir henni.

Faulkner lést úr hjartaslagi sama ár, 65 ára gamall.

**MERKISATBURÐIR**

- 1950** Sameinuðu þjóðirnar taka völdin í borginni Seúl í Suður-Kóreu.
- 1957** Yfir þúsund hermenn fylgja níu svörtum nemendum inn í skóla í Little Rock en nokkrum dögum fyrr hafði æstur múgur meinað þeim inngöngu í skólann.
- 1958** Fyrsti breski togarinn er tekinn innan nýju tólf mílna landhelginna.
- 1975** Lagarfossvirkjun er vígð.
- 1983** Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra andast, 72 ára.
- 2000** Vala Flosadóttir, 22 ára, vinnur bronsverðlaun á ólympíuleikunum í Sydney með því að stökkva 4,50 metra í stangarstökki.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**AFMÆLI**


**Sigurður Guðmundsson** landlæknir er 58 ára.



**Bera Nordal** listfræðingur er 52 ára.



**Markús Sigurbjörnsson** hæstaréttardómari er 52 ára.



**Arnar Páll Hauksson** fréttamaður er 52 ára.



**Dofri Hermannsson** varaborgarfulltrúi er 37 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.


**Þegar andlát ber að**

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990



**KENNSLUSTUND** Börn byrja yfirleitt mjög ung í Suzuki-tónlistarkennslu og er aðaláherslan lögð á að hlusta frekar en að lesa nótur.

**HAUKUR F. HANNESSON: FORMAÐUR EVRÓPSKA SUZUKI-SAMBANDSINS**

# Aðferð sem má heimfæra á allar námsgreinar

„Jújú, þessi fylgja heilmikil völd,“ segir Haukur F. Hannesson og hlær en hann var kjörinn formaður evrópska Suzuki-sambandsins á dögunum. „Þetta eru regnhlífarsamtök þeirra landssamtaka í Evrópu sem leggja stund á Suzuki-tónlistarkennslu. Svo sit ég líka í stjórn Alþjóða Suzuki-sambandsins og verð reyndar formaður þeirra á næsta ári, því sá háttur er á að stjórnarfélagar skiptast á setu í formannsstól.“

Suzuki-tónlistarkennsla byggir á heimspeki japanska fiðluleikarans Shinichi Suzuki og þeirri hugmynd að börn geti lært tónlist á svipaðan hátt og móðurmálið. „Fyrir hálfri öld var sú skoðun algeng að sumir gætu einfaldlega ekki lært tónlist en Suzuki taldi að með því að búa börnum hvetjandi umhverfi væri hægt að þroska tónlistarhæfileika þeirra betur en ella.



**HAUKUR F. HANNESSON** Tók þátt í stofnun Suzuki-skólans á Íslandi árið 1988.

Einkenni aðferðar hans er að börnin byrja mjög ung að læra, jafnvel niður í fjögurra ára. Til að byrja með er mesta áherslan lögð á að hlusta og nótur eru

ekki kynntar til sögunnar fyrr en seinna meir. Bæði er kennt í einkatímum og hóptímum og foreldrarinnir taka virkan þátt í kennslunni og fara meira að segja á námskeið og læra aðeins á hljóðfæri barnanna. Þessa heimspeki má í raun heimfæra á allar námsgreinar en hefur aðallega verið notuð í tónlist.“

Haukur var einn af brautryðjendum tónlistarkennslu að hætti Suzukis hér á Íslandi á 9. áratugnum og tók meðal annars þátt í að stofna Suzuki-tónlistarskólann árið 1988. „Þróunin á Íslandi hefur verið mjög góð og vegur þessarar aðferðar fer vaxandi. Samanborið við önnur Evrópulönd eru flestir menntaðir Suzuki-kennarar á hverja tíu þúsund íbúa á Íslandi.“ Haukur hefur búið í Svíþjóð undanfarin tólf ár og er aðstoðarskólameistari í tónlistarskóla þar í landi.“

**FYRSTA STARFIÐ: ÖRN ÁRNASON LEIKARI**

## Mjólkaði vélbelju í Hrísey

Örn Árnason leikari man vel eftir fyrsta starfinu sínu. „Þegar ég var lítill var ég oft sendur niður í Kaupfélagið í Hrísey að mjólka beljuna,“ segir Örn. „Beljan var sem sagt vél-dæla sem seldi mjólk,“ útskýrir hann. „Mjólkinn var fluttur frá Akureyri til Hríseyjar í stórum brúsum. Brúsum var hent inn í kælinn og svo lá rör upp úr þeim og fram í búðina. Maður stillti sínum eigin brúsa undir stútinn, merkti við þrjá lítra og fékk þá í brúsan,“ segir hann. Spurður hvort hann hafi þegið borgun fyrir þessa iðju sína segir Örn launin hafa verið mat. „Mér

var haldið á lífi í staðinn,“ segir hann og hlær. „Fyrsta starfið sem ég fékk laun fyrir var hins vegar á sjó með pabba. Maður lagði aflann inn í Kaupfélagið og fékk innleggssnútu í staðinn.“

Í lok sumars leysti maður svo inn-eignina út,“ segir Örn. „Ég var kornungur þegar þetta var, svo tóku nú önnur áhugamál en sjómennska við, en þau fékk ég ekkert borgað fyrir,“ segir hann og hlær.

- sun

**ÖRN ÁRNASON LEIKARI** Var haldið á lífi að launum fyrir fyrsta starf sitt.



Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,

**Magnús Magnússon** pípulagningameistari, Hallanda, Arnessýslu,

sem lést af slysförum laugardaginn 16. september, verður jarðsungið frá Víðistadaakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 26. september kl. 13.00.

**Sigríður Harðardóttir** Magnús St. Magnússon  
**Magnús St. Magnússon** Ingunn Jónsdóttir  
**Sigurjón Magnússon** Vigdís Birna Hólmgeirsdóttir  
**Ólafur Björn Magnússon**  
**Jónatan Mikael og Benjamín Magnús**  
**Guðrún E. Guðmundsdóttir** Magnús St. Magnússon  
**Margrét Magnúsdóttir**  
**Sigríður Magnúsdóttir** Einar Gylfason  
**Guðmundur Magnússon** Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

# Til hamingju Björgvin!

9.000 Íslendingar skemmtu sér  
konunglega um helgina.

Minningin um þessa stórkostlegu tónleika  
mun lifa í hugum okkar allra um ókomna  
framtíð og þetta aðsóknarmet verður  
væntanlega seint slegið.

Takk fyrir að leyfa okkur að vera með í að  
skapa einn glæsilegasta tónlistarviðburð  
sem haldinn hefur verið hérlandis.



## Björgvin

ÁSAMT SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS  
KARLAKÓR FÓSTBRÆÐRA, LANDSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA  
OG LANDSÞEKKTUM GESTUM Í LAUGARDALSHÖLLINNI 23. OG 24. SEPTEMBER

BYLGJAN  
20ÁRA



BRAVÓ!  
www.bravo.is

## STUÐ MILLI STRÍÐA Stærri netum kastað út

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR BÍTUR LAUSLEGA Á AGNIÐ.



Fyrir skömmu pökk-uðu fiskalarnir úti á horni saman og kvöddu. Þeir höfðu selt búðina sem þeir höfðu lagt svo mikla vinnu í, til að halda á vit nýrra ævintýra. Fólkíð lagði krók á leið sína til að kveðja þessa vinalegu og skemmtilegu fiskala sem bentu á um leið og þeir kvöddu viðskiptavin sína, sem þeir orðið þekktu flesta með nafni, að fiskurinn yrði áfám veiddur úr sama sjónum. En eitthvað breyttist. Stemningin í búðinni var öðruvísi og maður fann

ekki lengur fyrir sömu ástríðunni og hafði einkennt hana fram að þessu.

Nú tilheyrir búðin keðju fiskverslana sem allar bjóða eins fisk í nákvæmlega eins hönnuðu umhverfi. Eflaust er þetta besta rekstarformið, og get ég vel ímyndað mér að fiskalarnir hafi ekki riðið feittum hesti frá viðskiptum sínum hingað til. Með þessu finnst mér þó eins og síðasta birtingarmynd kaupmannsins út á horni hafi verið leyst upp. Ef til vill fæ ég fiskinn ódýrari, þó ég hafi aldrei kvartað yfir verðlaginu. Fiskur úr sama sjó, jafnvel veiddur af sama veiðimanni. En persónulegu viðskiptin eru horfin og maður gengur ekki

jafn glaðvær frá fiskalanum og maður gerði áður. Góð matargerðarlist hefst nefnilega með hráefninu, og það skiptir máli hvernig það er unnið og borið fram. Nú er ég alls ekki að halda því fram að hráefnið sé eitthvað síðra í nýju versluninni, persónulegu viðskiptin virðast þó horfin. Mér finnst það merkilegt nú á tímum einstaklingshyggju, að einstaklingurinn er smám saman að hverfa og allir orðnir nákvæmleg eins.

Hinir frjálsu einstaklingar sem kasta viðskiptanetum sínum yfir stærri torfur hafa sennilega gleymt því að þó nóg sé af fiski í sjónum er alls ekki víst að allir bíti á sama agnið.



## BARÁTTA DÓMARANNA ER AÐ HEFJAST

### ÁHEYRNARPRÓF

3. október Hótel Kea, Akureyri.  
14. október Nordica Hótel, Reykjavík.

SKRÁNING ER HAFIN Á XFACTOR.IS

Allir eldri en 16 ára eru velkomnir.



www.xfactor.is

## myndasögur

### ■ Pondus



### ■ Gelgjan



### ■ Handan við hornið



### ■ Kjölturakkar



### ■ Barnalán







**NIRVANA** Plata með lögum Nirvana í vögguvísuformi er komin út.

## Vögguvísur Nirvana

Plata með lögum rokkveitarinnar Nirvana í vögguvísuútgáfu er komin út. Platan nefnist Rockabye Baby! Lullaby Renditions of Nirvana og hefur m.a. að geyma lögin Smells Like Teen Spirit, Lithium, About a Girl og Come As You Are.

Ekki er langt síðan tilkynnt var um útgáfu svipaðrar plötu frá sama fyrirtæki, babyrockrecords.com, með lögum Bjarkar Guðmundsdóttur.



**FYRIRSÆTUR** Ekki sáttar við þyngdar-kröfur stjórnvalda á Spáni og segja að bransinn krefjist þess að þær séu langar og mjóar.

## Ekki sáttar

Fyrirsætur eru ekki sáttar við stjórnvöld tískuvikunnar á Spáni vegna krafanna sem þeir settu varðandi holdafar þeirra. Fimm fyrirsætur fengu ekki að spreyta sig á tískupöllumum þetta ári vegna þess að þær voru of léttar. „Í okkar starfi eru gerðar þær kröfur að vera hár og grannur. Við fáum ekki vinnu ef við erum ekki grannar og í góðu formi,“ segir spænskt súpermódel í viðtali við sænsku sjónvarpsstöð Aftonbladsins. Hún bætir einnig við að átröskunarsjúkdómar séu ekki endilega tengd við þeirra stétt heldur eru það geðsjúkdómar sem fyrirfinnast hvar sem er í heiminum og leiðinlegt hvað fólk virðist alltaf tengja það við fyrirsætustörf.

Fyrirsætur vona að ekki fleiri fari að fordæmi Spánverja svo ekki sé hætt á að stúlkur missi vinnu sína.



**REBECCA ROMIJN OG STEVE COOGAN**

## Aðstoð við framhjáald

Breski spaugarinn Steve Coogan fer með aðalhlutverk í The Alibi sem er frumsýnd um helgina. Hann leikur mann sem sérhæfir sig í að aðstoða fólk sem stendur í framhjáaldi við að halda stússinu leyndu fyrir makanum með tilheyrandi afsökunum og fjarvistar-sönnunum.

Hann hefur náð góðum árangri í starfi enda spinnur hann lygavefi af mikilli list fyrir skjólstað-inga sína. Hann kemst þó heldur betur í krappann þegar viðhald deyr í höndum eins viðskiptavinarins og hann þarf að framleiða fjarvistar-sönnun í sakamáli.

Rebecca Romijn, úr X-Men myndunum, leikur aðstoðarkonu Coogans en þau eru stutt hópi traustra aukaleikara á borð við Sam Elliott, James Brolin, Selma Blair og Deborah Kara Unger.

# Sköpunargleðin enn til staðar

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Crazy Itch Radio er fjórða plata Basement Jaxx. Sveitin, sem er skipuð þeim Simon Ratcliffe og Felix Buxton var stofnuð í London árið 1994 og er ein af stóru danstónlistarsveitunum sem voru áberandi í bresku tónlistarlífi á seinni hluta 10. áratugarins. Flestar þessara sveita eru hætta í dag (Leftfield, Orbital, The Future Sound of London...) eða komnar út í tómt rugl (Prodigy). Basement Jaxx er hins vegar enn í fullu fjöri. Síðasta Basement Jaxx platan Kish Kash sem kom út fyrir þremur árum olli nokkrum von-

brigðum eftir hinar frábæru Remedy (1999) og Rooty (2001).

Það fyrsta sem hægt er að segja um Crazy Itch Radio er að hún er mjög ólík fyrri plötunum. Hún er byggð upp í kringum útvarpsþema með stuttum kynningarstefjum hér og þar eins og maður heyrir á öllum útvarpsstöðvum. Crazy Itch Radio er ekki jafn hreinræktuð danstónlistarplata og fyrri plöturnar. Þeir Simon og Felix leika sér hér með alls konar stílbrögð og tónlistarstefnur. Fönk, soul og house eru áberandi, en dub, austur-evrópsk þjóðlagatónlist, lúðrasveitartónlist og indversk tónlist eru á meðal þess sem gefur einstökum

lögum lit. Það er greinilegt að Simon og Felix eru ekkert að verða uppiskroppa með hugmyndir. Sköpunargleðin er enn til staðar. Eins og áður hafa þeir líka fengið til liðs við sig úrvals söngkrafta, þ.á.m. bresku soul-söngkonuna Lindu Lewis og Vulu Malinga sem söng Oh My Gosh með þeim auk þess sem nýstirnið Lily Allen syngur bakraddir í einu lagi.

Það er margt skemmtilegt á Crazy Itch Radio, en mér finnst sums staðar vanta aðeins upp á kraftinn. Þó að platan nái ekki sömu hæðum og fyrrnefnd meistrarverk sveitarinnar þá er hún töluvert betri en Kish Kash og



**BASEMENT JAXX**

**CRAZY ITCH RADIO**

**Niðurstaða:** Crazy Itch Radio er ólík fyrri plötum Basement Jaxx. Ágæt plata sem sýnir að þeir Simon Ratcliffe og Felix Buxton eru ekkert að verða uppiskroppa með hugmyndir.

sýnir að Basement Jaxx á fullt eftir enn.

Trausti Júlíusson



## Stórtónleikar

# Kurt Elling

ásamt Laurence Hobgood Trio  
Austurbæ 30. september

*Kurt Elling var nýlega kosinn  
"Male Vocalist of the year"  
af gagnrýnendum Downbeat*

Fyrir tónleika Kurt Elling leikur

## Eyjólfur Þorleifs/Andrés Þór kvartett

Kvartettinn skipa þeir Eyjólfur Þorleifs, Andrés Þór Þorgrímur Jónsson og Einar Valur Scheving


Miðasala:

www.midi.is

verslunum Skífunnar og BT úti á landi.

Allar nánari upplýsingar um þessa tónleika og  
aðra viðburði á Jazzhátíð Reykjavíkur 2006  
er að finna á

**www.jazz.is**



"Hugely talented."  
**THE NEW YORK TIMES**

"Elling is arguably the most interesting and innovative jazz singer to come along in years."  
**ARTIE SHAW**

"The most flamboyantly creative male jazz singer to emerge in the last decade."  
**S.F. CHRONICLE**

"...in an era when bona fide jazz singers are in perilously short supply...Elling seems hellbent on rewriting the definition of what jazz singing is all about."  
**CHICAGO TRIBUNE**

"A musical phenomenon."  
**THE GUARDIAN (UK)**

"Elling freestyles over complex jazz compositions with the ease of butter over hot corn...Elling is a vocal experience."  
**HITS!**

"[possibly] the greatest jazz singer of all time."  
**JAZZ REVIEW (UK)**

"Elling is a cool breeze in the desert of male jazz singers. Elling sings, scats, does vocalises, tells stories and reads poetry in a baritone voice that bounces from sweet to tangy."  
**PHILADELPHIA DAILY NEWS**

GLITNIR



olis

VISA

## Í tilefni tungumáladagsins



**Kl. 12.30**

Myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson fjallar um listferil sinn í fyrirlestri á vegum Opna listaháskólans í Laugarnesi. Ragnar útskrifaðist úr málaradeild LHÍ vorið 2001 og nam einnig í eina önn við Konunglegu Listakademíuna í Stokkhólmi. Verk hans „Stúku Hitlers“ má nú sjá í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur efnir til hátíðadagskrár í tilefni Evrópska tungumáladagsins í Hátíðasal Háskóla Íslands á morgun. Dagskráin er skipulögð í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Þetta er í fimmta sinn sem tungumáladagurinn er haldinn hátíðlegur að undirlagi Evrópuráðsins en tilgangur hans er að heiðra fjölbreytileika tungumála í Evrópu og hvetja fólk til að læra erlend tungumál.

Dagskráin hefst með ávarpi frá Vigdísar Finnbogadóttur, fyrirverandi forseta, en síðan flytja Ástráður Eysteinnsson, prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, og Vilborg Dag-



FJÖLBREYTI LEIKI TUNGUMÁLANNNA HEIÐRÁÐUR Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fagnar tungumáladeginum.

bjartsdóttir rithöfundur erindi um þýðingar og bókmenntir. Útgáfu fjölmála ljóðabókarinnar Zwischen Winter und Winter verður einnig fagnað en í bókinni má finna ljóð þýska skáldsins Manfred Peter Hein á þýsku, íslensku, ensku og dönsku. Hein mun lesa úr verki sínu og ræða um það auk þess sem Gauti Kristmannson, lektor í þýðingarfræði, mun fjalla um útgáfu bókarinnar.

Allir hjartanlega velkomnir meðan húsrúm leyfir en nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, www.vigdis.hi.is.

> Ekki missa af...

**pólskum menningardögum** sem hefjast næstkomandi fimmtudag. Myndlist, tónlist, leiklist og kvikmyndalist í bland við bókmenntir, fræðslu og jafnvel óhefðbundnar **hannyrðir**.

**Jazzhátíð Reykjavíkur** sem er á næstu grösum. Feikinóg af frábærri **tónlist** frá miðvikudegi til sunnudag.

leikritinu **Gunnlaðarsögu** í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Kvenfélagið **Garpur** fer höndum um samnefnda skáldsögu Svövu Jakobsdóttur í leikstjórn **Pórhildar Þorleifsdóttur**.

# menning

menning@frettabladid.is



LEIÐLEIKHÚSIÐ

## Þjóðleikhúsið fyrir alla!

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10. **Aðeins fáar sýningar í haust.**

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.

Sun. 1/10 kl. 21:00, sun. 8/10 kl. 21:00, sun. 15/10 kl. 21:00. **Aðeins fjórar sýningar í haust.**

**LEIÐLEIKHÚS KL. 20:00** Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning.

Fyrir sýningu á **Fagnaði** er boðið upp á erindi um **Nóbelskálðið Harold Pinter** og kvöldverð í anda verksins í Leikhúskjallaranum. Nánari upplýsingar í miðasölu.

**SITJI GUDS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.

Frum sýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 14:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 14:00, sun. 8/10 kl. 14:00, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.

Lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 5/10 uppselt, lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, mið. 11/10 örfá sæti laus, fim. 12/10, fös. 13/10 örfá sæti laus, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10, fös. 20/10 örfá sæti laus, lau. 21/10 örfá sæti laus.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.

Fim. 28/9, sun. 8/10 kl. 17:00.

Leikhúskjallarinn. Upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295.

KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!

MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS

AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

## Í anda Jörfagleðinnar

Þriðja latíndjassplata Tómasar R. Einarssonar er komin út og ber titilinn **ROMM TOMM TOMM**. Fjörtán íslenskir og kúbanskir tónlistarmenn leika á diskunum en hann var tekinn upp beggja megin **Atlantsálanna**.

Tómas hefur starfað sem kontrabassaleikari og djasstónskáld um árabíl og hefur áður gefið út latíndjassplötur. Kúbanska árið 2002 og Havana árið 2003. Þetta er raunar fjórtándi platan sem geymir tónsmíðar Tómasar en verk hans mælast orðið í kassavís. „Þetta verkefni er búið að vera nokkuð lengi í bígerð, það mætti segja að ég hafi haft þetta að aðalstarfi hátt í ár,“ útskýrir Tómas en hann semur og útsetur alla tónlistina auk þess sem hann ferðaðist tvisvar til Kúbu í vor til þess að taka upp efni.

„Á fyrstu plötunni spiluðu bara Íslendingar en árið eftir fór ég til Havana og tók upp með kúbönskum tónlistarmönnum. Svo tók ég mér gott frí og hugsaði í tvö ár hvernig mér tækist að ljúka þessari þrennu og flétta þetta allt saman,“ segir Tómas. Það er ekki hlaupið að því að flytja stórsveitir milli landanna og því varð úr að

tónskáldið fór tvær ferðir á vordögum, þá fyrri í fylgd básúnuleikarans Samúels Jóns Samúelssonar, og tók upp efni með heimamönnum. „Við tókum síðan upp með latínbandi hér heima og í síðari ferðinni til Kúbu fékk ég Kúbanina til að spila ofan í Íslendingana,“ útskýrir hann og bætir við að sami háttur hafi verið hafður á með fyrstu upptökurnar frá Kúbu sem Íslendingarnir hafi spilað inn á. „Svo er ég með sérstakan gest á plötunni, Gísla Galdur Þorgeirsson, sem ég

fékk til að snúa plötum ofan í Kúbanina. Þannig binst þetta allt saman og mér finnst hafa vel tekist til að búa til eina heild og flétta saman þennan íslenska og kúbanska anda.“

Tómas tileiknar sýslungum sínum í Dölunum fyrsta lag plötunnar. „Lagið Jörfagleði heitir eftir einni þekktustu og villtustu samkomu Íslands sögunnar sem fór fram á Jörfa í Haukadaleið um yfirvöld bönnuðu hana á 18. öld. Ég er viss um að það hefur verið óskaplega gaman á hinni upprunalegu Jörfagleði - mikið dansað og sungið og hoppað og híað út um allar grundir. Ég vona að mér hafi tekist á þessari plötu að ná í skottið á þeim anda sem þar ríkti og að hin sama óhamda lífsgleði nái að skína þar í gegn.“

Platan kemur út hjá Smekkleysu en útgáfutónleikar **ROMM TOMM TOMM** verða haldnir á Nasa næstkomandi laugardag sem liður í Jazzhátíð Reykjavíkur. „Fyrir tveimur árum komu kúbanskir tónlistarmenn til

Íslands og léku með mér á nokkrum tónleikum en nú eru Íslendingarnir orðnir svo góðir að það þarf ekki að flytja inn erlendan liðs- auka,“ segir Tómas sposkur, „það er líka flókið að flytja inn menn beint frá Kúbu svo ég ætla að snúa þessu aðeins við.“ Tómas mun því einnig halda útgáfutónleika í tónlistarhöllinni Casa de la Música í Havana í nóvember og þá með fríðu föruneysi íslenskra hljóðfæraleikara.

kristrun@frettabladid.is

## „SKYLDI HÆNA HAFNA SÁL?“

MEIN KAMPF

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**

Lau 30/9 kl. 14  
Sun 8/10 kl. 14

Sun 1/10 kl. 14  
Sun 15/10 kl. 14

**MEIN KAMPF**

Mið 27/9 kl. 20 UPPS.  
Fös 29/9 kl. 20  
Lau 7/10 kl. 20  
Sun 8/10 kl. 20  
Lau 14/10 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**

Lau 30/9 kl. 20  
Sun 15/10 kl. 20

Fös 6/10 kl. 20  
Fös 20/10 kl. 20

**FOOTLOOSE**

Fim 28/9 kl. 20  
Lau 7/10 kl. 20

Fös 29/9 kl. 20 UPPS.  
Sun 8/10 kl. 20

**HVÍT KANÍNA**

Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.

Mið 27/9 kl. 20 Fim 28/9 kl. 20  
Fös 29/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20

BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.

Engum hleypt inn án skilríkja.

**FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI**

Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum\*  
\*Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!

5 sýningar á 9.900 kr.

Mein Kampf e. George Tabori  
Amadeus e. Peter Shaffer  
Fagra veröld e. Anthony Neilson  
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson  
Söngleikurinn Grettir e. Ólafur Hauk Simonarson, Þórarinn Eldjárn og Egill Ólafsson.  
Lík í óskilum e. Anthony Neilson  
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren  
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.  
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson  
Manntafl e. Stefan Zweig  
Alveg briliant skilnaður e. Geraldine Aron  
Íslenski dansflokkurinn  
og margt, margt fleira.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhus.is

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**afgangar**

Fim. 28. sept. kl. 21.00  
Fim. 5. okt. kl. 21.00

**HAFIÐ BLÁA**

Sun. 8. okt. kl. 13.30 uppselt  
Sun. 15. okt. kl. 13.30 sæti laus

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

**MR. SKALLAFRIMSSON**  
Benedikt Erlingsson

**Sýningar í Landnámssetri í september og október**

Miðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti  
Fimmtudagur 28. september kl. 20 Laus sæti  
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti  
Föstudagur 6. október kl. 20 Laus sæti  
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppsett  
Sunnudagur 8. október kl. 20 Órfá sæti laus  
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Laus sæti  
Föstudagur 13. október kl. 20 Laus sæti  
Laugardagur 14. október kl. 20 Órfá sæti laus  
Sunnudagur 15. október kl. 20 Laus sæti  
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Laus sæti  
Föstudagur 20. október kl. 20 Laus sæti  
Laugardagur 21. október kl. 20 Laus sæti

**LEIKHÚSTILBOÐ: Tvirétttaður**  
kvöldverður og leikhúsið mið  
frá kr. 4300 - 4800

**TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM**  
frá kl. 10 til 16 mánudaga  
- fimmtudaga í síma 437 1600  
Stöðfesta þarf miða með greiðslu  
viku fyrir sýningardag

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

# Ljósmyndir úr launsátri og afrískir minjagripir

Tvær sýningar voru opnaðar í menningarmiðstöðinni Gerðubergi um síðustu helgi, ljósmyndasýning Ara Sigvaldasonar og sýning á afrískum minjagripum sem Ólöf Gerður Sigfúsdóttir mannfræðingur tók saman.

Myndirnar eru allar svarthvítar og sýna mannlíf í Reykjavík sem fáir veita eftirtekt í daglegu amstri. Þær sýna lítil augnablik í lífi fólks á götum og opinberum stöðum borgarinnar, oft við skrítnar og skemmtilegar aðstæður. Sýning Ara ber yfirskriftina „Úr launsátri“ en Ari skilur myndavélina sjaldan við sig og laumast til að taka myndir af fólki, helst þannig að enginn taki eftir. Þannig má segja að mynd-

irnar séu teknar úr launsátri, án þess þó að nokkur eigi að bera skaða af.

Sýning Ólafar samanstendur af áhugaverðri blöndu af gömlum afrískum munum og nýstárlegum fjöldaframleiddum gripum sem saman gefa mynd af minjagripaúrvali í Afríku. Minjagripir eru áþreifanlegur snertiflötur milli menningarheima og gefa tilefni til fjölmenningslegrar samræðu. Frá sjónarhóli ferðamannsins eru þeir burðarás minninga, reynslu, væntinga og jafnvel ímyndunar, og oft segja þeir jafnmikið um þá menningu sem þeir enda í og það samfélag sem þeir eru búinir til í. Frá sjónarhóli Afríkubúa eru þeir tæki til að gefa tiltekin skilaboð,

góð búbót og tækifæri til framsækinna sköpunar og listrænnar tilraunastarfsemi. Sjónarmið gestgjafa og gesta mætast í minjagripum og geta af sér áhugaverða og óvenjulega hluti.

Á sýningunni í Gerðubergi skapast þannig nýr vettvangur til skoðanaskipta og umræðna. Minjagripasafnið frá Afríku er að mestu í eigu Íslendinga sem hafa ferðast til eða hafa verið búsettir í álfunni og athyglisvert er að sjá hvaða gripir hafa ratað inn á íslensk heimili en hverjum grip fylgir lítil örsaga sem eigandinn býður áhorfendum.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.



MYNDABÚR LAUNSAÞRI Óvenjulegar reykviskar mannlífsmýndir eru til sýnis í Gerðubergi. MYND/ARI SIGVALDASON

## Sjálfhverfur heimur

### LEIKLIST

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

#### Hvít kanína

Nemendaleikhúsið / Litla svið Borgarleikhússins

**Höfundar** Leikhópurinn og aðstandendur / **Leikarar** Anna Svava Knútsdóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Hallgrímur Ólafsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Magnús Guðmundsson, Sara Marti Guðmundsdóttir, Sigrún Huld Skúladóttir, Tinna Lind Gunnarsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson / **Leikmynd og búningar** Ilmur Stefánsdóttir / **Ljósahönnun** Hanna Käyhkó / **Tækni-stjórn** Egill Ingibergsson / **Leikstjóri** Jón Páll Eyjólfsson.

Jæja, þá hefur útskriftarárgangur Leiklistardeildar LÍ kynnt sig til sögunnar og það með eigin verki. Og segi það bara strax: Verkið er mjög skrítið. Minnir helst á applikasjónsverk í myndlistinni - allt fullt af bútum sem eru límdir saman, nema í þetta verk vantar dálítið af lími.

Það er vissulega hægt að lesa margt út úr verkinu. Áhorfendur eru teymdir áfram lengi framan af; helst til of lengi. Maður var alveg búinn að ná því að maður væri hluti af hinu leiðitama, heillasljóa, asnalega mannkyni. Og lýðurinn var smá gabbður samkvæmt reglunni: Þeir fyrstu verða síðastir. Gaman-gaman. Í verkinu er líka gert grín að neysluhyggju, útlitsdýrkun, fordómum, sjálfhverfu o.s.frv. Menn óttast það sem þeir þekkja ekki, til dæmis Araba og þroskahefta og feita, sem er vísast afleiðing af heilapvotti fjölmiðla. Enginn vill vera eins og hann er; allir eru að streða við að líta öðruvísi út en þeir í rauninni gera vegna þess að það eru engar fyrirmyndir í fjölmiðla-, tisku- og kvikmyndaheiminum sem sýna að það sé í lagi. Svo safnar fólk endalaust einskisverðum hlutum og talar og talar. Talar um sjálf sig þótt það hafi ekki frá neinu að segja. Hver leikari í sýningunni átti eintal, sem byrjaði á Eg. Allir svo uppteknir af ég-inu að raunveruleg tengsl milli fólks eru að hverfa, sem var undirstrikað með því að figúrurnar í verkinu eiga ekki samskipti; það eru bara allir í sínum privatmómentum. Þegar upp var staðið var mann farið að gruna að verkið fjallaði um tengsla- og



FYRSTA VERKEFNI VETRARINS Nemendaleikhúsið sýnir samsetta leiksýningu, Hvíta kanínu, í Borgarleikhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

innihaldsleysi í lífi nútímamanneskjunnar.

Allt væri það gott og vel ef ekki vantaði frumlegheit, eða nýja sýn í verkið. Það segir okkur ekkert nýtt, er hreinlega of barnalegt. Texti verksins er flatur, hefur litlar sem engar vísanir út fyrir sig og skortir sárlega eitthvert bindiefni til að tengja áhorfandann og vekja hann til vitundar eða umhugsunar um það sem miður er í okkar heimi. Það er af hinu góða að leita nýrra leiða í leikhúsi - en það verður að vera einhver fókus til að missa ekki athygli áhorfandans eða drepa hann úr leiðindum. Útlit sýningarinnar er samsett úr sýnilegum og ósýnilegum kössum og netum. Við erum samsagt föst í hölfum og netum án þess að vita það og verðum voðalega glöð þegar við erum fóruð á óæti, sem er tákngert með bleikum bómullaris.

Það vantar ekki hugmyndirnar í Hvíta kanínu, en það vantar úrvinnslu til að sýningin verði ágeng og eigi brýnt erindi. Leikhópurinn fór vel með textann sinn og stóð sig vel í að þvælast fyrir áhorfendum - en ég held að ég biði eftir næstu uppfærslu hjá þeim til að hafa skoðna á því hvort þau geta leikið eða ekki. Eitt er hins vegar víst: Á meðal þeirra er enginn Shakespeare.

kvenna frá ýmsum tímum. Sýningin byggir á rannsóknnum **Elsu E. Guðjónsson** textil- og búningafræðings.

20.00 Safneign **Nýlistasafnsins** verður til sýnis í heild sinni í húsnæmnum safnsins að **Laugavegi 26** í vikunni. Ópið verður daglega frá 20-22 og munu valdir **góðkunningjar safnsins** stýra óhefðbundinni leiðsögn kl. 20 á hverjum degi.

14.00 Sýning á verkum **Hallsteins Sigurðssonar** myndhöggvara stendur yfir í **Listasafni Sigurjóns í Laugarnesi**. Sýningin ber heitið **Hjól, plógur, vængir**. Safnið er opið frá 14-17.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

22 23 24 25 26 27 28

#### Mánudagur

#### SYNINGAR

08.30 Myndlistarmaðurinn **Guðmundur Karl Ásbjörnsson** heldur málverkasýning í sýningarsal Orkuveitunnar **100°** að **Bæjarhálsi**. Sýningin er opin frá kl. 8.30-16 alla virka daga.

10.00 Á sýningunni **Með silfurjartri nál: spor miðalda í íslenskum myndaumi** sem nú stendur yfir í Bogasal Þjóðminjasafnsins gefur að líta útsaumuð handaverk listfengra

## VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. VERÐLAUN  
í Þýskalandi  
W2241WPS

# Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

Miele þvottavélar eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Miele þvottavélar endast lengur en aðrar þvottavélar.

ALLT AÐ  
30%  
AFSLÁTTUR



### MIELE ÞVOTTAVÉL - fjárfesting sem borgar sig

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg.	kr. 164.000	kr. 114.800
Þvottavél W3241 1400sn/mín/6 kg.	kr. 168.000	kr. 126.075
Þvottavél W3245 1600sn/mín/6 kg.	kr. 191.300	kr. 143.475
Purrkari T233 m rakaskynjara og útblæstri/5 kg.	kr. 112.200	kr. 78.540
Purrkari T233C m rakaskynjara og þétti/5 kg.	kr. 131.000	kr. 91.700
Purrkari T4163 m rakaskynjara og útblæstri/6 kg.	kr. 119.800	kr. 107.820
Purrkari T4263C m rakaskynjara og þétti/6 kg.	kr. 141.200	kr. 127.080

### Íslenskt stjórnborð

**Miele**

**EIRVÍK** -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

# Hugljúft gítarpopp frá Togga

Tónlistarmaðurinn Toggi gefur í dag út sína fyrstu plötu, sem nefnist Puppy. Platan er uppfull af hugljúfu gítarpoppi og ljóst að Toggi hefur vandað vel til verks.

„Þetta var draumur þegar ég var krakki og svo hætti það nú. Ég fattaði það að ég gat ekki sungið og kunni ekki heldur á hljóðfæri. Svo einhvern veginn kom það. Ég eignaðist gítar og gat allt í einu sungið,“ segir Toggi, sem er 27 ára. „Ég lærði þrjú grip upprunalega og hef aldrei verið sérstaklega mikill gítarpervert og tek engin sóló. Ég fór bara að glamra og gat raulað með og núna spila ég aðallega lög eftir sjálfan mig,“ segir hann.

Upphaldshljómsveit Togga er

The Smiths auk þess sem Rufus Wainwright og Bítlarnir eru í miklum metum. Segir Toggi að The Smiths hafi haft sérstaklega mikil áhrif á textagerðina á plötunni.

Toggi mun spila á Iceland Airwaves-hátíðinni í október en hann hefur ekkert spilað opinberlega í tæp tvö ár. Auk þess að koma fram á tónleikum vonast hann til að geta hafið upptökur á nýrri plötu á næstunni, enda finnst honum heldur skemmtilegra að búa til tónlist en að flytja hana opinberlega.

-fb

**TOGGI** Tónlistarmaðurinn Toggi hefur gefið út sína fyrstu plötu.



# Brot af því besta í New York

Nú er tískuvikunni í New York lokið og aðalhönnuðir Bandaríkjanna búa til að stíga á stökk og sýna hverju búast má við í tískunni næsta vor og sumar. Við tókum út nokkra af frægustu hönnuðunum

sem sýndu á tískuvikunni og eru þekktir fyrir að leggja línurnar fyrir aðra minni spámenn í tískuheiminum. Hér er brot af því besta frá Donnu Karan, Ralph Lauren, Diesel og Zac Posen.

**GALLAKÁPA** Ermalaus hettu kjóll úr gallaefni frá Diesel við gullitaðar leggings. Mikð var um gull og hvítt í nýjstu línunni frá Diesel.

**RAUTT RAUTT RAUTT** Klæðsersaumaður kjóll frá Zac Posen með mörgum litlum smáatriðum og tilraunakenndu sniði.



**DROTTNINGIN** Donna Karan er einn vinsælasti hönnuður Bandaríkjanna og hér gengur fram tiskupallinn í lok sýningar í eigin fatnaði.



**SNILLINGUR** Zac Pose er margt til lista lagt og var lína hans fyrir næsta vor og sumar með eindæmum falleg.



**HÁTT MITTI** Diesel kynnti til sögunnar fullt af nýjum sniðum fyrir næsta sumar og meðal annars margar buxur með mjög háu mitti. Kvenlegt og þægilegt.



**GULUR ER HINN NÝI LITUR SUMARSINS** Kjóll úr silki frá Donnu Karan með víðu sniði.

**SAMKVÆMISKLÆÐNAÐUR** Gull og glans frá toppi til tår frá Ralph Lauren. Skemmtilegt hvernig klúturinn er notaður utan um hausinn.



SIEMENS

## Tæki færi

í tvímánuði

Skoðið öll tilboðin á: [www.sminor.is](http://www.sminor.is)

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4  
Sími 520 3000

Verið ávallt velkominn í heimsókn

# Margmenni í Make Up Store

Nýverið var opnuð ný snyrtivörubúð í Kringlunni sem ber nafnið Make Up Store. Um er að ræða hágæða snyrtivörur fyrir fagfólk jafnt og áhugamenn í förðun og snyrtivörum. Þetta er fyrsta búð sinnar tegundar á Íslandi en verslanirnar eru yfir 80 talsins í 12 löndum í heiminum.

Eigandi búðarinnar er förðunarmeisterinn Margrét Jónasardóttir og voru það alls 150 manns sem mættu í opunarpartíði á fimmtudaginn. Búðin er stílhrein og aðgengileg í alla staði og stendur fagfólk fyrir aftan búðarborðið til að veita sem besta þjónustu.

Kampavín og plötusnúður var á svæðinu og virtist fólk líka vel við þessa nýju viðbót á snyrtivörumarkaðinn.

-áp



**NÓG AÐ SJÁ** Jóhanna Gílsdóttir, María Sveinsdóttir og Guðrún Hjörleifsdóttir skemmtu sér vel í boðinu enda nóg af fallegu dóti að skoða.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN




**EIGANDINN SJÁLFUR** Margrét Jónasardóttir var einbeitt á svip að kynna vöruna fyrir viðskiptavinum.



**FÖRÐUNARNEMAR** Hafdis Hinriksdóttir, Póra Magnea Magnúsdóttir og Eva Hrönn Hlynsdóttir eiga það sameiginlegt að vera við nám í Emm school of Make up og því forvitnar um þessa nýju tegund snyrtivara.



**HRESSAR** Sara Dís Hjaltested og María Björg Sverrisdóttir voru ánægðar með búðina.



**TEKINN.**

**9 OKT. KL. NÍU**

  
SIRKUS.TV

**Nýtt í bíó**

EEKKI HATA LEIKMANNINN, TAKTU HELDUR Á HONUM!

FRÁBÆR GAMANMYND UM ÞRÍJAR VINKONUR SEM STANDA SAMAN ÖG HEFNA SIN Á FYRRVERANDI KÆRASTA SEM DÖMPADI ÞEIM! MEÐ HINNI SJOÐHEITU SOPHIA BUSH ÚR ONE TREE HILL.

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

JOHN TUCKER MUST DIE	Kl. 4, 6, 8 og 10
CLERKS 2	Kl. 5.45, 8 og 10.15 B.L. 12 ÁRA
PETTA ER EKKERT MÁL	Kl. 5.45 og 10.15
SÝND Í LÚXUS	Kl. 5.45, 8 og 10.15
MY SUPER-EX GIRLFRIEND	Kl. 8 og 10.10
LITTLE MAN	Kl. 3.50
GRETTIR 2 ISL. TAL	Kl. 3.50 og 6
GRETTIR 2 ENSKT TAL	Kl. 3.50

**REGNBÖGINN** SÍMI 551 9000

JOHN TUCKER MUST DIE	Kl. 6, 8 og 10
CRANK	Kl. 6, 8 og 10 B.L. 16 ÁRA
PETTA ER EKKERT MÁL	Kl. 10.15
TAKK FYRIR AD REYKJA VOLVER	Kl. 8 og 10.10 B.L. 7 ÁRA
FACTOTUM	Kl. 5.50 og 8 B.L. 12 ÁRA
	Kl. 6

**Bonganbíó** SÍMI 462 3500

JOHN TUCKER MUST DIE	kl. 8 og 10
CLERKS 2	kl. 8 og 10
PETTA ER EKKERT MÁL	kl. 6
MY SUPER EX-GIRLFRIEND	kl. 6

400 kr. í bíó!

www.laugarasbio.is

Simi 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Simi 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

16

LIB, TOPPS.IS

EMPIRE MAGAZINE

EGO

JASON STATHAM ÚR TRANSPORTER OG SNATCH FER Á KOSTUM Í KAPPLAUPI UPP Á LIF OG DAUDA

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.L. 16

FRÁBÆR GRINSPENNUMYND FRÁ WOODY ALLEN

GEGGJUD GRÍNMYND

FRÁBÆR GRINSPENNUMYND FRÁ WOODY ALLEN

SCOOPE

FRÁBÆR GRINSPENNUMYND FRÁ WOODY ALLEN

YOU, ME AND DUPREE

Sýnd kl. 8 og 10

GRETTIR 2

Sýnd kl. 6 íslenskt tal

www.laugarasbio.is

## Vill leika Irwin

Ástralski leikarinn Russel Crowe hefur list yfir áhuga sínum á að leika Steve Irwin, krókóðilafangaran fræga, í kvikmynd byggða á ævi hans. Crowe og Irwin voru mjög góðir vinir og það Irwin Crowe um að leika sig í mynd byggðri á ævi sinni áður en hann lést. Leikarinn er því nú í viðræðum við kvikmyndafyrirtæki Universal um að gera kvikmyndina og er Crowe mikið í mun að heiðra minningu vinar síns með myndinni.

Steve Irwin lést eftir að hafa verið stunginn af stingskötunni í hjartastað þegar hann var að kafa undan ströndum Ástralíu.



**RUSSEL CROWE** Vill gera mynd um sinn Steve Irwin, krókóðilafangaran fræga, og leika aðalhlutverk sjálfur.



**VALUR GUNNARSSON** Valur var staddur í Finnlandi þegar hann ákvað að semja lagatexta í stað skáldsögu.

## Valur og Gímaldin með Vodka Songs

Tónlistarmaðurinn og rithöfundurinn Valur Gunnarsson gefur í lok október út plötuna Vodka Songs með Gímaldin, forsprakka 5tu herdeildarinnar.

„Ég var staddur í Finnlandi eftir áramót með hægðatregðu í skáldsöguskrifum og byrjaði óvart að skrifa lagatexta í staðinn,“ segir Valur, sem áður var í hljómsveitinni Ríkið. „Gímaldin var staddur í Pétursborg á sama tíma og ég og ég lét hann fá textana og hann samdi lög við þá. Ég var svo ánægður með útkomuna að mér fannst það glæpur við siðmenninguna ef þetta yrði ekki gefið út.

Ég veit samt ekki hvort siðmenningin sé á sama máli,“ segir hann.

Að sögn Vals er nafn plötunnar, Vodka Songs, lýsandi fyrir stemninguna í Pétursborg þar sem hann þurfti að glíma við 30 stiga frost. „Maður var alltaf hálfveikur eða hálffullur og þetta var gott til að halda á sér hita yfir háveturinn,“ bætir hann því við að textarnir fjalli um síkaldla stemningu, pólitík og kvenfólk og séu nokkurs konar drykkjuvísur.

Hugsanlega verða útgáfutónleikar vegna plötunnar haldnir um jólin, þegar Gímaldin kemur heim frá Rússlandi. - fb

## Hippar í Brasilíu

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Ég skrifa nú vanalega ekki um safnplötur, enda eru þær oftast bara gefnar út til þess að safna saman á einn stað því þekktasta frá hverri sveit og maka krókinn.

Annað slagid eru þó gefnar út plötur í fræðsluskyni. Oftast verða þær til þegar einhver tónlistarnörd verður uppnúmminn af gamalli tónlist sem hann gróf upp einhvers staðar. Tropicália er þó nokkuð merkileg. Öll lögin tuttugu sem hér eru að finna voru gefin út í Brasilíu á stuttu tískutímabili frá 1968-1970, þegar tónlistarmenn þar leyfðu sér að verða örlítið fyrir áhrifum frá frjálslýndum straumum og stefnum hipparokksins. Þeir blönduðu saman brasilískum samba, djassi og tangó við rokkatónlist og útkoman var virkilega áhugaverð. Eini tónlistarmaðurinn sem ég hefði heyrt um áður af þessari plötu var Gilberto Gil, það væri ekkert fjarri lagi að kalla hann mótsvar Brasilíu við Burt Bacharach. Hann semur afar sæt lög, sérstaklega er lagið Domingo No Parque frábært. Sérstaklega fallett í niðurbrotsköflunum.

En það er ekki Gilberto Gil sem stelar senunni. Heldur eru það frekar listamenn eins og Tom Zé sem varð víst ekki stjarna í sínu eigin landi fyrr en David Byrne uppgötvaði hann nokkrum áratugum eftir að hann hóf feril sinn. Lagið hans Jimmy, Renda-se er frábært. Vegur fullkomlega salt milli big-band sambatónlistar og nýbylgjurokks. Ekta tónlist sem gæti endað í kvikmynd eftir Tarrantino. Annað slíkt lag er með sveitinni Os Mutantes, en sú sveit á bæði



**TROPICÁLIA-A BRAZILIAN REVOLUTION IN SOUND**

NIÐURSTAÐA:

**Niðurstaða:** Tropicália er frábær safnplata frá Brasilíu með tónlist frá árunum 1968-1970. Þar var sveifla, þar var rokk og djass... allt í einum hrærigraut.

lög ein auk þess sem hún spilar undir hjá Gilberto Gil í einu lagi.

Jorge Ben á bara eitt lag á plötunni, og það er það eina sem er sungið á ensku. Það heitir Take It Easy, My Brother Charlie, og hljómar eins og ádeila á Bandaríkin og þáverandi stríð þeirra. Gömul saga og ný greinilega að tónlistarmenn heimsins hafi áhyggjur af því hvernig fólk hagar sér í Hvíta húsinu.

Gal Costa er með englarödd, svo hvæsir hún eins og köttur í laginu Cou Recomecar í köflunum þar sem sveitin er alveg að missa sig í grúvinu.

Þetta er frábær plata fyrir alla þá sem eru opinir fyrir heimstónlist. Þetta er þó nokkuð beittara en Buena Vista Social Club, og án efa töluvert svara. Frábær leið til þess að kynast broti af tónlistarmenningu sem er annars týnd og tröllum gefin. Lifi uppreisnin.

Birgir Örn Steinarsson



## MORGUNVERÐARFUNDUR

Rannsókn á íslenskrri mannauðsstjórnun (CRANET)

Miðvikudaginn 27. september 2006 kemur út hjá Háskólanum í Reykjavík skýrsla með niðurstöðum úr stærstu rannsókn á mannauðsstjórnun sem framkvæmd hefur verið hér á landi.

Skýrslan byggir á svörum 190 stærstu vinnuveitenda á Íslandi og er sjálfstætt framhald af CRANET rannsókninni 2003 (Cranfield network on international human resource management). Framkvæmdaðilar rannsóknarinnar eru Arney Einarssóttir, Ásta Bjarnadóttir og Finnur Oddsson og er rannsóknin styrkt af Rannsóknasjóði Íslands.

**Meðal efnis í rannsókninni er:**

- Staða mannauðsstjórnunar í skipulagsheildinni
- Mönnun og ráðningar
- Starfsþróun
- Laun og umbun
- Samskipti við starfsmenn
- Proskastig mannauðsstjórnunar og staða íslenskra fyrirtækja

Fundurinn stendur frá kl. 8:30 til 10:00 og fer fram í Stjórnendaskóla HR, Ofanleiti 2, 3. hæð. Boðið er upp á morgunverð.

Aðgangur er ókeypis en sætafjöldi er takmarkaður.



Vinsamlega skráðu þig á netfanginu [inda@ru.is](mailto:inda@ru.is). Hægt er að panta skýrsluna á netfanginu [arney@ru.is](mailto:arney@ru.is).



## Enginn guðlastari

Söngkonan Madonna segist ekki vera guðlastari þrátt fyrir háværar gagnrýnisráddir þess efnis vegna tónleikferðar hennar.

Á tónleikunum syngur Madonna lagið Live to Tell hangandi á krossi með þyrnikórónu á höfðinu. Hafa rússneska rétttrúnaðarkirkjan og leiðtogar kaþólskra haldið því fram að um guðlast sé að ræða. „Þetta er ekkert öðruvísi en að hafa kross um hálsinn. Atriðið mitt er ekki andstætt kristinni trú og ekki guðlast,“ sagði Madonna. „Ég vil að áhorfendur hvetji mannfólkið til að hjálpa hvert öðru,“ bætti hún við. „Ég trúi því að ef Jesús væri á lífi í dag myndi hann gera það sama.“

Vegna gagnrýnnar íhugar bandaríska sjónvarpsstöðin NBC um þessar mundir hvort hún eigi að sjónvarpa tónleikum Madonna



**MADONNA** Söngkonan Madonna segist ekki vera guðlastari. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þar í landi í nóvember.

Tónleikaferðinni, sem ber heitið Confessions, lauk í Japan á fimmtudag og er hún sú ferð sem hefur halað inn mesta peninga fyrir kvenkyns listamann. Sáú alls 1,2 milljónir manns sextíu tónleika söngkonunnar víðs vegar um heiminn.

**NACHO LIBRE**

**GLÆNÝ TEGUND AF FERÐAMÖNNUM**

**ÓBYGGÐIRNAR**  
"THE WILD"  
Sýnd með íslensku og ensku tali!

**Step Up**

Deltmynd ársins.

**THE ALIBI**

Hann var meistari á sínu sviði þar til hann hittí jafnoka sinn.

**BÖRN**

KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

**BÖRN**

KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

**MAURAHÆLLIRINN**

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

**UNITED 93**

Þann 11. september 2001 var fjórúm flugvélum rænt. Þrjár þeirra flugu á skotmörk sín. Þetta er saga fjórðu velarinnar.

**PROPOSITION**

Blóðugt meistarverk eftir Nick Cave með úrvallsleikurum í hverju hlutverki.

**BÖRN**

KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

**MAURAHÆLLIRINN**

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

**UNITED 93**

Þann 11. september 2001 var fjórúm flugvélum rænt. Þrjár þeirra flugu á skotmörk sín. Þetta er saga fjórðu velarinnar.

**PROPOSITION**

Blóðugt meistarverk eftir Nick Cave með úrvallsleikurum í hverju hlutverki.

**SAMBÍÖN / ÁLFABAKKA**

NACHO LIBRE	kl. 6 - 8 - 10:20	Bi. 7.ára
NACHO LIBRE VIP	kl. 4:50 - 8 - 10:20	
ÓBYGGÐIRNAR M/-Ísl.tal.	kl. 4 - 6	Leyfð
THE WILD M/-ensku.tal.	kl. 4 - 6:15 - 8:10	Leyfð
THE ALIBI	kl. 8:10 - 10:20	Bi. 16.ára
BÖRN	kl. 6 - 8 - 10:10	Bi. 12.ára
STEP UP	kl. 5:50 - 8 - 10:10	Bi. 7.ára
MAURAHÆLLIRINN M/-Ísl.tal.	kl. 3:50	Leyfð
LADY IN THE WATER	kl. 10:20	Bi. 12.ára
OVER THE HEDGE M/-Ísl.tal.	kl. 3:50	Leyfð
BÍLAR M/-Ísl.tal.	kl. 4	Leyfð

**SAMBÍÖN / KRINGLUNNI**

NACHO LIBRE	kl. 5:45 - 8 - 10:15	Bi. 7.ára
ÓBYGGÐIRNAR M/-Ísl.tal.	kl. 6	Leyfð
STEP UP	kl. 5:50 - 8 - 10:15	Bi. 7.ára
UNITED 93	kl. 8 - 10:15	Bi. 14.ára

**SAMBÍÖN / KEFLAVÍK**

STEP UP	kl. 8 - 10	Bi. 7
TAKK FYRIR AÐ REYKJA	kl. 8	Bi. 14
UNITED 93	kl. 10	Bi. 12

**SAMBÍÖN / AKUYREYRI**

ÓBYGGÐIRNAR M/-Ísl.tal.	kl. 6	Leyfð
NACHO LIBRE	kl. 6 - 8 - 10	
UNITED 93 Síð. Sýn.	kl. 8 - 10	Leyfð

**Munið afsláttinn**

**BÖRN**

KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

**BJÓLF'S KVÍDA**

Lokasýningar  
Tilboð 400 kr

BÖRN	kl. 5:50 - 8 - 10:15	Bi. 12
THE PROPOSITION	kl. 5:50 - 8 - 10:15	Bi. 16
ÓBYGGÐIRNAR M/-Ísl.tal.	kl. 6	Leyfð
AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8 - 10:15	Leyfð
BJÓLF'S KVÍDA	kl. 8 - 10:15	Bi. 16
PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 6 - 9	Bi. 12

HAGATORGI • S. 530 1919

# Orðnir beittari og betri

Enska hljómsveitin Kaiser Chiefs er stærsta nafn Iceland Airwaves-hátíðarinnar sem hefst í næsta mánuði. Freyr Bjarnason ræddi við söngvarann Ricky Wilson.

„Við erum í hljóðverinu í þessum töluðu orðum og gengur mjög vel. Við erum allir mjög hamingjusamir og afslappaðir og hljómunum bara skrambi vel,“ segir Wilson. „Við erum orðnir beittari og betri en áður og það er meiri áhersla á gítar en á fyrstu plötunni.“

## Besta tónleikasveitin

Kaiser Chiefs var stofnuð í Leeds árið 1997, þá undir nafninu Parva. Sveitin sló í gegn á síðasta ári með sinni fyrstu plötu, Employment, sem fór beint í þriðja sæti breska listans sína fyrstu viku á lista. Var hún í framhaldinu til nefnd til hinna virtu Mercury-verðlauna og var talin líklegust til að hreppa þau en varð á endanum að lúta í lægra haldi fyrir Antony and the Johnsons.

Einnig vann hún þrenn Brit-verðlaun fyrr á árinu, þar á meðal sem besta tónleikasveitin. Gestir á Iceland Airwaves eiga því væntanlega þrælgóða tónleika í vændum í Hafnarhúsinu 21. október. Eflaust munu þar vinsælustu lög sveitarinnar fá að hljóma, þar á meðal Everyday I Love You Less and Less og I Predict a Riot.

## Fljótir á flug

Wilson er hæstánægður með þær móttökur sem Kaiser Chiefs hefur fengið að undanförunni. „Við höfum farið á flug frekar fljótt en við erum samt ekki það ungr. Við erum allir að nálgast þrítugt þannig að þetta hefur tekið dálítinn tíma en um leið og við náðum hlutunum á okkar vald hefur okkur gengið mjög vel. Stundum gleymir maður því hversu vel hefur gengið og maður þarf að setja niður og hugsa: „Fjandinn, við erum eiginlega búnir að gera allt sem okkur langaði til að gera.“ Síðan verður metnaðurinn meiri og maður býr til aðra plötu og þá byrjar þetta allt saman aftur.“

## Eins og Kaiser Chiefs

Kaiser Chiefs hefur stundum verið líkt við sveitir á borð við Blur og Madness. Wilson gefur lítið fyrir þann samanburð í dag. „Þetta var allt í lagi í byrjun þegar fólk reyndi að tengja okkur við einhverja. En núna þegar við höfum verið að í dálitinn tíma erum við eiginlega farnir að hljóma eins og Kaiser Chiefs. Ég held að fólk sé farið að líkja



KAISER CHIEFS Enska roksveitin heldur tónleika í Hafnarhúsinu 21. október.

öðrum böndum við okkur núna,“ segir hann.

## Telur peningana

Kaiser Chiefs er á leið í tónleikaferð um Evrópu í nóvember en Wilson vill ekki velja sér of mikið upp úr því. „Ég spái eiginlega ekkert í hvað við erum að fara að gera. Þeir fara varla af stað án mín,“ segir hann kokhraustur og hlær. „Ég sit bara rólegur og tel peningana þegar þeir tínast inn. Fyrst hugsar maður um allt sem er í gangi en þá frikar maður út og mér finnst það ekki gaman, ég er of gamall fyrir það.“

## Borðtennis eða hnífakast

Sagan segir að nafnið Kaiser Chiefs sé tekið úr nafni æskufélags Lucas Radebe, fyrrum fyrirliða enska fótboltiáðsins Leeds, Kaizer Chiefs Football Club í Jóhannesborg í Suður-Afríku.

Wilson segist ekki vera ákafur stuðningsmaður Leeds eins og félagar sínir í hljómsveitinni. „Mér finnst gaman að sparka í bolta en mér finnst erfitt að fylgjast með heilum fótboltaleik. Ég vil frekar horfa á bíómynd,“ segir hann. „Ég er mikið fyrir borðtennis í augnablikinu og ætla að verða góður í því. Það er annað hvort að velja um borðtennis eða hnífakast og mér líst betur á borðtennis. Kannski ef einhver úr öðru bandi verður þarna á Íslandi gæti ég skorað á hann í borðtennis. Ef Pete Doherty verður þarna get ég skorað á hann, hann er örugglega góður. Menn spila örugglega borðtennis þegar þeir eru í meðferð.“

Wilson ætlar sér þó ekki að hljóta sömu örlög og Doherty. „Ég hef aldrei farið í meðferð og mun vonandi aldrei fara. Það eru frekar sorgleg örlög finnst mér.“

# McClane snýr aftur

Fjórða myndin í Die Hard-bálknum vinsæla, Live Free or Die Hard, er væntanleg á hvíta tjaldíð hinn 29. júní á næsta ári.

Í myndinni mun Bruce Willis endurtaka hlutverk sitt sem lögreglumaðurinn John McClane, sem virðist alltaf vera á röngum stað á röngum tíma.

Myndin gerist í þetta skiptið á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna þar sem McClane á í höggi við þrjóta sem gera árás á tölvukerfi Bandaríkjanna.

Leikstjóri myndarinnar verður Len Wiseman, sem gerði Underworld-myndirnar tvær. Handritið gerði Mark Bomback, sem m.a. samdi handritið að Godsend með Robert De Niro í aðalhlutverki.



JOHN MCCLANE Bruce Willis hefur farið á kostum í hlutverki John McClane í þremur myndum.

# JUST CAUSE

LENDIR Í BT 21. SEPTEMBER

**9 HVER! VINNUR!**

SENDU SMS SKEYTID JA LSF  
Á NÚMERID 1900 OG SVARADU SPURNINGU.  
ÞÚ GÆTIR UNNID!

ADALVINNINGUR ER PS2 TÖLVA OG JUST CAUSE LEIKUR

AUKA VINNINGAR ERU:  
LEGO STARWARS LEIKIR • PS2 TÖLVAR  
DVD MYNDIR • FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKJUM OG MARGT FLEIR!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralmi. Konaugl. Með því að taka þitt eru konum í SMS klúbbi. 99 kr/skeytið. Þú færð 5 mín til að svara spurningu.

## > Ræður Fram nýjan þjálfara í dag?

„Við erum alveg rólegir yfir þessu, það virðist allavega vera mikill áhugi á þessu starfi,“ sagði Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri knattspyrnu-deildar Fram, við Fréttablaðið í gær, spurður um þjálfaramál félagsins. Ákveðið var að framlengja ekki samninginn við Ásgeir Elíasson sem stýrði Fram til sigurs í 1. deildinni í sumar og er verið að leita að manni til að stýra liðinu í Landsbankadeildinni á næsta ári. „Það mun vonandi eitthvað skýrast á mánudaginn varðandi þessi mál,“ sagði Brynjar í gær og staðfesti að félagið væri með þrjá þjálfara í sigtinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þeir Ólafur Þórðarson og Guðjón Þórðarson tveir af þeim og þá hafa þórn Ásgeirs Sigurvinssonar og Loga Ólafssonar heyrst í vangaveltum um hver sá þriðji gæti verið.



# sport

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSMÁÐURINN MAREL BALDVINSSON: MARKAKÓNGUR LANDSBANKAÐEILDARINNAR PETTA SUMARIÐ

## Átti nú von á að aðrir myndu ná mér

Nýliðin helgi var í meira lagi viðburðarík fyrir sóknarmanninn Marel Baldvinsson, sem nú leikur með Molde í Noregi. Á laugardag varð ljóst að hann væri markakóngur Landsbankadeildarinnar í ár þrátt fyrir að hafa ekki leikið með Blikum í síðustu fimm leikjum þeirra í deildinni. Enn fremur tryggði liðið sér 5. sæti deildarinnar með sigri á Keflavík, sem er vel viðunandi árangur fyrir nýliða. Í gær opnaði Marel síðan markareikning sinn fyrir Molde þegar hann skoraði í sigurleik liðsins gegn Lilleström. „Já, þetta er búin að vera mjög skemmtileg helgi, þakka þér



fyrir,“ sagði Marel þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, eðlilega í sínu besta skapi. Marel segist ekki hafa átt von á því að hreppa gullskóinn en viðurkennir þó að sú hugsun hafi blundað í sér þegar hann fór til Noregs. „Ég átti nú von á því einhverjir myndu ná mér áður en yfir lyki. En það er auðvitað mjög gaman að fá loksins gullskó því það er lítið um þá uppi á hillu heima hjá mér,“ sagði Marel en bætti því við að hann ættili ekki von á því að fljúga heim til að taka á móti viðurkenningunni. „Það er þó aldrei að

vita nema að maður láti verða af því ef tækifæri gefst.“ Marel skoraði alls 11 mörk í 13 leikjum með Blikum, en þangað kom hann í vor eftir að hafa verið í herbúðum Lokeren í Belgíu síðustu ár. Þar barðist Marel við erfið meiðsli sem hafa enn sem komið er ekki látið á sér kræla á ný. Gæfan hefur ekki aðeins snúist Marel í vil því í þeim þremur leikjum sem hann hefur spilað fyrir Molde hefur liðið loksins náð að hala inn stig. Nánar tiltekið hefur liðið hlotið dýrmæt sjö stig sem hafa komið liðinu úr mestu fallhættunni í norsku úrvalsdeildinni. „Það yrði náttúrulega draumurinn að enda sumarið á því að aðstoða Molde við að skriða enn frekar upp töfluna. Svo yrði það bara bónus ef ég næði að setja nokkur mörk í viðbót.“



VEIGAR PÁLL GUNNARSSON Er áfram á skotskónum fyrir Stabæk.

Íslendingar í Noregi:

## Létu mikið að sér kveða

**FÓTBOLTI** Íslenskir leikmenn settu mark sitt á norska boltann um helgina en Marel Baldvinsson og Veigar Páll Gunnarsson voru báðir á skotskónum. Marel opnaði markareikning sinn hjá Molde með því að skora fyrra mark liðsins í 2-0 sigri á Lilleström. Sigurinn var afar dýrmætur því með honum kom Molde sér af mesta fallsvæðinu. Veigar Páll heldur áfram að spila eins og engill og í gær skoraði hann sigurmark Stabæk gegn Fredriksstad þar sem lokatölur urðu 3-2.

Aðrir Íslendingar í deildinni komu einnig við sögu hjá sínum liðum. Árni Gautur Arason stóð að sjálfsögðu á milli stanganna hjá Vålerenga þegar liðið lagði Start að velli, 1-0, og Birkir Bjarnason lék síðustu 10 mínúturnar fyrir Viking, sem tapaði fyrir Sandefjord. Indriði Sigurðsson og Stefán Gíslason léku báðir allan leikinn fyrir Lyn sem tapaði fyrir Ham-Kam á útivelli, 1-0, og þá léku Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson í miðri vörn Brann þegar liðið tapaði fyrir Tromsø 3-1. Ármann Smári Björnsson var ónotaður varamaður hjá Brann en liðið er sem fyrr í efsta sæti deildarinnar með 40 stig.

- vig

Fyrirliði KA í fótbolta:

## Árangurinn var óásættanlegur

**FÓTBOLTI** Hreinn Hringsson, fyrirliði knattspyrnuliðs KA, er mjög óánægður með spilamennsku liðsins í sumar og segir árangurinn á tímabilinu vera óásættanlegan. Þetta segir hann í viðtali við heimasíðu KA. „Sumarið fótboltalega séð var engan veginn nógu gott og árangur sumarsins þar af leiðandi slakur og óásættanlegur,“ segir Hreinn meðal annars en bætir því við að væntingarnar til liðsins hafi ef til vill verið of miklar, enda hafi miklar breytingar verið gerðar á liðinu frá því í fyrra.

KA átti í miklu basli í 1. deildinni í allt sumar en fyrir tímabilið var því spáð að liðið yrði í efri hluta deildarinnar. KA bjargaði sér frá falli með góðum úrslitum í síðustu leikjum sumarsins. Þess má einnig geta að á heimasíðu KA er könnun þar sem spurt er um sumarið í fótboltanum. Þegar 87 mansk höfðu kosið höfðu 37% svarenda sagst „alls ekki ánægðir.“

- vig

# Ég er ekki svona rosalega góður

Síðan Sigbór Júlíusson kom til KR frá Völsungi hinn 31. júlí sl. hefur verið mikill uppgangur á spilamennsku liðsins. Liðið hefur unnið sex leiki, gert tvö jafntefli og engum leik tapað. Tölfræðin sýnir einnig að liði Völsungs gekk mun verr þegar Sigbórs naut ekki við. Ég er ekki svona góður, segir leikmaðurinn sjálfur.

**FÓTBOLTI** Tímabilið í fótboltanum í sumar hefur verið lyginna líkast fyrir KR-inginn Sigbór Júlíusson. Hann hóf sumarið í herbúðum Völsungs á Húsavík og spilaði þar sjö leiki áður en hann skipti yfir í KR, rétt áður en fresturinn fyrir leikmannaskipti rann út hinn 1. ágúst sl. Liði Völsungs gekk bölvánlega í upphafi leiktíðar þegar Sigbór átti við meiðsli að stríða og gat ekki leikið með. Völsungur fékk aðeins tvö stig úr fyrstu fjórum leikjum sumarsins auk þess sem liðið féll úr VISA-bikarnum í fyrstu umferð. En um leið og Sigbór varð leikfær byrjaði liðið að

hala inn stig. Það sama má segja um tímabilið hjá KR, sem var mikil þrautaganga framan af sumri. En síðan Sigbór kom til liðsins hefur verið um nánast samfellda sigurgöngu að ræða og KR hefur ekki tapað leik.

Fréttablaðinu lá forvitni á að vita hvort Sigbór væri virkilega svona rosalega góður í fótbolta. „Nei, það fer fjarri því,“ sagði Sigbór og hló þegar Fréttablaðið ræddi við hann. „Ég held að það hafi verið ákveðin tímamót hjá þessu KR-liði þegar ég kem inn í það. Það var markvisst verið að vinna í því að breyta um taktík innan liðsins þar sem aukin áhersla var lögð á varnarleikinn. Það skipulag hefur virkað mjög vel og ég var svo heppinn að koma inn í liðið þegar þessi breyting varð,“ segir Sigbór.

Það er með ólíkindum að rýna í meðfylgjandi tölfræði sem sýnir annars vegar árangur Völsungs í sumar - með og án Sigbórs, og hins vegar árangur KR í sumar - með og án Sigbórs. Hún sýnir svart á hvítu að Sigbóri fylgir mikil veltungi og það ber svo við að Sigbór sjálfur hefur aðeins tapað einum leik í sumar, gegn Reyni Sandgerði hinn 29. júlí sl. Þá tapaði Völsungur 1-0 í leik liðanna í 2. deildinni.

„Þetta hefur verið gott sumar fyrir mig, ég get ekki neitað því. Mjög athyglisvert allavega,“ segir Sigbór og vill alls ekki gera mikið úr sínum þætti. Maður gat kannski komið með einhverja ferska vinda inn í liðið en annars á ég alls ekki meiri þátt í þessum árangri frekar en aðrir leikmenn liðsins,“ útskýrir Sigbór, sem hefur þó ekki náð að skora í sumar. Hann lagði hins vegar upp aragrúa marka í þeim leikjum sem hann spilaði fyrir



SIGURVEGARI Sigbór Júlíusson hefur aðeins tapað einum leik í sumar og svo virðist sem það muni miklu að hafa Sigbór í liðinu, hvort sem það heitir Völsungur eða KR.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Völsungur, en þar lék hann oftast á hægri vængnum.

Teitur Þórðarson, þjálfari KR, segir Sigbór hafa verið mikinn happafeng fyrir sitt lið. „Sigbór kom mjög sterkur inn í þetta og hefur átt stóran þátt í bættum varnarleik okkar. Hann hefur gert mjög mikið fyrir okkar lið,“ segir Teitur, sem hefur kosið að láta Sigbór spila í stöðu hægri bakvarðar.

Það hefur reynst erfitt fyrir Sigbór að slíta sig frá takkaskónum en hann komst ansi nærri því að leggja þá á hilluna síðasta vetur vegna anna í vinnu. Sigbór kveðst ekki vera búinn að taka ákvörðun um hvað hann gerir á næstu leiktíð. „Ég mun fara yfir mín mál þegar tímabilið er buið en ég á frekar von á því að vera áfram.“

vignir@frettabladid.is

Ánægja í Reading með stigið gegn Man. Utd:

## Það var erfiðast að eiga við Ronaldo og Rooney

**FÓTBOLTI** Ívar Ingimarsson fær 7 í einkunn hjá Sky Sports fréttastöðinni fyrir frammistöðu sína í jafnteflisleiknum gegn Manchester United á laugardaginn og Brynjar Björn Gunnarsson, sem kom inn á sem varamaður þegar um 20 mínútur voru eftir, fær 5 í einkunn. Enn fremur segir í umfjöllun að Ívar hafi verið mjög öflugur í vörninni ásamt félaganum Ibrahim Sonko en að Brynjar Björn hafi verið „allt í lagi“ eins og það segir orðrétt.

„Við erum bara sáttir við að hafa fengið annað stigið. Liðið er nú komið með 10 stig eftir sex leiki sem við teljum vel viðunandi,“ sagði Brynjar Björn við Fréttablaðið í gær. Því fer fjarri að leikmenn Reading fái frí eftir

erfiðan leik gegn Manchester United því Brynjar var nýkominn af æfingu þegar Fréttablaðið ræddi við hann.

„Það var mjög skemmtilegt að taka þátt í þessum leik og ég held að ég geti alveg viðurkennt að Man. Utd sé besta liðið sem við höfum mætt það sem af er,“ sagði Brynjar. „Það var gaman að fá að spreyta sig gegn öllum þessum stjórnun í liðinu en það var erfiðast að eiga við Ronaldo og Rooney. Þeir eru gríðarlega flinkir og Ronaldo skoraði gott mark en mér fannst við samt ná að halda þeim niðri að mestu.“

Það vakti líklega athygli íslenskra sjónvarpsáhorfenda að þegar Brynjar Björn kom inn á um miðjan síðari hálfleik fékk



HAFI KOMIÐ Á ÓVARTY Fyrir utan Portsmouth er Reading líklega mesta spútnikliðið það sem af er leiktíðinni í enska boltanum og á laugardag náði liðið jafntefli gegn Manchester United. Hér sjást leikmenn liðsins fagna marki Kevin Doyle sem hann skoraði úr vítaspyrnu í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hann leiðbeiningar frá stjóranum Steve Coppell á miða þar sem þeir stóðu við hliðarlínuna. „Þetta er nú ekki neitt sem hann gerir venjulega. Þetta voru bara nokkur taktísk skilaboð sem ég átti að koma áfram til annarra í liðinu, hver átti að dekkja hvern í föstum leikatíðum,“ segir Brynjar Björn.

Sky segir Hermann Hreiðarsson ekki hafa verið upp á sitt besta í 2-0 tapi Charlton gegn Aston Villa en fær samt 6 í einkunn og þá fékk Heiðar Helguson 5 í einkunn eftir að hafa komið inn á undir lokin í leik Fulham og Chelsea. Segir Sky að Íslendingurinn hafi litlu náð að breyta í sókn Fulham.

- vig



# Bylting í blaðalestri á Netinu!

**VIÐIR.IS**  
NÝJUNG!

## 50 heppnir gestir á visir.is vinna utanlandsferð!

Kíktu strax á vefblöð á **visir.is** því 50 gestir í september fá **utanlandsferð** með Iceland Express.



**VEF BLÖÐ**

### Fréttablaðið hefur aldrei verið aðgengilegra!

Lestu blöðin á visir.is. Ný tækni gerir þér kleift að finna efni á auðveldan og fljótlegan hátt, stækka letur og velja stakar greinar.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Vel lesið



JOSE MOURINHO Þorir nú að prófa raunverulegt fallhlífarsök.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Jose Mourinho:

## Fallhlífarsök í auglýsingu

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, er fleira til lista lagt en að búa til góð fótbolti. Nýlega lék hann í sjónvarpsauglýsingu fyrir BPI-bankann í Portúgal þar sem hann stekkur úr flugvél í jakkafötum en opnar síðan fallhlíf þegar hann nálgast jörðina. Mourinho þykir minna um margt á sjálfan James Bond þegar hann lendir fullkomlega í bakgarði glæsilegs einbýlishúss í Portúgal. En Mourinho hefur nú viðurkennt að það hafi ekki verið hann sjálfur sem stökk úr flugvélinni.

„Það er ótrúlegt hvað tækni-brellurnar eru orðnar góðar,“ sagði Mourinho en það var portúgalski áhættuleikarinn Jose Veras sem sá um skítverkin fyrir þjálfaran knáa. „Jose sagði mér að það hefði aldrei hvarflað að honum að prófa fallhlífarsök,“ segir Veras. „En eftir að hafa leikið í auglýsingunni og séd hvað þetta er raunverulega lítið mál segist hann vera tilbúinn að prófa eitt alvöru stökk,“ bætti Vera við. Nú er að sjá hvort Mourinho standi við stóru orðin.

- vig



CRISTIANO RONALDO Fær mikinn stuðning frá aðstoðarþjálfara sínum.

Carlos Queiroz:

## Ronaldo getur orðið sá besti

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo býr yfir það miklum hæfileikum að hann getur orðið besti leikmaður heims í nánustu framtíð. Þetta er mat Carlos Queiroz, aðstoðarþjálfara Manchester United. Queiroz lét orðin falla eftir jafnteflisleikinn gegn Reading á laugardag, en þá var það Ronaldo sem skoraði mark Man. Utd.

„Þegar maður er að þjálfra leikmenn eins og Ronaldo snýst þetta ekki svo mikið um fótboltann. Þetta snýst um að kenna þeim rétta hugarfarið og fá þá til að meta lífið og alla kosti þess. Ég er alltaf að reyna að láta Ronaldo temja sér þennan hugsunarhátt og finna löngunina til þess að verða bestur í heimi. Það er ekki spurning að hann getur orðið það,“ sagði Queiroz.

Ronaldo var í sumar sagður vera á leið frá Man. Utd en í viðtali við BBC í gær sagðist hann vera mjög ánægður í herbúðum liðsins. „Ég velti því fyrir mér að fara annað. En eftir að hafa rætt við umboðsmann minn og Alex Ferguson þá ákvað ég að vera áfram. Ég sé ekki eftir því. Mér líður mjög vel,“ sagði Ronaldo.

- vig

# Væri ekki líft í Kópavogi hefði Breiðablik fallið


Steinþór Freyr Þorsteinsson átti mjög góðan leik fyrir Breiðablik á laugardaginn þegar lokaumferð Landsbankadeildarinnar fór fram. Hann hefur verið valinn leikmaður umferðarinnar af Fréttablaðinu.

**FÓTBOLTI** „Þetta var rosaalega gaman og mikill léttir að við náðum að halda okkur uppi. Það var búið að vera mikið stress en svo enduðu allir leikir okkur í hag. Fimmta sætið er betra en ég bjóst við fyrir tímabilið,“ sagði Steinþór Freyr Þorsteinsson, leikmaður Breiðabliks, við Fréttablaðið í gær. Blikar unnu Keflavík 2-1 á laugardaginn í lokaumferðinni og björguðu sér ekki aðeins frá falli heldur tryggðu þeir sér fimmta sætið.

Steinþór var mjög sprækur í leiknum og er hann leikmaður umferðarinnar. Hann fiskaði m.a. vítaspyrnuna sem Arnar Grétarsson skoraði annað mark Breiðabliks úr. „Það var mikið fagnað eftir leikinn, uppskeruhátíð Breiðabliks var um kvöldið og þar var mikil stemning. Ég verð að viðurkenna það að ég bjóst við Keflvíkingum sterkari. Í fyrri hálfleik áttu þeir ekki færi og voru ekkert að skapa sér. Það er kannski skiljanlegt að einhverju leyti þar sem þeir höfðu að engu að keppa,“ sagði Steinþór.

Hann er á 21. aldursári og á landsleiki að baki fyrir yngri landsliði Íslands. Hann hóf sinn feril í Fylki en ungur að árum fór hann í Breiðablik. „Ég er mjög ánægður með mína frammistöðu í sumar, ég lenti í meiðslum og missti af nokkrum leikjum en fyrir utan það er ég mjög ánægður,“ sagði Steinþór. „Öll lið í deildinni nánast hafa verið að vinna og tapa til skiptis í sumar og það sama á við um okkur. Það hefur skort ákveðinn stöðugleika en við höfum verið ótrúlega óheppnir í mörgum af þessum leikjum.“

Steinþór ber Ólafi Kristjáns-



## LÍÐ UMFERÐARINNAR

Craig Allardyce mun aldrei geta fyrirgefið sjálfum sér:

## Þetta hefur verið verstí tími lífs míns

**FÓTBOLTI** Craig Allardyce, sonur Sam Allardyce hjá Bolton og umboðsmaðurinn sem var í aðalhlutverki í spillingarþætti BBC um ensku knattspyrnuna í síðustu viku, segist aldrei geta fyrirgefið sjálfum sér fyrir að bregðast föður sínum og allri fjölskyldu sinni með framkomu sinni í þættinum.

„Þetta hefur verið versta vika lífs míns. Þetta hefur líka verið versta vikan í lífi föður míns og það er mér að kenna. Það er þung byrði fyrir son að bera,“ sagði Craig í viðtali við götublaðið News of the World í Bretlandi. Craig segist hafa fallið fyrir gylliboði Knut Auf dem Berge, svikula umboðsmanninum í þættinum, sem bauð honum að vera meðeigandi í nýrri umboðsskrifstofu sem átti að byggja afkomu sína á mútum og greiðslum undir borðið.

„Ég lét tilfallast og þóttist vera stærri en ég er. Sannleikurinn er sá að ég er bara venjulegur umboðsmaður sem er einfaldlega að reyna að lifa af. Ég þarf að borga mínar skuldir eins og hver annar. Ég er ekki ríkur maður,“



STEINÞÓR FREYR ÞORSTEINSSON Sést hér fara upp í skallaevinvígi við Einar Orra Einarsson, leikmann Keflavíkur, í viðureign liðanna á laugardag. Steinþór Freyr átti skinandi leik og er leikmaður lokaumferðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

syni vel söguna en Ólafur tók við liðinu af Bjarna Jóhannssyni þegar það var í fallsæti. „Óli hefur reynst okkur vel, hann kom með nýjar áherslur inn í þetta og þær hafa virkað. Liðið hefur verið að spila betur eftir að hann kom,“ sagði Steinþór og segist vilja sjá liðið enda ofar á næsta tímabili. „Við verðum að stefna hærra, lenda ofar en í ár. Væri ekki leiðinlegt að ná að blanda sér í einhvern slag ofarlega á töflunni.“

Steinþór er frægur fyrir að taka mjög löng innköst með því að skella sér í flick-flakk stökk og hefur það vakið mikla athygli.

„Þetta byrjaði af viti með U17 landsliðinu.“

## LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

Ég var eitthvað búinn að vera að leika mér að þessu og svo var verið að spyrja hver gæti tekið löng innköst. Þá sagði ég að ég gæti gert þetta og þá fór ég að taka svona innköst í leikjum,“ sagði Steinþór.

Það verða tvö Kópavogslíð í Landsbankadeildinni næsta sumar og því nóg að gera fyrir Steinþór, sem sér um að slá Kópavogsvöll. HK komst upp úr 1. deildinni fyrir skömmu og neitar Steinþór því ekki að það hefði gert fall úr deildinni enn hræðilegra. „Það hefði ekki verið líft í Kópavogi ef við hefðum fallið. Sú staðreynd að HK var búið að tryggja sér upp var ekki til að minnka baráttuna í okkur. Það er samt gaman að fá þá í deildina, það er alltaf skemmtilegast að spila nágrannaslagi. Það hefur ekki farið framhjá okkur að HK-ingum finnst mjög gaman þegar við töpum og auglýsa það mikið. Ég á marga góða vini í HK en þegar á völlum er komið þá hverfur vináttan,“ sagði Steinþór.

elvalgeir@frettabladid.is



TIM CAHILL Fagnar jöfnunarmarki sínu.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Jafntefli á St. James Park

**FÓTBOLTI** Einn leikur var í ensku úrvalsdeildinni í gær en þá gerðu Newcastle og Everton 1-1 jafntefli. Shola Ameobi kom Newcastle yfir á þrettánda mínútu, hann virtist rangstæður en aðstoðardómarmanninn sá ekkert athugavert. Hann fékk allan þann tíma sem hann þurfti til að koma boltanum framhjá markverðinum Tim Howard. Fimm mínútum fyrir leikhlé jafnaði Tim Cahill með skalla.

Leikurinn var opinn og skemmtilegur en þrátt fyrir það komu engin mörk í seinni hálfleik. Það komu þó tvö rauð spjöld því Titus Bramble hjá Newcastle og Tony Hibbert hjá Everton voru sendir í það af Steve Bennett dómara með tveggja mínútna millibili á lokakaflanum.

- egm



HERNAN CRESPO Skoraði tvö mörk fyrir Ítalíumeistarana í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ítalski boltinn:

## Inter skaust á toppinn

**FÓTBOLTI** Ítalíumeistararnir í Inter unnu 4-3 sigur á Chievo í gær í ótrúlegum leik á heimavelli sínum. Með þessum sigri komst Inter á toppinn en það munaði litlu að liðið glopraði niður forskoti sínu eftir að hafa komist í 4-0. Á seinasta stundarfjórðungi leiksins skoraði Chievo þrjú mörk og fékk færi í viðbótartíma til að ná jafntefli.

Hernan Crespo skoraði tvö mörk fyrir Inter í gær en Walter Samuel og Dejan Stankovic skoruðu hin mörkin. Roma var í hörkustuði gegn Parma og vann 4-0 útsigur. Vincenzo Montella, Simone Perrotta, Alejandro Rosi og Alberto Aquilani skoruðu mörkin.

- egm



JAMES Hefur enn ekki fengið mark á sig með Portsmouth í úrvalsdeildinni.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Markvörðurinn David James:

## Hugsaði út í það að hætta

**FÓTBOLTI** David James segist hafa íhugað það alvarlega að leggja hanskana á hilluna þegar hann missti sæti sitt í enska landsliðinu. Hann var tekninn út úr liðinu eftir að hafa gert hrikaleg mistök í leik gegn Austurríki í september 2004. James er nú hjá Portsmouth en á þessum tíma lék hann fyrir Manchester City.

„Liðinu var ekki að ganga vel, ég missti landsliðssætið og það var öldugangur í lífi mínu utan vallar. Ég var farinn að íhuga það að hætta,“ sagði James. Nú leikur lífið hins vegar við hann og stefnir hann á að endurheimta sæti sitt í landsliðinu.

- egm

Sam Allardyce tjáir sig um gjörðir sonar síns:

## Orðsporið er varanlega skaðað

**FÓTBOLTI** Sam Allardyce, stjóri Bolton í ensku úrvalsdeildinni, telur að sú mynd sem birtist af honum í spillingarþættinum hafi komið varanlegum skaða á orðsporið. Allardyce var sterklega orðaður við enska landsliðið í vor og var almennt talinn einn af heitustu knattspyrnustjórunum í landinu.

„Ég hef ekki gert neitt rangt en svona ásanáknir festast við mann það sem eftir er, jafnvel þó þær verði ekki sannaðar,“ segir Allardyce. „Það hefur aldrei hvarflað að mér að segja upp. Það yrði eins og uppgjöf í mínum huga. En ég tel að mitt orðspor í boltanum verði aldrei það sama.“

- vig



CRAIG ALLARDYCE

en þetta er nokkuð sem ég þarf að sætta mig við. Ég get ekki tekið aftur gjörðir mínar. Ekkert af því sem ég sagði í þættinum var satt en engu að síður hefur þetta komið sér afar illa fyrir fjölskylduna mína. Nú verð ég bara að einbeita mér að því að ala upp börnin mín og byrja upp á nýtt. Ég mun nota fordæmi pabba míns og berjast í gegnum þetta mót-læti.“

- vig

Fótboltinn í Evrópu:

## Hannes og Emil skoruðu

**FÓTBOLTI** Hannes Þ. Sigurðsson skoraði sitt fyrsta mark fyrir Brøndby þegar liðið gerði 2-2 jafntefli gegn OB í dönsku úrvalsdeildinni í gær. Hannes lék í fremstu víglínu og kom Brøndby í 1-0 á 16. mínútu. Brøndby er í 3. sæti með 19 stig, stigi á eftir FC København sem er á toppnum, en á leik til góða á liðin fyrir ofan sig.

Emil Hallfreðsson tryggði liði sínu Malmö annað stig í leik liðsins gegn Halmstad í gær í sænsku úrvalsdeildinni. Emil, sem lék allan leikinn, jafnaði metin í 2-2 þegar þrjár mínútur voru eftir af leiknum.

Þá lagði AZ Alkmaar Roda að velli, 2-0, í hollensku úrvalsdeildinni. Gréttar Rafn Steinsson og Jóhannes Karl Guðjónsson sátu allan tímann á varamannabekk AZ, sem er efst í deildinni með 13 stig eftir fimm leiki.

- vig

Spænski handoltinn:

## Ademar Leon lagði Barcelona

**HANDBOLTI** Óvænt úrslit urðu í spænsku úrvalsdeildinni á laugardagskvöld þegar Ademar Leon gerði sér lítið fyrir og lagði meistara Barcelona 31-27. Sigfús Sigurðsson átti góðan leik í vörn heimamanna en náði þó ekki að skora í leiknum. Ólafur Stefánsson skoraði eitt mark fyrir Ciudad Real sem vann Valladolid 30-29 í hörkuspennandi leik. Portland San Antonio og Ciudad eru efst í deildinni með átta stig nú þegar fjórum umferðum er lokið. Barcelona og Ademar Leon koma næst með sex stig.

- egm

# Evrópuliðið vann þriðja árið í röð

Lið Bandaríkjanna átti aldrei möguleika gegn því evrópska í Ryder-keppninni í golfi sem lauk á Írlandi í gær. Úrslitin urðu á sama veg og í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum, Evrópa hlaut átján og hálfan vinning en Bandaríkin níu og hálfan. Ólýsanleg stemning í liðinu, sagði fyrirlíði Evrópuliðsins.

**GOLF** Lið Evrópu vann Ryder-keppnina með miklum yfirburðum á K Club á Írlandi í gær en þetta er í þriðja sinn í röð sem Evrópa fagnar sigri og er það met. Þá er þetta fimmti sigur Evrópu í síðustu sex Ryder-keppnum. Evrópa hlaut átján og hálfan vinning gegn níu og hálfum vinningi bandaríska liðsins en það eru sömu úrslit og í keppninni í Michigan í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum.

Evrópa hafði mikla yfirburði í tvímenninum sem fram fór í gær og vann átta af tólf leikjum. Það var sænski kyflingurinn



**BIKARINN Í HÖFN** Ilan Woosnam stendur hér stoltur með bikarinn á K Club á Írlandi.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Henrik Stenson sem tryggði Evrópu sigurinn með því að sigra JJ Taylor. Darren Clarke frá Norður-Írlandi brast í grát þegar sigurinn var í höfn en hann missti eigin konu sína í síðasta mánuði er hún lést úr krabbameini.

„Þetta getur ekki verið betra. Það hefur gert mér mjög gott að fá að vera hluti af þessu frábæra liði. Ég hef eignast margar frábærar minningar. Það var erfitt að setja sig í rétta girinn fyrir þetta mót en það tókst,“ sagði Clarke en mikið var talað um góða liðsheild hjá Evrópuliðinu meðan á keppni stóð. „Ilan Woosnam er frábær fyrirlíði liðsins, hann hefur sýnt mér og öllu liðinu frábæran stuðning.“

Woosnam átti varla til orð til að lýsa kyflingum Evrópuliðsins. „Þetta var hreint út sagt frábær spilamennska og ég get ekki lýst því hvað ég er stoltur. Þrátt fyrir þessa spilamennsku hugsaði ég aldrei út í það að við værum búnir að sigra. Mér leið samt mjög vel þegar ég tók eftir því að blái liturinn var allsráðandi á öllum skortöflum vallarins. Ég vona að Nick Faldo nái að landa fjórða titlinum í röð eftir tvö ár,“ sagði Woosnam en Nick Faldo frá Englandi tekur nú við fyrirlíðahlutverkinu.

Tom Lehman, fyrirlíði bandaríska liðsins, segir það enga skömm að hafa tapað fyrir evrópska liðinu. „Ég held að þetta sé besta lið sem Evrópa hefur átt frá upphafi. Þeir spiluðu ótrúlega vel og mitt lið var einfaldlega ekki tilbúið, okkur var refsað fyrir öll mistök. Áhorfendur sýndu Evrópuliðinu mikinn stuðning og það



**FYRIRLIÐINN FÆR GUSU** Hér er verið að sprauta kampavíni yfir Ilan Woosnam, fyrirlíða Evrópuliðsins, eftir að sigurinn var í höfn.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

hafði sitt að segja,“ sagði Lehman eftir mótið.

Furðulegt atvik átti sér stað í gær þegar kyflusveinn Tiger Woods, Steve Williams, missti eina kyflu ofan í vatn við sjöundu holu meðan hann var að þrifa hana. Það var níu járnlið sem Williams missti og samkvæmt reglum má ekki skipta um kyflu. Því þurfti Tiger að leika án níujárnsins stóran hluta af gærdeginum. Það kom þó ekki í veg fyrir að hann sigraði Robert Karlsson.

elvargeir@frettabladid.is



**WOODS FÆÐMAR CLARKE** Darren Clarke átti erfitt með að hafa stjórn á tilfinningum sínum og fær hér faðmlag frá Tiger Woods. Clarke missti eigin konu sína og Woods þabba sinn fyrir í sumar og hafa þeir sótt mikið í félagsskap hvors annars síðustu vikur.

NORDICPHOTOS/AF



**ANDRÉS INIESTA** Skoraði jöfnunarmarkið gegn Valencia í gær snemma í seinni hálfleik.

NORDICPHOTOS/GETTY

Leikið í spænsku úrvalsdeildinni um helgina:

## Jafnt hjá Valencia og Barcelona

**FÓTBOLTI** Landsliðsfyrirlíðinn Eiður Smári Guðjohnsen kom ekkert við sögu þegar Barcelona og Valencia gerðu 1-1 jafntefli í spænska boltanum í gærkvöldi. Barcelona hefur lengi átt í vandræðum með lið Valencia og leikurinn í gær var engin undantekning á því. Þrátt fyrir að hafa verið talsvert betra liðið í seinni hálfleik tókst Barcelona ekki að innbyrða öll stig þrjú.

Valencia tók forystuna á sautjándu mínútu en þá skoraði David Villa eftir frábæra sókn. Erfiðlega gekk hjá Barcelona að skapa sér færi og í hálfleik ákvað Frank Rijkaard, þjálfari liðsins, að setja Andrés Iniesta inn á sem varamann. Sú skipting var ekki lengi að bera ávöxt en þessi ungi leikmaður jafnaði metin á 49. mínútu. Eiður Smári var í blaðaviðtali á Spáni fyrir nokkrum dögum og þar lýsti hann yfir dálæti sínu á Iniesta, sagði hann vera þann leikmann sem hefði komið sér mest á óvart hjá Barcelona. Með tilkomu Iniesta í gær kom aukkið flæði í spilamennsku Börsunga.

Undir lok leiksins fékk Barce-

lona nokkur góð færi til að tryggja sér sigurinn en ekki tókst það. Xavi átti skot sem fór rétt framhjá og þá fékk varamaðurinn Javier Saviola ágætis færi en hinn reynslumikli Santiago Canizares varði vel. Í upp-bótartíma fiskaði Ronaldinho auka-spurnu á stórhættulegum stað. Hann tók spurnuna sjálfur en skot hans fór í varnarvegginn og úrslitin því 1-1. Næsti leikur Barcelona er á miðvikudaginn en þá mætir liðið Werder Bremen í Meistaradeildinni.

Real Madrid vann á laugardagskvöld 1-0 sigur á Real Betis en Mahamadou Diarra skoraði eina mark leiksins á sjöttu mínútu. Þetta var fyrsta mark Diarra fyrir Real Madrid en hann var keyptur frá franska liðinu Lyon. Hann skoraði með skalla eftir fyrirgjöf frá Cichinho, sem þurfti að fara af velli eftir hálf tíma þegar hann sleit liðbönd. Cichinho verður líklega ekki meira með á tímabilinu. David Beckham byrjaði leikinn á bekknum en kom inn á í seinni hálfleikinn og fékk hann gult spjald fyrir leikaraskap.

- egm

## Arctic Trucks jeppamiðstöð



Dagur Jónasson



Eyjólfur M. Teitsson

Arctic Trucks jeppamiðstöð er þjónustufyrirtæki og vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Hér er flest það sem jeppaeigandinn þarf á að halda: Dekkja- og smurþjónusta, ástandsskoðun, jeppabreytingar, jeppasala, fagleg þjónusta og ráðgjöf.

## Notaðir og nýir jeppar

Allir jepparnir eru ástandsskoðaðir



Toyota Land Cruiser 90 LX - 3,0 dísel  
5 gíra. 06/2000 ek. 128 þ. km.  
Verð 2.190.000



Toyota Land Cruiser 90 LX - 3,0 dísel  
sjálfskiptur. 03/2000 ek. 160 þ. km.  
33" breyttur. Verð 2.300.000



MMC Pajero - 3,2 dísel sjálfskiptur.  
02/2003 ek. 139 þ. km. 33" dekk.  
Verð 3.490.000



Toyota Land Cruiser 100 VX - 4,7 bensín  
sjálfskiptur. 02/2001 ek. 100 þ. km.  
Nýleg 35" breyting. Verð 4.300.000



Ford F150 Super Crew - 5,4 bensín  
sjálfskiptur. 10/2005 ek. 13 þ. km.  
Verð 3.990.000



Nissan Navara D/C LE - 2,5 dísel  
sjálfskiptur. 12/2005 ek. 18 þ. km.  
32" AT-breyting\*. Verð 3.690.000



Hyundai Terracan GLX - 2,9 dísel  
5 gíra. 10/2003 ek. 78 þ. km.  
Verð 2.350.000



Toyota Land Cruiser 120 VX - 3,0 bensín  
sjálfskiptur. 05/2003 ek. 80 þ. km.  
33" breyttur. Verð 4.580.000



Toyota Land Cruiser 90 VX - 3,0 dísel  
sjálfskiptur. 12/1998 ek. 199 þ. km.  
Verð 1.790.000

Vantar góða jeppa á skrá.  
Líttu inn hjá okkur á bílasölusvæðinu Kletthálsi.

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„He helped Joshua fight the battle of Jericho, he helped Daniel get out the lion's den, he helped Gilligan get off the island.“**

Svar: Rev. Brown (Arsenio Hall) úr Coming to America frá 1988.

# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VELTIR FYRIR SÉR STÖÐU KONUNNAR

## Fyrir aftan hvaða eldavél stendur hún?

Ágætis ráðherra hér á landi sagði eitt sinn að staða konunnar væri bak við eldavélina. Þessi góði maður fékk heldur bág fyrir, var sagður karlremba og þaðan af verra. Vafalítið hefur ráðherra meint gott eitt með þessum orðum enda þekktur fyrir hnyttin tilsvör og skemmtilegan húmor. Þegar horft er yfir sjónvarpssviðið virðist þessum ágæta Sunnlendingi hins vegar hafa orðið á í messunni, hreinlega haft rangt fyrir sér.

Sjónvarpskokkar eru nefnilega upp til hópa karlar, sumir hverjir karlmenni eins og Jói Fel sem hnyklar vöðvana í sturtu milli þess að grilla, baka og steikja fyrir fræga fólkíð á Fróni. Þekktasti sjónvarpskokkur heims er hins vegar ekki Íslendingur, þótt ótrúlegt megi virðast, heldur smámæltur, ofvirkur Breti að nafni Jamie Oliver. Sagt er að eiginkona Olivers sé orðin svo langþreytt á ferðalögum hans um allan heim að hún þrái ekkert annað en að standa fyrir aftan

eldavélina, líkt og ráðherra góði vildi að kvenkynið gerði, og elda handa honum egg og beikon. Annar og ekki síður þekktur karlkyns kokkur, Gordon Ramsey, rekur veitingahúsið Hell's Kitchen og fær til sín nýnema sem hann öskrar á án nokkurs tilgangs að því er virðist.

Þetta hefur vakið hjá mér spurningar því hvert sem ég lít eru karlmenn að störfum bak við eldavélina og ausa úr visku-brunni sínum um framaní krydd og matargerð. Ef marka má sjónvarpið er staða konunnar því í sófanum fyrir framan sjónvarpið með tærnar upp í loftið á meðan karlinn stendur sveittur og eldar exótískan mat að hætti Oliver eða Ramsey.

**JAMIE OLIVER** Er einn vinsælasti sjónvarpskokkur heims, sem hefur leitt til þess að staða karlsins í dag er fyrir aftan eldavélina en ekki framan.



▶ 20.25  
**Gaman**

SVONA  
VAR ÞAÐ

▶ 20.50  
**Drama**

RELATED

▶ 21.30  
**Veruleiki**

SO YOU THINK YOU CAN DANCE

▶ 21.00  
**Veruleiki**

SURVIVOR

▶ 23.15  
**Íþróttir**

SAGA  
FÓTBOLTANS

### SIJONVARIPIÐ

### 2

### SIRKUS TV

### SKJAREINN

### SYM besta sætið

15.30 Fótboldakvöld 15.45 Helgarsportíð  
16.10 Ensku mörkin (5:32) 17.05 Leiðarljós  
17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið  
18.01 Alda og Bárta (17:26) 18.08 Búi! (7:26)  
18.16 Lubbi læknir (29:52)

18.30 Vistaskipti (17:26) (Foreign Exchange)  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljós

▶ 20.25 Svona var það (12:22) (That 70's Show)

20.50 Rætur guðstrúar (1:3) (The Story of God) Breskur heimildamyndaflokkur í þremur þáttum þar sem fjallað er um sögu mannkyns og tilraunir manna til að skilja Guð.

21.50 Sjónvarpið 40 ára (17:21)

22.00 Tiúfréttir

22.25 Glæpahneigð (11:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvéit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna.

6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah (101:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Kidnapped (3:3) 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement (13:28) 13.30 Hildegard 14.55 Ítalíuævintýri Jamie Olivers (4:6) 15.20 George Lopez (24:24) 16.00 Skrímslaspiðið (21:49) 16.20 Títeuf 16.45 Ginger segir frá 17.05 Smá skrítnir foreldrar 17.30 Froskafjör 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 The Simpsons (10:22) (Simpson fjöl-skyldan)

20.05 Extreme Makeover: Home Edition (10:25) (Hús í andlitslyftingu)

▶ 20.50 Related (13:18) (Systrabönd) Amy er miður sín þegar hún fær þau tíðindi að erfiðleikar með meðgönguna komi í veg fyrir að hún geti farið í brúkaup föður síns.

21.30 Crossing Jordan (Réttarlæknirinn)

22.15 Boys (Strákar) Ljúfsár og áhrifamikil kvikmynd þar sem Wynona Ryder fer á kostum í aðalhlutverkinu. 1996. Bönnuð börnum.

18.00 Insider (e)

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld (The Jimmy)

20.00 Entertainment Tonight

20.30 8th and Ocean

21.00 The Newlyweds

▶ 21.30 So You Think You Can Dance 2 Dansinn hefst á ný ... Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikaþátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna.

22.20 Insider

22.45 24 (5:24) (e)

7.00 6 til sjó (e) 8.00 Dr. Phil (e)

15.55 Game tívi (e) 16.20 Beverly Hills 90210 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjó

19.00 Melrose Place

19.45 Ungfrú heimur 2006: Suður Evrópa Nú kynnumst við stúlkunum sem berast um titilinn Ungfrú Suður Evrópa.

20.10 Surface

▶ 21.00 Survivor: Cook Islands

22.00 The Contender Nú eru bara fjórir boxarar eftir og spennan magnast.

22.50 Jay Leno

18.00 Íþróttaspiallið 18.12 Sportíð

18.30 NFL – ameríska ruðningsdeildin Arizona – St. Louis e.

21.30 Spænsku mörkin

22.00 Ensku mörkin

22.30 KF Nörd (4:16) Leyndir hæfileikar strákanna eru nýttir afar vel þegar þeir fara í hljóðver til að hljóðrita stuðningslag liðsins „Áfram KF Nörd“.

▶ 23.15 Saga fótboldans 0.10 Heimsmótarröðin í Póker

23.10 Ensku mörkin (5:32) 0.00 Kastljós 0.55 Dagskrárlök

23.40 The Inside (Str. b. börnum) 0.25 NCIS (B. börnum) 1.10 Inspector Linley Mysteries 1.55 28 Days Later (Str. b. börnum) 3.45 Related 4.30 Crossing Jordan (B.börnum) 5.15 Fréttir og Ísland í dag

23.30 24 (6:24) (e) 0.15 Seinfeld 0.40 Entertainment Tonight (e)

23.35 C.S.I.: New York (e) 0.25 Casino (e) 1.15 Beverly Hills 90210 (e) 2.00 Melrose Place (e) 2.45 Óstöðvandi tónlist

### SKJÁR SPORT

12.00 Inter Milan – Sampdoria (e) Frá 23.09  
14.00 Middlesbrough – Blackburn (e) Frá 23.09  
16.00 Aston Villa – Charlton (e) Frá 23.09  
18.00 Prumuskot

18.50 Portsmouth – Bolton (b)

21.00 Að leikslökum (b)

22.00 Ítölsku mörkin

23.00 Man. City – West Ham (e) Frá 23.09

1.00 Að leikslökum (e) 2.00 Dagskrárlök

### CARTOON NETWORK

12.00 Atomic Betty 12.30 The Grim Adventures of Billy & Mandy 13.00 Ed, Edd n Eddy 13.30 Battle B-Daman 14.00 The Powerpuff Girls 14.30 The Life & Times of Juniper Lee 15.00 The Grim Adventures of Billy & Mandy 15.30 Codename: Kids Next Door 16.00 Dexter's Laboratory 16.30 World of Tosh 17.00 Foster's Home for Imaginary Friends 17.30 What's New Scooby-Doo? 18.00 Sabrina, The Animated Series 18.30 Tom & Jerry 19.00 Justice League 19.30 Justice League 20.00 Justice League 20.30 Justice League 21.00 Johnny Bravo 21.30 Ed, Edd n Eddy 22.00 Dexter's Laboratory

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 14.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 15.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 16.00 101 Most Awesome Moments in Entertainment 17.00 Sexiest Bad Boys 18.00 E! News Weekend 19.00 Johnny Depp THS 20.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion! 21.00 Sexiest Bad Boys 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Naked Wild On 23.30 Naked Wild On 0.00 Johnny Depp THS 1.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion! 2.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment

### N4 SJONVARP NORÐURLANDS

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

FORVARNARDAGURINN 2006

# TAKTU ÞÁTT!

## HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Verjum sem mestum tíma saman. Klukkutíma samvera foreldra og barna á hverjum degi getur ráðið úrslitum.

Verkefnið er styrt af  
**actavis**  
hagur í heilsu

www.forvarnardagur.is

VIÐ MÆLUM MEÐ

SIÓNVARPIÐ KL. 20.05

Rætur guðstrúar

Hvert sem lítið er trúir fólk á eitthvað máttugra en það sjálf, eitthvað óútskýranlegt, eitthvað guðdómlegt. Í guðdóminum leitar fólk að útskýringum á sjálfu sér og umhverfinu, þakkar góðar gjörðir og biðst fyrirgefningar á syndum. Í augum sumra á guðdómurinn ekkert erindi í nútímanum og við hefur tekið traust á vísindin. Samt voru margir af merkustu hugsuðum mannkynssögunnar, menn eins og Plató og Einstein, Pýþagoras og Darwin, trúaðir.



Í þáttaröðinni er leitað að uppruna trúarbragða heimsins og þau krufin. Allt er þetta gert með opnum en gagnrýnum hug og af virðingu. Það er enginn annar en Robert Winston sem er kynnr þáttarins og í fyrsta þættinum skoðar hann fjölgyðistrúarbrögð og veltir því fyrir sér af hverju fólk byrjaði yfirleitt að trúa á guð.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

2	7	5	3	8	6	9	4	1
4	8	1	7	2	9	5	6	3
3	6	9	4	1	5	2	7	8
1	3	2	5	6	4	8	9	7
6	5	4	9	7	8	3	1	2
7	9	8	2	3	1	6	5	4
8	1	7	6	9	2	4	3	5
5	2	6	1	4	3	7	8	9
9	4	3	8	5	7	1	2	6

			1		7			
5	6			4				
4	2	7			3			
8				2				
	4		9		5			
		3					8	
		3			6	7	5	
			8			1	2	
9			7					

**20.00**  
Spenna  
TOMB RADER

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Lara Croft Tomb Raider: The C (Bönnuð börnum) 8.00 The School of Rock 10.00 A View From the Top

12.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed 14.00 The School of Rock 16.00 A View From the Top 18.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed

20.00 Lara Croft Tomb Raider: The C (Grafarræninginn 2) Ævintýrleg hasarmynd um baráttu góðs og íls. Bönnuð börnum.

22.00 Hard Cash (Illa fengið fé) Thomas Taylor er nýsloppinn úr fangelsi en tekur fjótt upp fyrri iðju. Str. b. börnum.

0.00 Saw (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Knockaround Guys (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Hard Cash (Stranglega bönnuð börnum)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.20 Hádegisfréttir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Viðt og breitt 14.03 Útvarpsagan: Lygasaga 14.30 Miðdegistónar 15.00 Fréttir 15.03 Í rútu með Lúther 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spégillinn 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.10 Söngvamál 21.00 Heimurinn okkar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Úr tónlistarlifinu: Sumartónleikar í Skálholtskirkju 2006

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.03 Brot úr degi 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spégillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 0.30 Spégillinn 1.10 Glefsur 2.03 Næturtonar 3.00 Samfélagið í nærmynd 4.00 Næturtonar 5.05 Stefnumót 5.45 Næturtonar

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN FM 99,4 ÚTVARP SAGA FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

# RAFMAGNSTRÚM

**SEPTEMBER-TILBOÐ!**  
Ekkí missa af þessu tækifæri.

**DNS-svenkerfið.**  
Nú á verði sem þú hefur ekki séð áður.

**Besta svefnkerfið** samkvæmt samanburðarrannsóknnum. Svæðaskiptur stífleiki, fjaðureiningar með minni.

**Svefn DNA.** Ert þú með þitt á hreinu? Allir hafa sitt sérstaka svefn DNA, engir tveir eru eins.

Fjaðrirnar eru stilltar eftir þínu svefn DNA.

**Kynetic** frábær nýjung.

**Hvers vegna Kynetic?**

- Niðsterk álgrind með byltingarkenndu PBS fjaðrakerfi.
- Sjálfvirk þrýstijöfnun líkamans fyrir tilstilli PBS fjaðrakerfis.
- Mikil fjöðrunardýpt léttir þunga af öxlum og réttir úr hryggssúlu.
- Rafstillt eða án sleðafærslu.
- Hægt að fella inn í flestar rúmgrindur.
- Má nota með mismunandi dýnum, allt eftir óskum hvers og eins.
- Hægt að fá með nuddi.
- Hægt að fá með innrauðri fjarstýringu.

**Bluconfort**

Traust og gott rafmagnsrúm.  
Nú á verði frá **kr. 89.900** (80 x 200 cm).

Rétt stilling á rúmi og vandlega valin dýna skiptir meginmáli.

Engir tveir eru eins. Með því að stilla rúmbotinn rétt og velja rúmdýnu við hæfi næst hámarks slökun og næturhvíld.

Clearest áklæðið vinnur gegn bakteríum, rykmaurum og sveppamyndun. Dýnuverið má taka af og þvo við 60°.

PBS Pressure Balance system er byltingarkennt gagnvirk kerfi þar sem allar fjaðrir rúmbotsins eru samvirkar. Þegar einni fjaðraeiningu er þrýst niður lyftist næsta fjöður upp og þannig koll af kalli þar til allar fjaðrir þrýsta jafnt á líkamann. Á þennan hátt fær líkaminn einstaka þrýstijöfnun.

Frábært úrval af heilsukoddum, dúnsængum og gjafavöru á **15%** afslætti

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opið virka daga: 10-18 og laugardaga 11-16  
Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

## HRÓSIÐ ...



... fær Þórólfur Árnason fyrir að fara á hjólhesti í vinnuna hvenær sem færi gefst.

# Gæti orðið stærra en Eve: Online

Tölvufyrirtækið CCP, sem á heiðurinn af einhverjum vinsælasta netleik heims í dag EVE: Online, hyggst færa út kvíarnar á næstunni því eftir tæpan mánuð kemur út spilaleikurinn EVE: The Second Genesis um allan heim en spilin eru þegar komin í hillurnar hjá myndasögubúðinni Nexus. „Þetta er svona EVE offline,“ grínast Magnús Bergsson, markaðsstjóri CCP. „Spilið er af tegundinni CCG, sem útleiggst á ensku sem Collectable Card Game eða söfnunarvænn spilaleikur,“

## EVE™

ONLINE

EVE:ONLINE Íslenski netleikurinn sem hefur slegið í gegn og nú er svo komið að spilaleikur er að koma út á vegum fyrirtækisins CCP.

útskýrir Magnús. „Þú kaupir byrjunarpakka með 52 spilum og færð annan stökk sem þú getur látið einhvern vin hafa og svo byrjið þið að spila. Leikurinn gengur út á hernaðartaktík og leikmenn kaupa svokölluð „booster“ spil sem henta herkænsku hvers og eins,“ útskýrir Magnús, sem viðurkennir að þetta sé algjör harðkjarna nördaleikur. „Þeir sem spila þessi spil eru hins vegar allt öðruvísi hópur en þeir sem spila tölvuleikna,“ segir Magnús.

Að sögn markaðsstjórans hefur

kynningarstarfið gengið mjög vel og fóru þeir meðal annars með spilið á stóra ráðstefnu í Indianapolis sem heitir Gen Con og mæltist spilið mjög vel fyrir. „Að búa til svona spil er mjög erfitt og við vorum eitt og hálf ár að koma því á koppinn,“ segir Magnús og bætir við að ef þetta nái vinsældum geti þetta orðið mikið æði. „Það er eiginlega enginn millivegur á þessum markaði, annað hvort meikar þú það eða ekki,“ segir Magnús, sem vildi

ómögulega gefa upp hvaða væntingar CCP hefði. „Þetta gæti hins vegar orðið stærra heldur en Eve: Online því það eru haldin mót í svona spilum þar sem spilað er um peninga,“ segir Magnús en fyrir áhugasama má benda á að Nexus-búðin ætlar að halda mót í spilin á næstunni.

- fgg

**MAGNÚS BERGSSON** EVE: The Second Genesis er algjört nördaspil sem hefur fengið góð viðbrögð á ráðstefnum en það verður gefið út um allan heim eftir einn mánuð.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT:

2 andlegt áfall 6 í röð 8 pota 9 sóði 11 hróp 12 tipl 14 fjallstindur 16 tveir eins 17 kóf 18 sarg 20 guð 21 réttur.

## LÓÐRÉTT:

1 eymsl 3 tveir eins 4 súlur 5 ósigur 7 þegn 10 persónufornafn 13 kvenkyns hundur 15 mjög 16 for 19 tveir eins.

## LAUSN:

1. 61, 2. 88, 3. 19, 4. 88, 5. 19, 6. 88, 7. 19, 8. 88, 9. 19, 10. 88, 11. 19, 12. 88, 13. 19, 14. 88, 15. 19, 16. 88, 17. 19, 18. 88, 19. 19, 20. 88, 21. 19.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Ramadan.
- Össur Skarphéðinsson.
- Björgólfur Thor Björgólfsson.

Upplýsingar í síma 580 2525  
Textavarp: Stöð 2 • 150-153  
RÚV • 281, 283 og 284

**Lotto**

Vinningstölur laugardaginn 23.9.2006

15 16 18 28 34

Prefaldur  
1. vinningur næsta laugardag

Bónus tala 27

Jóker tölur vikunnar

Jóker 1 8 3 2 6

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA

**LOTTO** Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 20.9.2006

Aðaltölur 13 16 23 34 36 39

Bónustölur Ofurtala 35 47 14

Einfaldur 1. vinningur

Jóker tölur vikunnar

Jóker 7 2 6 5 2

1. vinningur gekk út

Bit með lýtarna um penningi



ÓLAFUR OG DROTTNINGIN Kvikmyndaleikstjórinn er að leggja lokahönd á heimildarmyndina um stelpustrákana í Taílandi.

## ÓLAFUR JÓHANNESSON: KOMST Í HANN KRAPPAN Á TAÍLANDI

# Kláraði handrit í valdaráni

„Allt rólegt,“ segir Ólafur Jóhannesson þegar náðist tali af honum en eins og greint var frá í Fréttablaðinu í síðustu er kvikmyndaleikstjórinn á Taílandi þar sem herinn gerði nýverið valdarán. „Þetta virðist ætla að renna ljúflega í gegn,“ bætir hann við en forsætisráðherra landsins hefur boðað friðsamlega sátt.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á föstudaginn er í bígerð kvikmynd sem byggð er á bók Þorvaldar Þorsteinssonar. Við fótiskör meistarans, og kláraði Ólafur handritið á meðan valdaráninu stóð. Hann reiknar með að myndin fari í tókur í byrjun næsta árs en þegar hefur verið samið við Eggert Þorleifsson um

að hann leiki eitt aðalhlutverkanna í myndinni. „Þorvaldur sagði mér að hann hefði skrifað eina persónuna með Eggert í huga og því lá beint við að hafa samband við hann,“ segir Ólafur, sem jafnframt hefur í huga að gera mynd eftir framhaldsbókinni og hefur hann þegar hlotið styrk fyrir myndinni, sem ber vinnuheitin Spaceman. „Hún fer vonandi í framleiðslu árið 2008,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn. Má segja að þarna sé Ólafur að venda kvæði sín kross því hann hefur hingað til einbeitt sér að gerð svokallaðra leikinna heimildarmynda.

Ólafur hefur mörg járn í eldinum að venju en hann er að þróa

tvær myndir með leikstjórum frá Taílandi og Indlandi. „Sú fyrri fjallar um munaðarleysingjahæli hérna í Taílandi en konan sem rekur það lítur nákvæmlega út eins og móðir Theresa auk þess sem við rákumst á tólf ára gamlan strák sem segir ekki neitt heldur situr bara og íhugar tilveru sína,“ segir Ólafur. Myndin á Indlandi fjallar hins vegar um bílvirkja í Mumbai en strákarnir þar læra sumir hverjir bílvirkju frá sex ára aldri. Ólafur er auk þess að leggja lokahönd á heimildarmyndina Queen Racheala og þá verður nýjasta afurð hans, Act Normal, frumsýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík.

- fgg

## Stjörnum prýtt matartímarit

Nýtt matarblað lítur dagsins ljós í nóvember undir nafninu Bistró. Ritstjórn blaðsins er að mestu skipuð gömlum starfsmönnum Gestgjafans með þær Nönnu Rögnvaldardóttur og Friðriku Hjördísi Geirsdóttur í broddi fylkingar en með þeim verða ljósmyndarinn Gísli Egill Hrafnsson, vinsérfræðingurinn Þorri Hringsson og Sólveig Jónsdóttir, sem öll hafa unnið saman á einn eða annan hátt undanfarin ár.

„Þetta er stjörnum prýtt lið,“ segir Friðriku en þegar Fréttablaðið náði tali af þeim stöllum höfðu þær nýverið lokið við fund með starfsmönnum blaðsins og ljóst að mikil spennan og eftirvænting var í loftinu hjá þeim. „Þarna fer saman alveg gríðarleg reynsla og fjölbreytileiki þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi,“ bætir Nanna við.

Bistro verður að upplagi matar- og lífsstíllímarit með aðgengilegum uppskriftum fyrir sem flesta.

„Við ætlum að fylgjast með því sem er í gangi kringum okkur,“ segir Friðriku. „Og tengja okkur við það besta sem gengur og gerist út í hinum stóra heimi,“ bætir Nanna við.

Hvorki Nanna né Friðriku voru hræddar við samkeppnina sem fyrir er á markaðinum. „Við erum í raun ekkert að hugsa um það,“ segir Nanna. „Við erum að byggja upp nýtt og ferskt blað og ætlum ekki að horfa um öxl,“ bætir hún við og segir það hafa verið kærkomið að skipta um umhverfi enda gefist henni nú tækifæri til þróa þær nýju hugmyndir sem hún hafi í kollinum. „Ég get lofað því að það verður mikil matgleði og ást í blaðinu,“ segir Nanna.

- fgg

## RITSTJÓRARNIR

Nýja blaðið ber heitið Bistro og kemur fyrsta eintakið út í nóvember.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og greint var frá í Fréttablaði fimmtudagsins réðst ungur maður inn í hljóðver útvarpsstöðvarinnar X-ins 977 með hnif og hótaði öllu illu ef hann myndi ekki rapparann Dóra DNA vegna meints gríns sem rapparinn hefði gert að sér. Málið vakti upp mikla umræðu um öryggi starfsmanna stöðvarinnar sem láta ýmislegt flakka í beinni og hefur verið ráðin bót á því máli. Af hnifamanninum er það hins vegar að segja að hann sé að sér og fannst ekki annað hægt en að biðjast afsökunar á framferði sínu. Hann hringdi því í starfsmann stöðvarinnar, Þorkel Mána Pétursson, og bað hann um að koma afsökunarbeiðinni á framfæri við hlutaðeigandi sem og Þorkel gerði. - fgg



Ölstofa Kormáks og Skjaldar er stundum kölluð hverfisbar fjölmíðlastéttarinnar og bar það viðurnefni með rentu á föstudagskvöld. Dagsins önn var venju fremur strembin hjá starfsfólki NFS fyrir helgi, en eins og kunnugt er var ákveðið að draga saman seglin á stöðinni með tilheyrandi niður-

skurði. Sjónvarpsfólkið lét þó ekki deigan síga heldur kom saman í eins og eina hestaskál á Ölstofunni. Meðal þeirra sem þangað mættu voru Kristinn Hrafnsson, Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Lára Ómarsdóttir, Sindri Sindrason, Herdís Sigurgrímsdóttir og Svavar Halldórsson. Þegar liða tók á kvöldið mætti svo sjálfur Róbert Marshall, skipstjórinn sem hvarf úr brúnni fyrir um morguninn, og fór vel á með honum og fyrrum samstarfsfólki. - bs



# RÝMINGARSALA!!!

Laugardag 11-16 og sunnud. 13-16.  
Aðeins þessa helgi. Fyrstir koma, fyrstir fá!



ALLT AÐ  
**600%**  
AFSLÁTTUR



gæðahúsgögn

Álftanes-  
vegur

Reykjavík

Keflavík-  
vegur

Fjarðarkaup



gæðahúsgögn

Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234



## BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

### Góðar fréttir og vondar

Því miður eru ekki allar fréttir góðar. Innan um allar góðu, jákvæðu og skemmtilegu fréttirnar úr frjálshyggju-, neyslu- og afþreyingarþjófúfélagi okkar slæðast alltaf með vondar og leiðinlegar fréttir eins og feilnótur í hamingjusinfónfunni.

**SAMA** er að segja um þá þjóðmálaumræðu sem fram fer í landinu okkar. Mestan part er hún lofsöngur um frelsi, frjálsa einstaklinga, frjálsa samkeppni og frjálsa markaði, en í hinum volduga samsöng má þó greina hjáróma raddir sem þverskallast við að syngja frelsinu lof og þris. Til dæmis má nefna þá óvini frelsisins sem nú um stundir eru að væla og vilja takmarka frelsi ungra og fallegra stúlkna til að gerast vændiskonur og súluambáttir jafnvel þótt hugur þeirra hafi staðið til þessara þjóðþrifa starfa frá blautu barnsbeini.

**MEÐAN** flestir bera höfuðið hátt og horfa upp í heiðríkjuna er samt til fólk sem kys fremur að horfa niður í leðjuna sem vér stöndum í. Sú staðreynd að yfirdráttarlán í bönkum námu alls 191 milljarði króna í lok ágúst og hafa vaxið um 40 milljarða á síðastliðnum 12 mánuðum er að sjálfsögðu öllum góðum mönnum mikið gleðiefni og dásamleg sönnun um þróttmikið efnahagslíf og frábæran bankarekstur. Úrtöluhyskið sem öfundast út í auðsæld og dugnað kys hins vegar að snúa út úr fréttinni og halda því fram að hvert heimili á landinu sé komið í skuldaþrældóm með milljón á yfirdrætti og þurfi að borga yfir 20% vexti til þrælapiðskara.

**Í STAÐ** þess að öfunda náungann af þeirri velgengni sem frelsinu fylgir á fólk að samgledjast og leita að hinu góða og jákvæða. Hvað er til dæmis sanngjarnara en að fólk borgi 23% vexti af lánum sem það hefur tekið af fúsum og frjálsum vilja til að borga af öðrum lánum og kaupa sér góðan mat á góðu verði og skemmta sér fyrir afganginn? Og hvað er dásamlegra en að eiga örlitinn þátt í því að Ísland er komið á kortið alþjóðlega sem fjöðurland kynþokkafyllsta milljarðamærings í veröldinni? Það eru þó alla vega góðar fréttir!

## Saab 93 turbo



### Nú geturðu fengið þér þotu á viðráðanlegu verði

Saab á að baki áralanga sögu sem herpotuframleiðandi auk þess að framleiða hina virtu Saab bíla. Saab 9-3 hefur hlotið fjölmörg verðlaun fyrir öryggi og aksturseginnleika. Stórkostleg hönnun, öflug vél, frábærir hemlar og ríkulegur staðalbúnaður gera Saab 9-3 að byltingu í klassíska geiranum.

Nú bjóðum við þér þotuna í Saab bílaflotanum, 9-3 Turbo, á frábæru verði. Komdu og reynsluaktu!



3.090.000 kr.

Saab 9-3 Combi Turbo, sjálfskiptur



2.990.000 kr.

Saab 9-3 Sedan Turbo, sjálfskiptur



**Ingvar Helgason**

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.i.h.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Selfossi 482 3100

Njarðvík 421 8808

Akranesi 431 1376

Höfn í Hornafirði 478 1990

Reyðarfirði 474 1453

Akureyri 461 2960

**ÞVOTTIÞRAGAR**

Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á **TILBOÐSVERÐI!**

**AEG**

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**EFTIRSÓTTASTA  
PAR LANDSINS**

**AEG**

www.ormsson.is

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800  
SMÁRALIND · Sími 530 2900  
AKUREYRI · Sími 461 5000  
KEFLAVÍK · Sími 421 1535

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT